

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

Ársskýrsla

2018 til 2019

tekin saman af sviðsstjórum

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir
Kristín Runólfsdóttir

Efnisyfirlit

1	Starfið veturinn 2018-2019.....	5
1.1	Inngangur.....	5
1.2	Tölulegar upplýsingar.....	8
1.3	Fundir, námskeið og fyrirlestrar.....	15
1.4	Erlend samstarfsverkefni.....	16
1.5	Stiklur úr skólastarfinu.....	17
2	Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra.....	23
2.1	Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni.....	23
2.1.1	Danska.....	23
2.1.2	Enska.....	24
2.1.3	Íslenska.....	27
2.1.4	Ergó.....	33
2.1.5	Bragi.....	35
2.1.6	Samfélagsgreinar.....	38
2.1.7	Tungumál: franska, spænska, þýska.....	42
2.2	Svið: Listir, íþróttir, starfsmenntir, stærðfræði og raungreinar.....	45
2.2.1	Listgreinar, hústjórnargreinar og íþróttir.....	45
2.2.2	Hestagreinar.....	54
2.2.3	Raungreinar.....	55
2.2.4	Sjúkraliðagreinar.....	57
2.2.5	Stærðfræði.....	58
2.2.6	Verknám.....	61
2.3	Svið: Sérnámsbraut - starfsbraut.....	66
3	Aðrar skýrslur.....	72
3.1	Bókasafn.....	72
3.2	Skýrsla félagslífs- og forvarnafulltrúa.....	79
3.3	Flóafár 2019.....	83
3.4	Kátir dagar.....	85
3.5	Jafnréttisfulltrúi.....	89
3.6	Skólastarf í fangelsum.....	90
3.7	Náms- og starfsráðgjöf.....	99
3.8	Grunnmenntabré.....	106

3.9	Kerfisstjóri og tölvuþjónusta	110
3.10	Prófstjórn	112
3.11	Fjarnám grunnskólanema	116
3.12	Sjálfsmat.....	117

Skólameistari

Sigursveinn M. Sigurðsson

Aðstoðarskólameistari

Þórarinn Ingólfsson

Áfangastjóri

Björgvin E. Björgvinsson

Sviðsstjórar

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir
Kristín Runólfsdóttir

Jóhanna Guðjónsdóttir

Tungumál, samfélagsgreinar og Ergo
Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir
og íþróttir
Starfsbraut

Kennslustjórar

Ásdís Björg Ingvarsdóttir
Lárus Á. Bragason
Gylfi Þorkelsson
Bryndís Guðjónsdóttir
Guðfinna Gunnarsdóttir
Ólafur Bjarnason
Ronald B. Guðnason
Svanur Ingvarsson
Brynja Ingadóttir

List-, matvælagreinar og íþróttir
Samfélagsgreinar
Litla-Hraun, Sogn
Íslenska
Enska
Stærðfræði
Raungreinar
Verknám
Erlend mál, önnur en enska

Verkefnisstjórar/fagstjórar

Borgþór Helgason
Guðbjörg Grímsdóttir
Íris Þórðardóttir
Ída Løn
Ragnheiður Eiríksdóttir
Ragnheiður Eiríksdóttir
Sissel Tveten
Sverrir Geir Ingibjartsson

Málmiðngreinar
Bragi
Sjúkraliðagreinar
Danska
Ergo
Skólinn í okkar höndum
Hestamennska
Íþróttir

Náms- og starfsráðgjafar

Agnes Ósk Snorradóttir
Birna Aðalheiður Árdal Birgisdóttir
Bjarney Sif Ægisdóttir

Sjálfsmatshópur

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir
Kristín Runólfsdóttir
Þórarinn Ingólfsson (formaður)

Jafnréttisfulltrúi

Þórey Hilmarsdóttir

Félagslífs- og forvarnarfulltrúar

Ingunn Helgadóttir
Tómas Davíð Ibsen

Fréttastjóri heimasíðu

Guðfinna Gunnarsdóttir

1 Starfið veturinn 2018-2019

1.1 Inngangur

Skólaárið 2018 til 2019 var þrítugasta og sjöunda starfsár skólans. Ársskýrsla þessi er gefin út til að varpa ljósi á skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og uppákomur á skólaárinu. Gerð er grein fyrir námskeiðum sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans og sagt frá heimsóknum, fræðsluerindum og málþingum sem starfsmenn hafa setið. Hér má finna upplýsingar um hverjir gegndu hvaða hlutverkum og hvernig gekk. Sjá má skýrslur frá hverri deild fyrir sig þar sem fag- og kennustjórar fjalla um nýjungar, hvað tókst vel og má betur fara. Tölulegar upplýsingar um hvernig nemendur skiptast á brautir og hvernig þeim gengur að mæta í skólann og standast námskörfur eru reifaðar í þessari skýrslu.

Nýtt námskerfi Innu var tekið í gagnið af fullum þunga í haust og tók það alfarið við af Moodle námskerfinu sem áður var í almennri notkun kennara. Þann 25. maí síðastliðinn lauk þrítugasta og sjöunda starfsári Fjölbrautaskóla Suðurlands. Hér er að finna tölulegar upplýsingar um skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og uppákomur á skólaárinu. Gerð er grein fyrir námskeiðum sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans og sagt frá heimsóknum, fræðsluerindum og málþingum sem starfsmenn hafa setið. Í skýrslunni koma fram upplýsingar frá kennurum, fagstjórum og kennslustjórum um áfanga sem kenndir voru á skólaárinu, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira. Þar er einnig lagt mat á nýjungar, settar fram tillögur um frekari umbætur, bent á hvað vel er gert og hvað betur má fara.

Skýrslur bókasafns, félagsmála- og forvarnafulltrúa, náms- og starfsráðgjafa, fangelsa á Íslandi, sjálfsmats, verkefnisins *Skólinn í okkar höndum*, skýrsla prófstjóra, skýrsla um fjarnám grunnskólanema og tölvuþjónustunnar eru birtar hér. Þessar skýrslur eru einnig aðgengilegar á vef skólans.

Skólaárið hófst með fundi starfsmanna fimmtudaginn 16. ágúst og starfsdögum kennara 16. og 17. ágúst. Mánudaginn 20. ágúst, kl. 8.30, mættu nýnemar í skólann og fengu kynningu á skólanum, aðstöðunni, tölvukerfunum, nemendafélaginu, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem tengist því að byrja í framhaldsskóla. Kl. 9 var opnað á stundatöflur nemenda í Innu og þurftu þau að óska eftir töflubreytingum rafrænt.

Þriðjudaginn 21. ágúst hófst kennsla kl. 8.15 samkvæmt stundaskrá. Haustfrí var gefið dagana 18. og 19. október. Síðasti kennsludagur haustannar var 7. desember. Fyrsti prófdagur annarinnar var mánudaginn 10. desember og sá síðasti föstudagurinn 17. desember. Prófsýning var miðvikudaginn 19. sama mánaðar.

Í upphafi haustannar voru um 800 nemendur skráðir til náms við skólann, þar af 201 nýnemi. Brautskráning fór fram föstudaginn 21. desember.

Alls brautskráðust 48 nemendur frá skólanum af ýmsum brautum.
3 nemendur af sérnámsbraut (starfsbraut)
1 nemandi lauk námi af listnámsbraut
5 nemendur luku námi af grunnbraut bygginga- og mannvirkjagreina
1 nemandi lauk námi í vélvirkjun
Af stúdentsbrautum luku nemendur námi af eftirfarandi línunum:
20 nemendur luku námi af opinni stúdentsbraut
2 nemendur luku námi af alþjóðalínu
1 nemandi lauk námi af félagsfræðilínu
1 nemandi lauk námi af náttúrufræðilínu
2 nemendur luku námi af hestalínu
1 nemandi lauk námi af viðskipta og hagfræðilínu
7 nemendur luku námi af listalínu
5 nemendur luku námi af stúdentsbraut að loknu starfsnámi

Almar Óli Atlason var dúx skólans á haustönn 2018 og hlaut hann ásamt Heiðrúnu Önnu Hlynsdóttur viðurkenningu frá Hollvarðasamtökum FSu.

Heiðrún Anna Hlynsdóttir hlaut viðurkenningar fyrir góðan árangur í dönsku, spænsku, íslensku, stærðfræði og eðlis-og efnafræði. Karolina Konieczna hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur stærðfræði. Magdalena Eldey Þórsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í heimspeki. Sigríður Esther Birgisdóttir hlaut viðurkenning fyrir góðan árangur í sögu. Cornelia Petronella Maria Vijn hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í myndlist. Hanna Kristín Ólafsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í handverki og hönnun.

Á vorönn hófst kennsla mánudaginn 7. janúar kl. 8.30 samkvæmt stundaskrá en nemendur gátu nálgast stundaskrár sínar í Innu frá föstudeginum 4. janúar og var boðið uppá rafrænar töflubreytingar frá kl. 10 til 13 þann daginn.

Kátir dagar voru 20. – 21. febrúar og *Flóafár* föstudaginn 22. febrúar. Opið hús var þriðjudaginn 5. mars frá kl. 16.30 til kl. 18.30. Dimission var föstudaginn 10. maí og var föstudagurinn 10. maí síðasti kennsludagur annarinnar. Fyrsti prófdagur vorannar var mánudagurinn 13. maí og sá síðasti mánudagurinn 20. maí. Prófsýning fór fram miðvikudaginn 22. maí milli klukkan 12:30 og 14:00. Starfsmannafundur var haldinn sama dag.

Í upphafi vorannar var 731 nemandi skráður til náms. 105 nemendur brautskráðust frá skólanum laugardaginn 25. maí. Þeir voru af ýmsum brautum, þar af 80 af stúdentsbrautum. Þrír nemendur luku prófum af tveimur brautum.

28 nemendur luku prófi af starfs- og verknámsbrautum:

- 1 nemandi lauk námi af listnámsbraut
- 2 nemendur luku grunnnámi bíliðna
- 5 nemendur ljúka námi af grunnbraut rafiðna
- 5 nemendur ljúka námi í rafvirkjun
- 4 nemendur ljúka námi á starfsbraut
- 5 nemendur ljúka námi í vélvirkjun
- 6 nemendur ljúka námi af húsasmíðabraut

80 nemendur ljúka stúdentsprófi af eftirfarandi línum:

- 41 nemendur ljúka námi af opinni stúdentsbraut
- 2 nemendur ljúka námi af alþjóðalínu
- 10 nemendur ljúka námi af félagsfræðilínu
- 3 nemendur ljúka námi af listalínu
- 3 nemendur ljúka námi af náttúrufræðilínu
- 5 nemendur ljúka námi af hestalínu
- 5 nemendur ljúka námi af íþróttalínu
- 9 nemendur ljúka námi af viðskipta og hagfræðilínu.
- 2 nemendur ljúka námi stúdentsbraut að loknu starfsnámi

Sigurlín Franziska Arnarsdóttir, Álfheiður Østerby og Svanhildur Guðbrandsdóttir hlutu viðurkenningu frá Hollvarðasamtökum FSu. Álfheiður Østerby hlaut Menntaverðlaun Háskóla Íslands fyrir framúrskarandi árangur á stúdentsprófi og eftirtektarverðan árangur á sviði leiklistar. Álfheiður fékk að auki verðlaun fyrir prýðilegan árangur í íslensku, sögu og stærðfræði. Svanhildur Guðbrandsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í hestatengdum greinum. Katrín Vigfúsdóttir hlaut viðurkenningar fyrir góðan árangur í íslensku og myndlist. Rakel Ósk H. Antonsdóttir hlaut viðurkenningar fyrir góðan árangur í dönsku og spænsku. Julita Irena Figlarska hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í heimspeki og félagsfræði. Sóley Mist Albertsdóttir fékk verðlaun fyrir góðan árangur í spænsku, Sigurlín Franziska Arnarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir mjög góðan árangur í viðskiptagreinum, Dominika Ewa Ostaszewska hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í þýsku, Lilja Ragnarsdóttir hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í þýsku, Þórey Ósk Arnarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í stærðfræði, Freyja Friðriksdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur og dugnað í íþróttum og íþróttufræðum, Dagbjört Skúladóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í hestatengdum greinum og Kristján Örn Benediktsson hlaut verðlaun fyrir góða námsástundun og mannbætandi nærveru. Matthías Bjarnason hlaut viðurkenningu fyrir framlag sitt til félagslífs nemenda skólaárin 2017-2019.

1.2 Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2019 voru sendir út 804 greiðsluseðlar vegna dagskóla. Þann 10. september voru dagskólanemendur 789 og er sá dagur notaður til viðmiðunar fyrir þá nemendur sem hófu nám þennan vetur. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 23.194 nýjar framhaldskólaeiningar en við lok annarinnar stóðust 18.202 einingar. Þannig töpuðust 21,5 % eininga yfir önnina. Þetta hlutfall var 19,1% seinustu haustönn. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 789 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Nýinritaðir í dagskóla á haustönn voru 234.

Í upphafi vorannar voru skráðir nemendur í dagskóla 731. Þar af voru 89 nemendur nýinritaðir á vorönn. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 20.918 framhaldskólaeiningar en við lok annarinnar stóðust 16.308 einingar. Þannig töpuðust 22,0% eininga yfir önnina en það er 0,1 prósentustigi hærra en á vorönn í fyrra, við erum alltaf að kljást við svipað brottfall og hefur þótt erfitt að ná settum markmiðum um lækkun þess.

Í töflu 1 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2018 þann 10. september. Eitthvað var um að nemendur skiptu um brautir á tímabilinu eftir að þessi staða var tekin, tveir nemendur voru skráðir á tvær brautir og eru því tvíteknir í talningunni.


Braut	Heiti brautar	kk	kvk	fjöldi nemenda	hlutfall af heild
GB	Grunnnám bíliðna	13	2	15	1,9%
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	35	0	35	4,4%
GHÁ	Grunnnám hársnyrtiiðnar	0	9	9	1,1%
GR	Grunnnám rafiðna	28	2	30	3,8%
GRB	Grunnmenntabré	20	14	34	4,3%
HE	Hestamennska	2	3	5	0,6%
HÚ8	Húsasmíðabraut	16	0	16	2,0%
ÍþB	Íþróttabraut	7	1	8	1,0%
LNB	Listnámsbraut	10	14	24	3,0%
MG	Málmiðnaðarbraut, grunnnám	24	1	25	3,2%
RA	Rafvirkjun	15	0	15	1,9%
SB	Starfsbraut	31	19	50	6,3%
SJ	Sjúkraliðabraut	1	10	11	1,4%
SJ-brú	Sjúkraliðabré	0	3	3	0,4%
ST-1	Stúdentsbraut - opin lína	122	119	241	30,5%
ST1-A	Stúdentsbraut - Alþjóðalína	4	16	20	2,5%
ST1-F	Stúdentsbraut - Félagsgreinalína	12	36	48	6,1%
ST1-Í	Stúdentsbraut - Íþróttalína	27	25	52	6,6%
ST1-N	Stúdentsbraut - Náttúrufræðilína	20	28	48	6,1%
ST1-VH	Stúdentsbraut - Viðskipta- og hagfræðilína	13	19	32	4,1%
ST2	Stúdentsbraut - Starfsnám	7	1	8	1,0%
ST2-H	Stúdentsbraut - Hestalína	7	19	26	3,3%
ST2-L	Stúdentsbraut - Listalína	7	21	28	3,5%
VV	Vélvirkjun	8	0	8	1,0%
samtals		429	362	791	100,0%

Tafla 1: Dreifing dagskólanemenda á brautir haustið 2018

Aldur	Fjöldi haust 2018
yngri en 16 ára	5
16 ára fæddir 2002	195
17 ára fæddir 2001	10
eldri en 17 ára	24
	234

Tafla 2: Aldursdreifing nýinritaðra


Mynd 1 sýnir búsetu nemenda í Fjölbrotaskóla Suðurlands. Langflestir nemendur koma af Suðurlandi eða yfir 92% nemenda.



Mynd 1: Búsetudreifing nemenda í FSu haustið 2018

Góð skólasókn er lykill að góðum árangri í námi. Hér má sjá skólasóknareinkunnir veturinn 2018-19. Það má greina slakari skólasókn á vorönn en haustönn eins og venjulega. Þær breytingar verða meðal annars á skólasóknarreglum næsta haust að nemendur með opin vottorð fá ekki skólasóknareinkunn, sú breyting gæti haft áhrif á myndina.


Mynd 2 sýnir dreifingu skólasóknareinkunna veturinn 2018-19.



Mynd 2: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2018-19

Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Mynd 2 sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2018 og mynd 3 sýnir fjölda staðinna eininga í haustannarlok.


Fjöldi eininga í töflum dagskólanemenda á haustönn 2018 (e. töflubreytingar)




Mynd 3: fjöldi eininga haust 2018

Á haustönn 2018 var 789 nemendur skráður til náms við dagskóla. Meirihluti (53%) nemenda náði öllum þeim áföngum sem þeir skráðu sig í. Það voru þó 70 einstaklingar sem náðu 0 einingum annað hvort vegna þess að þeir hættu námi á önninni eða náðu ekki lágmarks námsárangri. Þeir nemendur sem ekki standast áfanga við skólann, falla í mismörgum áföngum.

Mynd 4 sýnir í hversu mörgum áföngum þessir nemendur falla. Langflestir þeirra nemenda sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Þar sem fjöldi nemenda er mismikill eftir önnum sýnir mynd 5 fall nemenda sem hlutfall af heildarfjölda nemenda skólans. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum á haustönn er um 16% en það er sama hlutfall og í fyrra.




Mynd 4: fallnir áfangar - fjöldi nemenda




Mynd 5: : Fjöldi falláfanga - hlutfall af heildarfjölda nemenda í dagskóla á viðkomandi önn

Einkunnadreifing gefur vísbendingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 6 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið, F fyrir fallið og H fyrir hætt. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára, en þó hefur tíðni einkunnarinnar 10 lækkað aftur frá í fyrra. Mynd 7 sýnir svo einkunnadreifingu sem hlutfall af einkunnum á viðkomandi önn.



Mynd 6: Einkunadreifing veturinn 2018-19



Mynd 7: Einkunadreifing veturinn 2018-19, sem hlutfall af einkunnum annarinnar

1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Þrjár fundartímar eru fastir í töflu allra kennara (tveir hjá Braga kennurum). Á þriðjudögum var tími kl. 12:50 ætlaður fyrir Bragatíma. Á miðvikudögum kl. 10:25 - 11:20 og á föstudögum kl. 14:45 - 15:50, voru fundir til faglegs samráðs og deildarfunda. Dagskrá miðvikudagsfundanna er skipulögð af stjórnendum (Áttufundir) í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2018 til 2019, sem hér greinir.

Fundaról haust 2018

- 05.08. Innu- vinnustofa
- 12.09. Inna og Turnitin vinnustofa
- 14.09. Sjálfsmatsfundu
- 19.09. Fundur Kennarafélags FSu
- 21.09. Kennarafundur
- 26.09. Fundur sviðsstjóra með kennslu- og fagstjórum
- 03.10. Samráð í fögum
- 10.10. Deildarfundir: áfangar í boði
- 12.10. Kennarafundur
- 16.10. Undirbúningur fyrir Áfangamessu
- 17.10. Áfangamessa
- 24.10. Samráð í fögum
- 31.10. Samráð í fögum
- 07.11. Samráð í fögum
- 09.11. Kennarafundur
- 14.11. Samráð í fögum
- 21.11. Samráð í fögum
- 28.11. Samráð í fögum
- 30.11. Kennarafundur
- 05.12. Samráð í fögum

Fundaról vor 2019

- 11.01. Kennarafundur
- 16.01. Samráð í fögum
- 23.01. Samráð í fögum
- 30.01. Samráð í fögum
- 01.02 Kennarafundur -FF
- 06.02. Samráð í fögum
- 13.02. Samráð í fögum
- 15.02. Sjálfsmatsfundur
- 20.02. Kátir dagar
- 22.02 Flóafár

27.02. Samráð í fögum: Undirbúningur fyrir áfangamessu og opið hús
01.03 Kennarafundur
06.03. Áfangamessa
13.03. Valdagur
20.03. Regnbogadagur
22.03. Fundur sviðsstjóra með kennslu-og fagsstjórum
27.03. Samráð í fögum
03.04. Samráð í fögum
05.04. Skólafundur
10.04. Starfamessa
17.04. Páskafrí
24.04. Samráð í fögum
01.05 Verkalýðsdagurinn
03.05 Kennarafundur
08.05. Samráð í fögum
10.05. Dimmisjón

1.4 Erlend samstarfsverkefni

Fjölbrautaskóli Suðurlands (FSu) hefur verið virkur þátttakandi í Erasmus+ verkefnum undanfarin ár. Í verkefnunum gefst starfsfólki og nemendum einstakt tækifæri á samstarfi/nýsköpun í tengslum við Refugees flóttamannaverkefni hefur staðið yfir í 3 ár því er að ljúka. *DESS -democratic schools for success* lauk á skólaárinu, en það var í samstarfi við skóla á Spáni, Portúgal, Búlgaríu og Rúmeníu. Guðmundur Björgvin Gylfason og Ragnheiður Eiríksdóttir höfðu umsjón með verkefninu.

Erasmusverkefni sem FSu er þátttakandi í árin 2019 -2021:

- a) Inclusion, sport, culture (umsjón Eyrún Björg Magnúsdóttir)
- b) Character matters – values and virtues (umsjón Guðmundur Björgvin og Ragnheiður Eiríksdóttir)
- c) Edu – paths (umsjón Ronald Guðnason)

Skólinn tekur einnig þátt í Nordplusverkefni í samstarfi við skólann Höga Kusten í Örnkjöldsvík í Svíþjóð. Ronald Guðnason hefur umsjón með því.

Í skólaheimsókn til Danmerkur var lagður grunnur að Nordplus samstarfsverkefni við Tietgen skólann í tengslum við viðskiptafræði-fjarkennslu á milli landa.

1.5 Stiklur úr skólstarfinu

Víðförul verk

Nemendur úr áfanganum Straumar og stefnur (MYND3SS05) lánuðu verk sín sem framlag FSu til listahátíðar í Rúmeníu sem fór fram dagana 2.- 7. sept. s.l. Verkin unnu nemendur út frá svo kallaðri allegoría og pragmatísku kenningunni í tengslum við Erasmusverkefnið „Art in DESS“ (Democratic European School of Success). Unnið var með hugtökin: Lýðræði – samskipti – tungumál – virðing – seigla og núvitund. Í þessu verkefni tóku þátt auk Íslands, Spánn, Portúgal, Þýskaland og Búlgaría og Rúmenía.

FSu og Erasmus+

September voru samningar um samstarfsverkefni skóla undirritaðir hjá Rannís. Af þeim 34 verkefnum sem styrkt voru árið 2018, eru þrjú þeirra í FSu.

Fjölbrautaskóli Suðurlands (FSu) hefur verið virkur þátttakandi í Erasmus+ og verkefni þrjú sem FSu er þátttakandi í árin 2019 -2021 eru: Inclusion, sport, culture (umsjón: Eyrún Björg Magnúsdóttir), Character matters – values and virtues (umsjón: Guðmundur Björgvin Gylfason) og Edu – paths (umsjón: Ronald Guðnason).

Góð skógjöf

Vélaverkstæði Þóris gaf skólanum nýverið 14 pör af öryggisskóm fyrir nemendur í grunndeild bíliðna,- málmíðna og vélvirkja. Skórnir nýtast við suðukennslu og auka á öryggi nemenda þegar unnið er í verklegum tímum. Nú á haustmánuðum fara nemendur í vélvirkjun einnig á Vélaverkstæði Þóris í starfskynningu og tengist það áfanga í vökvatækni. Fá þeir kynningu í að búa til glussaslöngur og fræðast um hinar ýmsu útfærslur á þeim. Er það kærkominn viðbót við námið enda eru vökvakerfi eitt af viðfangsefnum vélvirkja. Vélaverkstæði Þóris er eitt öflugasta vélaverkstæði landsins og bíður upp á þjónustu við meðal annars vinnuvélar og vörubíla.

Þýskur kennaranemi í heimsókn

Þriðjudaginn 11. september fengu nemendur í þýsku tækifæri til nota tungumálið þegar þeir fengu í heimsókn kennaranemann Lauru Eikenbusch frá Münster í Þýskalandi. Hún spjallaði við nemendur sem hlustuðu af athygli og nutu þess að fá að spreyta sig í tungumálinu.

Berlín heimsótt

Sjö nemendur í efstu þýskuáföngunum í FSu dvöldu ásamt kennara sínum, Brynju Ingadóttur, í Berlín dagana 28. september til 1. október sl. Skoðaðir voru helstu ferðamanna- og sögustaðir borgarinnar, t.d. safn til minningar um helför gyðinga, Brandenborgarhliðið, ríkisþingið, Sjónvarpsturninn og leifar Berlínarmúrsins. Ferðast var um borgina með öllum þeim fjölbreytta ferðamáta sem borgin hefur upp á að bjóða og voru nemendur fljótir að tileinka sér þá. Nemendur töluðu þýsku í verslunum og veitingastöðum, tóku þjónar og afgreiðslufólk því vel og sýndu nemendum áhuga. Hápunktur ferðarinnar var fjögurra tíma hjólaferð um borgina. Berlínarferðin tókst mjög vel.

Spjaldtölvugjöf

Mánudaginn 15. október komu fulltrúar frá Rafiðnaðarsambandinu og Samtökum rafverktaka færandi hendi. Þessi samtök gáfu þeim 22 nemendum sem eru í grunnnámi rafiðna og rafvirkjun nýjar glæsilegar spjaldtölvur svo að nemendur geti nýtt Rafbókina, aðalnámsefnið í rafiðnum í námi sínu. Mikil ánægja var meðal nemenda og kennara brautarinnar með þessa glæsilegu gjöf.

Fab Lab smiðja vígð

Miðvikudaginn 28. nóvember sl. var Fab Lab smiðjan vígð með formlegum hætti. Ráðherra samgöngu- og sveitastjórnarmála, Sigurður Ingi Jóhannsson, flutti ávarp og vígði smiðjuna með táknrænum hætti með því að gangsetja 100vatta leiser skera, sem er eitt af mörgum spennandi tækjum sem smiðjan hefur upp á að bjóða en tækin eru flest gjöf frá sunnlenskum fyrirtækjum og félögum í Atorku. Einnig fluttu ávörp Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands, Eva Björk Harðardóttir formaður stjórnar SASS, Eyþór H. Ólafsson formaður Héraðsnefndar Árnesinga, Sigurður Þór Sigurðsson fyrir hönd Atorku- félags atvinnurekanda á Suðurlandi og Matthías Bjarnason formaður Nemendafélags FSu. Þá sögðu þeir Magnús Stephensen Magnússon, smiðjustjóri, og Frosti Gíslason, verkefnisstjóri Fab Lab í Vestmannaeyjum, frá hugmyndafræði Fab Lab, þeim tækjunum sem eru í smiðjunni og þeim möguleikum sem hún býður upp á.

Skemmtilegt samstarf

Nemendur í leiklist og nemendur í íslensku í skapandi skrifum unnu saman á haustönn. Hefð er komin á þetta samstarf en þá skrifa nemendur í skapandi skrifum stutt leikverk sem nemendur í leiklist fá í hendur, útfæra, æfa og setja á svið. Afurðin varð svo lítil leiklistarhátið sem haldin var í hinum ýmsu rýmum skólans s.s. í gryfju í miðryminu, í kjallara skólans, á bókasafni, fyrir framan einstakar stofur og að sjálfsgöðu á sal skólans Gaulverjabæ. Frumsýnd voru sjö ný íslensk verk og voru viðfangsefni fjölbreytt t.d. ástir og örlög í frystihúsi, samtal um fisk í skóbúð, togstreita við að fara að heiman, að koma út úr skápnum og gömul hjón að karpa eftir ævilangt hjónaband. Þeir kennarar sem stóðu að þessari samvinnu eru Guðfinna Gunnarsdóttir og Jón Özur Snorrason.

Rithöfundur í heimsókn

Arnar Már Arngrímsson rithöfundur heimsótti FSu þriðjudaginn 6. nóvember. Hann spjallaði við þrjá námshópa í íslenskuáfanganum Mál og ritun sem höfðu nýlokið við að lesa Sölvasögu unglings, en fyrir þá sögu hlaut Arnar sem kunnugt er bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Nemendur í Skapandi skrifum fengu einnig að hlýða á höfundinn og fræðast um leyndardóma sköpunarinnar. Arnar Már upplýsti meðal annars í trúnaði að í aðalpersónunni Sölva væru ýmsir þræðir sem finna mætti í honum sjálfum. Svo er framhald sögunnar að koma út á nú fyrir jólin, Sölvasaga Daníelssonar.

Vistheimt við Þjófafossa

Þann 5. október síðastliðinn fóru 18 nemendur ásamt einum kennara upp undir Búrfell og hófu vinnu við vistheimtarverkefni í samstarfi við Landvernd og Heklusköga. Vistheimt gengur út á að endurheimta vistkerfi á örfoka landi. FSu hefur fengið úthlutað svæði til uppgræðslu í Merkurhrauni nærri Þjófafossu við Búrfell í Landsveit. Plantað var um 5600 birkiplöntum og gerðar gróður mælingar. Það verður áhugavert að taka þátt í uppgræðslu á svæðinu á næstu árum og skrásetja árangurinn. Kennari er Ólafur Einarsson.

Erasmus verkefni undirbúið

Dagana 14.-16. október hittust í fyrsta sinn kennarar frá löndunum fjórum sem taka munu þátt í Erasmus samstarfsverkefni, en þáttur FSu snýr að vistvænni ferðamennsku. Þátttökuskólar eru frá Spáni, Slóvakía og Frakkland. Skólinn í Slóvakíu mun stjórna verkefninu. Á þessum dögum fékk hópurinn tækifæri til að kynnst, fara yfir tæknileg atriði og gera áætlanir. Næsti fundur verður í lok janúar, en þá verður farið í fyrstu ferðina með nemendum til Slóvakíu.

Þórey Hekla sigraði söngkeppni FSu 2018

Þórey Hekla Ægisdóttir var sigurvegari söngkeppni FSu 2018 sem fór fram 8. nóvember. Hún söng lagið It's a man's world. Í öðru sæti var Gígja Marín Þorsteinsdóttir með lagið Turning tables og í þriðja sæti varð Kolbrún Katla Jónsdóttir með lagið I have nothing. Sérstök verðlaun voru veitt fyrir sviðsframkomu og flott atriði, en það var Hermann Snorri Hoffritz sem hreppti þau með flutningi á frumsömdu lagi. Alls tóku tíu atriði þátt í keppninni þetta er stærsti viðburðurinn á vegum nemendafélagsins á hverri haustönn. Þema kvöldsins var "Taktu flugið" og var íþróttahúsið skreytt hátt og lágt í samræmi við það.

Gettu betur

Lið FSu er skipað þeim Sólmundi Magnúsi Sigurðarsyni, Svavari Daðasyni og Guðnýju Von Jóhannesdóttur. Þjálfarar liðsins eru Stefán Hannesson og Jakob Heimir Burgel, og þeim til aðstoðar eru Hrafnhildur Hallgrímsdóttir og Hannes Stefánsson. Fyrsta viðureign fór fram 7. janúar og sigraði FSu Menntaskólann á Egilsstöðum í fyrstu umferð, en lokatölur voru 19 stig gegn 16. Í annarri umferð keppinnar sigraði lið okkar Menntaskólanum á Ísafirði og voru lokatölur 25 stig gegn 17. Þriðju umferð, og þeim sem eftir koma, er sjónvarpað og var fyrsta viðureign okkar í sjónvarpi við Fjölbautaskólann í Garðabæ þann 15. febrúar og sigraði okkar lið með yfirburðum, 37 stig gegn 22. Seinni viðureign FSu liðsins var á móti Kvennaskólanum sem sigraði með yfirburðum. Þess má geta að Kvennaskólinn varð sigurvegari í Gettu betur 2019.

Árshátíð NFSu

Árshátíð nemenda var haldin 7. febrúar í Hvíta Húsinu á Selfossi. Hátíðin hófst kl. 19.30 með glæsilegri þriggja rétta máltíð og dansi frá kl. 22:00 til kl. 02:00. Um veislustjórn sjá stjörnu- og snapparaparið Góí sportrönd og Tinna BK.

Kátir dagar og Flóafár

Kátir dagar hófust formlega kl.10:15, miðvikudaginn 20. febrúar og lauk með Flóafári föstudaginn 22. mars. Á Kátum dögum er hefðbundið skólastarf brotið upp og nemendum gefst tækifæri til að taka þátt í og kynna sér allskyns fróðleg og spennandi verkefni, þrautir og fyrirlestra. Liðið NFL sigraði hið árvissa Flóafár sem fór fram á föstudag. Í Flóafári keppa lið undir stjórn nemenda í þrautum sem starfsmenn skólans útbúa. Keppt var um stig fyrir þrautarlausnir og að klára á góðum tíma. Skólinn er allur undirlagður, hver krókur og kimi er notaður og mikill metnaður hjá liðum að vera með flottan heildarsvip, útbúa sitt svæði, halda góðum liðsanda, semja skemmtiatriði og skipuleggja sig vel. Fjögur lið tóku þátt að þessu sinni, hvert með sinn sérstaka stíl, NFL, Kaffibaunirnar, Astroworld og Rave.

Vetrarleikar FSu 2019

Vetrarleikar FSu voru haldnir á Kátum dögum á félagssvæði Hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi. Þrátt fyrir smá rigningu og erfitt færi vegna ísingar á vellinum tókst framkvæmdin vel. Nemendur á fyrsta ári á hestabraut sáu um undirbúningur og framkvæmd mótsins sem gekk vel. Mótið var létt og skemmtileg og mikið af flottum verðlaunum. Þátttökurétt áttu allir nemendur sem stunda nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands. 21 keppandi var skráður til leiks og komust 9 efstu knaparnir áfram og kepptu til úrslita. Átta knapar kepptu í mjólkurtölti, en þar fá keppendur fullt glas af mjólk og er markmiðið að stjórna hestinum með annarri hendi og halda á glasinu með hinni og þannig komast hringinn með sem mest magn af mjólk enn í glasinu.

Opið hús

Þann 5. mars var opið hús kl. 17-19 þar sem húsnæði skólans var til sýnis og kynnt var starfsemi og námsframboð skólans. Nokkur fjöldi grunnskólanema og foreldrar þeirra komu og kynntu sér aðstöðuna og það sem er í boði hér.

Grænfána flaggað við FSu

FSu fékk nýlega afhentan Grænfánann. Grænfánaverkefnið er alþjóðlegt verkefni sem miðar að því að efla umhverfisvitund nemenda, kennara og starfsmanna skóla. Landvernd hefur umsjón með verkefninu á Íslandi. Umhverfisnefnd FSu hóf starf sitt í kringum árið 2016 og hefur síðan þá lagt aðaláherslu á markmið grænfánaverkefnisins. Viðfangsefnin sem nefndin valdi og voru leiðarvísar okkar í gegnum verkefnið voru neysla og úrgangur, hnattrænt jafnrétti og vistheimt. Þetta voru langtímaverkefni sem unnið var markvisst að til þess að uppfylla skilyrði fyrir afhendingu grænfánans.

Heimsókn frá Eistlandi

17 manna hópur skólafólks frá Eistlandi heimsótti FSu miðvikudaginn 6. mars. Þetta voru skólastjórnendur og starfsfólk eistneska menntamálaráðuneytisins sem eru hér á landi til að kynna sér íslenska skólakerfið. Hópurinn fékk kynningu á skólanum og námsframboði hans auk þess sem gengið var um húsnæði skólans og voru gestirnir sérstaklega áhugasamir um tengsl bóknáms og verknáms og sveigjanleikann sem íslenska áfangakerfið býður upp á.

Íslandsmót iðn- og verkgreina

Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning undir heitinu Mín framtíð var haldin í Laugardalshöll 14.-16. mars. Þar kynna fræðsluáðilar fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi og fram fer keppni á Íslandsmóti iðn- og verkgreina. FSu átti fulltrúa meðal keppenda en eftirfarandi nemendur skólans tóku þátt:

Rafvirkjun: Brynjar Jón Brynjarsson og Dagbjört Rut Kjara Friðfinnsdóttir.

Trésmíði: Hallgrímur Þorgilsson.

Hönnun vökvakerfa: Róbert Máni Pétursson og Sveinn Bergsson.

Málmsuða: Anton Gunnlaugur Óskarsson og Bartlomiej Lacek.

Nemendur æfðu sig fyrir keppnina með kennurum sínum og er þátttaka í keppni sem þessari sé mikil og góð reynsla fyrir nemendur. Tveir nemendur frá FSu fengu verðlaun í sínum greinum. Sveinn Bergson lenti í 3. sæti í keppni í hönnun vökvakerfa, en þar þurfti að teikna upp þrjú vökvakerfi í Fluid Sim og láta þau virka. Bartlomiej Lacek lenti í 3. sæti í keppni í málmsuðu, en verkefnið snerist um að soðið var með MIG og pinna í plötu og einnig soðið rör í 45° í TIG aðferðinni.

Landinn í heimsókn

Frétta- og þjóðlífsþátturinn Landinn heimsótti skólann nýverið og kynnti sér starf íþróttakademía FSu, tók viðtöl við aðstoðarskólameistara, þjálfara og nemendur. Umfjöllun í FSu birtist í þættinum sunnudaginn 17. mars undir fyrirsögninni: Landsliðsfolk verður til á Selfossi:

<http://www.ruv.is/frett/landslidsfolk-verdur-til-a-selfossi>

Regnbogadagar 2019

Árlega er efnt til svokallaðra Regnbogadaga þar sem við fögnum fjölbreytileikanum með ýmisskonar uppákomum á degi hverjum. Regnbogadagar voru frá 21. – 26. mars og var dagskrá að venju fjölbreytt m.a. fyrirlestrar um umhverfismál, kynning frá formanni Félags framhaldsskólanema, Þórir Geir söngvari, Sjúk ást, Rytmahljómsveitin No Sleep og fleira.

Lið FSu á framhaldsskólamótinu í hestaíþróttum

Lið FSu sigraði liðakeppni á framhaldsskólamótinu í hestaíþróttum sem fór fram 23. mars í Samskipahöllinni í Kópavogi. Þar voru átta keppendur frá FSu sem stóðu sig frábærlega. Fyrirkomulag mótsins var með því sniði að keppt var í 4 greinum, töltili, fjórgangi, fimmgangi og slaktaumatöltili.

Raddir sunnlenskra ungmenna

Nemendur í leiklist í FSu og Unglingakór Selfosskirkju héldu sameiginlega tónleika í Selfosskirkju sunnudaginn 7. apríl. Yfirskrift tónleikanna var "Raddir ungmenna". Stjórnendur voru Eyrún Jónasdóttir og Guðfinna Gunnarsdóttir. Undirbúningur hófst í janúar en unnið var með hugmyndir og skoðanir ungmenna um lífið og tilveruna og hvernig þau sjá heiminn og endurspegluðu tónleikarnir þá vinnu.

Leiklistarnemendur frumsýna

Nemendur í leiklist í FSu frumsýndu verkið Iris miðvikudaginn 10. apríl í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi. Verkið er eftir Brynhildi Guðjónsdóttur og Ólaf Egil Egilsson. Guðfinna Gunnarsdóttir leikstýrði hópnum.

Starfamessa 2019

Starfameissan á Selfossi var haldin 10. apríl í verknámshúsi FSu, Hamri. Starfamessa er áhersluverkefni á vegum Sóknaráætlunar Suðurlands í samstarfið við Atorku- félags atvinnurekenda á Suðurlandi og Fjölbrotaskóla Suðurlands Nemendur 9. - og 10. bekkja grunnskólanna á Suðurlandi eru sérstaklega boðnir til messunnar en auk þess eru framhaldsskólanemar, foreldrar og allir aðrir áhugasamir hvattir til að koma og kynna sér hvað sunnlenskt mennta- og atvinnulíf hefur uppá að bjóða þegar kemur að störfum í iðn-, verk- og tæknigreinum. Öll helstu fyrirtæki á Suðurlandi í áðurnefndum greinum voru með kynningar á starfsemi sinni. Er óhætt að segja að viðburðurinn hafi heppnast vel.

Refugees verkefnalok í Prag - Erasmus+

Nemendur og kennarar í FSu héldu til Prag í páskafríinu í lokaferð vegna erasmus+ verkefnisins Refugees sem búið er að standa yfir í þrjú ár. Samstarfið var milli skóla frá Grikklandi, Ítalíu, Íslandi, Lettlandi og Tékklandi. Í FSu hefur til dæmis verið boðið upp á félagsfræðiáfangu tengdan flóttafólki, ástæðum og aðstæðum í tengslum við verkefnið. Ferðin gekk vel og í lokin var sýning á

Þjóðminjasafni Tékklands í Prag með ýmsum afurðum úr verkefnavinnunni sem búin er að eiga sér stað síðustu þrjú ár.

Hönnunarkeppni nemenda í grafískri miðlun

Nemendur í grafískri miðlun fengu það verkefni á vordögum að hanna og setja upp tillögur að merkingum á ruslafötur skólans þannig að skilaboðin séu hrein og klár og henti markhópnum þ.e. fólki á framhaldsskólaaldri. Um samkeppni var að ræða og dómnefnd samastóð af umhverfisnefnd skólans sem er skipuð nemendum og Ólafi Einarssyni líffræðikennara. Kennari í grafískri miðlun er Ágústa Ragnarsdóttir. Verðlaunahönnuna átti Ragna Fríða Sævarsdóttir. Sú tillaga þótti ákaflega skýr í allri framsetngu; litaskilaboð sem og textaskilaboð skýr sem og einföld auðkennanleg grafík. Að auki þótti hönnunin henta vel ólíkum stærðum ruslafatanna. Ætlunin er að þessar merkingar verði komnar í gagnið með haustinu.

Kennarar kvaddir

Þrír kennarar, Helgi Þorvaldsson, Ólafur Bjarnason og Sigurður Grímsson, sem hafa starfað við FSu í samtals 96 ár létu formlega af störfum við lok vorannar og var þeim færður þakklætisvottur af þessu tilefni á brautskráningu vorannar.

Helgi hefur kennt við skólann allt frá stofnun hans, árið 1981. Hann hefur kennt ensku, bæði á Selfossi, og einnig á Litla Hrauni.

Ólafur, hóf störf við skólann árið 1987, og hefur kennt stærðfræði auk þess að aðstoða nemendafélag skólans við bókhald þess í áraraðir. Sigurður, sem hefur kennt við FSu frá árinu 1993, hefur kennt málmiðngreinar, bæði á Selfossi og á Litla Hrauni. Er þeim þakkað fyrir einstaklega vel unnin störf í gegnum árin, framlag þeirra til menntunar sunnlenskra ungmenna er afar dýrmætt.

2 Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra

2.1 Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni Sviðsstjóri: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

2.1.1 *Danska*

Kennslustjóri: Ida Lön

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Brynja Ingaðóttir	DANS2DL05	
Ida Lön	DANS2ME05	DANS2ME05
Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir	DANS2DL05	
Pelle Carøe	DANS2FJ05	DANS2FJ05
	DANS3KD05	DANS3KD05
Solveig Sigmarsdóttir	DANS2DL05	Fjarkennsla DANS2DL05
	DANS2FJ05	DANS2ME05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- Nýja Inna reyndist strax afar vel og opnaði meðal annars á möguleika á tíðari verkefnaskilum og jafnvel meiri virkni hjá nemendum.
- Engar kennslubækur.
- Notkun á hlustunarefni af neti í öllum áföngum.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

- Fleiri skrifleg verkefni leiðrétt = stígandi í getu í sambandi við ritun (Solla og Ida).
- Fleiri munnleg próf (Solla) og verkefni (Ida) skilar nemendum sem geta meira í tali.
- Glósuprófin eru að leggjast af og í staðinn kemur inn markviss vinna með ritun og orðaforða (m.a. samheiti).
- Mjög fjölbreytt námsmat. Afar góð reynsla.
- Mörg verkefni og próf á bak við lokaeinkunn (á bilinu 16 til 24 talsins).
- Aukin áhersla á vinnubrögð og virkni (hugsun; nám er vinna).
- Unnum áfram að því að þjálfa færniþættina fjóra jafnt. Markmiðið er að geta skipt lokaeinkunn jafnt á milli tals, ritunar, hlustunar og lesturs (4 x 25%).
- Rætt um prófdómara í sambandi við munnleg próf í DANS2ME05 og DANS3KD05 á öllum fundum á árinu. Breytingar krefjast undirbúnings.

- Fleiri próf í DANS3KD05 á árinu til að halda nemendum við efnið.
- Ánægja með símat í öllum áföngum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Inna
- Starfendarannsókn hjá Endurmenntun, Solla
- Shæffergården, Solla

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Netíð notað meira en áður – það reynist afar jákvætt að geta boðið upp á val.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Munum vinna áfram að því að þjálfa færniþættina fjóra jafnt. Markmið: Að geta skipt lokaeinkunn jafnt á milli tals, ritunar, hlustunar og lesturs (4 x 25%).
- Prófdómari í sambandi við munnleg próf í DANS2ME05 og DANS3KD05.
- Breytingar á skáldsögunum á vorönn: Kveðjum "Mord i mørket" í bili og færum "Silke" yfir í DANS2FJ05. Skoðum bækur m.a. eftir Bent Haller og Jesper Wung-Sung.
- Við stefnum á að tala meira dönsku í tímum en gaman að geta þess að það hefur gengið vel hjá Pelle í 3. þreps áfanganum og nemendur hafa verið fljótir að aðlagast.
- Viljum anna eftirspurn og bjóðum þess vegna upp á þriðja þreps áfanga á vorönn; hann mun byggja á DANS3BB05 (barnabókmenntir), DANS3DK05 (ferð til Kaupmannahafnar) og gamla DAN303 (skáldsögulestur) í þeirri röð.
- Nýr valáfangi verður í boði fyrir grunnskólanemendur á vorönn.

Annað

- Agalegt ástand skapaðist undir lokin (V19) vegna þess hve stór hluti af nemendahópnum tók þátt í ferðum á vegum skólans.
- Mætti skipuleggja skil á stærri verkefnum og prófum þvers á áföngum?
- Væri hægt að láta það koma fram á eftir nafn hvers áfanga hvort það sé „símat“ eða „lokapróf“ í áfanganum (S) og (L)?
- Við upplifðum að nemendur væru með gott yfirsýn í Innu.
- Við upplifðum að vera með mikið af sterkum nemendum, bæði félagslega og námslega.
- Við njótum þess að geta haft okkar áherslur í kennslu og eiga góða að innan deildarinnar þegar okkur vantar stuðning.

2.1.2 Enska

Kennslustjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Kennarar og áfangar

Haustönn 2018

Vorönn 2019

Guðfinna Gunnarsdóttir	ENSK1RX05 ENSK2HC05 ENSK2OL05 (fjarnám) ENSK3PG05	ENSK3VE05 ENSK2YL05 (fjarnám) ENSK2HC05
Helgi Þorvaldsson	Fjarnám Sogn ENSK1HA05 ENSK2HB05 ENSK2OR05	Fjarnám Sogn ENSK2HB05 ENSK2OR05 ENSK3AE05
Ingunn Helgadóttir	Kennsla Sogn ENSK1XA04	Kennsla Sogn ENSK1HA05
Kristín Runólfsdóttir	Enska/afleysing ENSK2OL05	ENSK1RX05 ENSK3YL05
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1HF05 ENSK1RX05 ENSK3FO05	ENSK2HC05 ENSK1RX05
Paola Daziani	ENSK1HA05 ENSK2HB05 ENSK2OR05	veikindaleyfi
Stefán Hannesson	ENSK – afleysingar	ENSK1HF05
Sveinn E. Magnússon	Kennsla Litla Hraun	Kennsla Litla Hraun
Ægir Pétur Ellertsson	ENSK3PA05 ENSK2HB05 ENSK1HA05	ENSK2HB05 ENSK2OR05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu. Fjöldi áfanga, nemenda og hvernig til tókst

Stöðugt verið að þróa efni, aðferðir og námsmat í deildinni.

Kennarar löguðu kennslu sína núna algjörlega að Innu sem kennsluvef þar sem Moodle hefur verið lagt niður. Þar ætti að byggjast upp ágætis gagnagrunnur, þar sem kennsluefni fyrri anna nýtist hverjum þeim kennara sem tekur við áfanga hverju sinni.

Nemendur í viðskiptaensku tóku starfsviðtöl við hvert annað og þróðu fyrirtæki sem þau kynntu í opinni kennslustofu í lok annar.

Í yndislestri, ENSK3YL05, komu nemendur í einstaklingsviðtöl, eða munnleg próf, úr bókunum sem þau lásu og skriflegt próf úr fimmtu og síðustu skáldsögunni.

Sumir kennarar unnu með leiðsagnarmat og vilja halda áfram að þróa þessa tegund námsmats í kennslu.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum.

Kennarar nota mismunandi námsmat eftir áföngum. Þar á meðal eru lokapróf, símat, verkefnaárið námsmat með leiðsagnarmati í bland. Aukin áhersla hefur verið lögð á að efla munnlega færni og munnleg próf.

Sumir telja mikilvægt að notuð séu lokapróf í upprifjunaráföngum á 1. þrepi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt.

GG sótti eftirfarandi námskeið:

Trúðleikur og nýjar aðferðir í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga.

Námskeið í virkjun sköpunarkraftsins í New York. The creativity workshop.

<https://creativityworkshop.com/>

KR: Interactive classroom activities for teaching grammar and vocabulary. 30. mars 2019 sem Ken Lackman kenndi.

KHB: Núvitundarnámskeið á Heilsustofnun NFLÍ, feb.-apríl.

ÆPE: Vikunámsskeið á vegum Feki í Dublin í júní 2018.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu.

Kennarar vita oft ekki hvaða áfanga þeir koma til með að kenna og slæmt að þurfa að pantabækur með margra mánaða fyrirvara. Með tilkomu e-bóka er mögulegt fyrir kennara að velja bækur seinna og auðveldara að skipta um skáldsögur/kjörbækur þar sem nemendur eru ekki háðir því að fá kilju í hendur. Gott að geta valið bækur sem kennarar hafa áhuga á. Unnið hefur verið með gagnvirkan kennsluvef, Literacy Planet, á áföngum kenndum á starfsbraut og á upprifjunaráfanga á fyrsta þrepi. Er skemmst frá að segja að vefurinn hefur reynst mjög vel í þeim hópum þar sem unnið er með nemendur á einstaklingsgrundvelli á mismunandi getustigum og þannig auðvelt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Hefur vefurinn verið festur í áskrift til framtíðar.

Áskrift að Turnitin forritinu reyndist vel hjá þeim sem það prófuðu og innri tenging við Innu sérstaklega heppileg við yfirferð verkefna.

Sumir kennarar hafa unnið með snjallsímaforritið Kahoot við kennslu með góðum árangri.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs.

Lagt er til að innihald og skipulag áfanga verði kynnt á deildarfundum næsta vetur. Það gerir samanburð og samhæfingu milli áfanga mögulega. Þetta þyrfti að gera reglulega í öllum deildum.

Áfram verði haldið með samtal við fulltrúa grunnskóla, gott að halda þeim bolta á lofti, bæði varðandi flæði milli grunn- og framhaldsskóla, en einnig í tengslum við fjarnámið sem virðist vera að festast í sessi.

Annað

Gerðar voru breytingar á áfangaheitum á 3.þrepi í samræmi við innihald.

ENSK3PA05 = ENSK3LA05 Language and literature

ENSK3PB05 = ENSK3AE05 Academic English
 ENSK3PD05 = ENSK3DR05 Drama
 ENSK3PF05 = ENSK3NF05 Novel and film
 ENSK3PG05 = ENSK3HI05 History and literature
 ENSK3ER05 – English in real life

2.1.3 Íslenska

Kennslustjóri: Jón Össur Snorrason

KENNDARAR OG ÁFANGAR

	Haustönn	Vorönn
Guðbjörg Grímsdóttir	ÍSLE3HR05	ÍSLE3MV05
	ÍSLE1MR05	ÍSLE3YL05
	ÍSLE2OS05	ÍSLE1LR05
Katrín Tryggvadóttir	ÍSLE1LR05	ÍSLE1DE05
	ÍSLE3HR05	ÍSLE3HE05
	ÍSLE2OS05	ÍSLE2OS05
Rósa Marta Guðnadóttir	ÍSLE2VI05 (2x)	ÍSLE2BV05
	ÍSLE1MR05	ÍSLE3NB05 (2x)
	ÍSLE1RX05	ÍSLE1RX05
Stefán Hannesson	ÍSLE2OS05 (2x)	ÍSLE2OS05
	ÍSLE3MU05	ÍSLE3HE05
	ÍSLE1MR05	ÍSLE1DE05
Gísli Skúlason	ÍSLE2OS05	ÍSLE2OS05
	ÍSLE3HE05	ÍSLE3HE05
	ÍSLE3KB05 (2x)	ÍSLE2OS05 (2x)
Jón Özur Snorrason	ÍSLE1AF05	ÍSLE2BV05
	ÍSLE2RS05	ÍSLE1LR05
	ÍSLE2AP05	

NÝJUNGAR Í KENNSLUHÁTTUM Á SKÓLAÁRINU

GUÐBJÖRG GRÍMSDÓTTIR segir eftirfarandi um þennan þátt skýrslunnar:

HAUSTÖNN

ÍSLE3HE05, Heimildaritun

- ✓ Ég hef áður notað svokallaða umræðuviku í þessum áfanga. Ég hef verið að þróa hana betur, nú þurfa nemendur að mæta með meira efni til kynningar og finnst mér það gefast vel. Nemendur mæta í 4-5 manna hópum og kynna ritgerðina sína; rannsóknarspurningu, tesur og heimildir. Þetta er mjög gott, það setur pressu á skrif og heimildaöflun miklu fyrr en áður en er jákvætt.
- ✓ Annað sem ég gerði nýtt var að ég setti verkefnatexta á Moodle, ekki í skjöl heldur sem „snepil“ á Moodle. Þannig varð Moodle eins og stílabók sem ég skrifaði í. Þetta fannst mér betra því að nemendur virtust fylgjast betur með.

- ✓ Allar glærur á sama stað, ekki dreifa þeim um áfangann. Það var einnig til bóta, þurfti ekki að leita á Moodle að glærum, voru allar efst í áfanganum.

ÍSLE2OS05, Orðspor

Reyni að nota umræður mikið og ýta undir sjálfstæð vinnubrögð. Mikill ritunaráfangi með fleiru. Góð ritunarverkefni sem voru gerð enn þéttari sem var til bóta. Mætti gera meira úr tjáningarhlutanum og þeim verkefnum sem tilheyra þar. Einnig finna aðra bók sem er fyrirferðarminni en *Handbókin*.

ÍSLE1MR05, Mál og ritun

Prófaði aðra aðferð við að ná upp umræðu þar sem margir voru feimnir og óframfærnir. Ég skipti nemendum í fjögurra manna hópa. Ekkert mátti vera á borðinu. Síðan var ég með skjávarpann í gangi og opið word skjal. Þar setti ég síðan eina spurningu í einu og tók tímann á því hversu lengi hóparnir (allir í einu) mættu tala um spurninguna eða fullyrðinguna. Algengast var að ég gæfi 1 eða 2 mínútur. Það virkaði betur að hafa stuttan tíma. Inn á milli kom ég svo með eitthvað svona skrítið og skemmtilegt eins og Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Hvers vegna er himininn blár? Hvað þarf marga kennara til að skipta um peru? Allt rætt í stuttan tíma. Þetta tókst vel. Nemendum fannst þetta skemmtilegt og ef of langt var á milli þessara tíma þá var ég rukkuð um þá. Það er ekki spurning að ég á eftir að nota þetta í fleiri áföngum. Líka hægt að láta nemendur færa sig á milli hópa og svoleiðis til að þróa þetta áfram.

VORÖNN

ÍSLE3MV05, Málvísindi

Hér var nýr áfangi á ferðinni, hefur verið kenndur einu sinni áður. Innihald var skýrt og gott og formi áfangans var fylgt. Bætt var við verkefnum, bæði stuttum og lengri rannsóknarverkefnum og áfanga lauk með munnlegu prófi þar sem lokaverkefni var kynnt. Hér var lögð meiri vinna á nemendur að rannsaka og finna út úr viðfangsefninu með heimildavinnu og er það vel.

ÍSLE3YL05, Yndislestur

Virkilega gaman að kenna þennan áfanga. Fór í rannsóknarvinnu hvernig hann væri kenndur annars staðar og skoðaði einnig hvernig sami áfangi er kenndur í ensku. Úr því varð kennsluáætlunin til, en þó með viðbótum. Fannst ganga vel og mjög áhugavert að heyra hvað nemendur skrifuðu um áfangann í lokin. Nemendur sem lesa mikið notuðu tækifærið til að ögra sér með stærri skáldverkum. Nemendur sem höfðu lítið lesið tóku áskorunum um fjölbreytni í bókavali og svo fram eftir götunum. Þarf að bæta við bókalistann. Áfangi sem er kominn til að vera.

ÍSLE1LR05, Lestur og ritun

Hér var notast við hefti sem kennt hefur verið áður. Innihald áfanga nokkuð gott en það mætti setja verkefnin á Innu og ekki vera með heftið. Það ýtir undir notkun Innunnar og gengur vel. Bætti umræðuverkefnum við til að auka tjáningu í áfanganum, bæði um efnið og málefni líðandi stundar.

KATRÍN TRYGGVADÓTTIR segir eftirfarandi um nýjungar í kennsluháttum:

Heimildaritun er í sífelldri þróun og vonandi þróast sá áfangi smátt og smátt í heildstæðan og góðan áfanga. Þar læra nemendur talsvert í vinnubrögðum og sjálfstæðri hugsun auk þess að læra ritgerðasmíð. Æfingaverkefnin í upphafi áfangans eru nauðsynleg til að kynna vinnubrögð. Þau eru ögn mismunandi eftir kennurum og árum. Á haustönn voru kennarar ekki sammála um hvernig ætti að kenna áfangann og hvort nemendur ættu að mæta í alla tíma. Aðstoðarmeistari skar úr um að

mætingar skyldu hafðar í heiðri. Á vorönn voru kennarar meira sammála og samræmið var betra í áfanganum.

Orðspor hef ég ekki kennt fyrr en í vetur. Þar er lögð áhersla á gott málfar og ritun. Á haustönn var *Handbók um íslensku* notuð sem kennslubók. Hún er ekki heppileg því þetta er handbók til að fletta upp í en ekki kennslubók. Á vorönn var hún aflögð. Allt í þessum áfanga var nýtt fyrir mér þótt ég kannaðist við sum vandamálín í málnotkun.

Bókvit er arftaki Víkinga og tiltölulega líkur. Á vorönninni var *Gunnlaugs saga ormstungu* kennd. Það eru orðin um 20 ár síðan ég kenndi hana síðast. Hún er enn jafngóð og þá. Þá voru *Skírnismál* kennd. Þau hafa ekki verið kennd áður hér við skólann segja elstu menn. Þau virkuðu ágætlega inn í nútíma „ég líka“ umræðu. Það þyrfti að finna annað heppilegt eddukvæði til að kenna.

Lestur og ritun var kenndur tiltölulega líkur fyrri áföngum. Námsefni var að hluta endurnýjað eins og vera ber.

Delludagar voru fyrir mér nýr áfangi þótt ég hafi kennt hann einu sinni áður. Ekkert af fyrra námsefni var notað. Nú var *Laxdæla* aðal uppistaðan. Hún stendur alltaf fyrir sínu. Ég var heppin með nemendum. Þeir sem komnir voru til að læra tóku henni mjög vel en hinir, sem „voru bara“ á svæðinu af því það var skylda eða mamma sagði það, voru ekki eins hrifnir. Ég held að það hefði skipt litlu máli upp á hvað þeim var boðið.

RÓSA MARTA GUÐNADÓTTIR segir um nýjungar sínar í kennsluháttum:

Alltaf verið að reyna eitthvað nýtt. Ég legg áherslu á ritun, sköpun og sjálfstæð vinnubrögð hjá mínum nemendum.

STEFÁN HANNESSON segir eftirfarandi um nýjungar sínar í kennsluháttum:

Í starfsbrautaráfanganum ÍSLE1RX05 tóku nemendur tóku áfangann ÍSLE1L305 á sínum eigin hraða. Í áfanganum er símat og gekk það mjög vel.

Orðspor tók nokkrum breytingum á milli anna, sérstaklega að því leyti að skáldsaga var kennd á vorönninni. Mér fannst það ganga vel í sjálfu sér en það má auðvitað deila um hversu vel hún nýtist til þess að stuðla að markmiðum áfangans. Lokapróf hefur gefist vel í áfanganum að mínu mati, það verður til þess að nemendur rifja upp efni áfangans og ná um leið betri tókum á því.

Áfanginn um *munnmælabækur* var enn í þróun þegar ég tók við honum. Ég breytti honum að því leyti að ég lagði meiri áherslu á þjóðsögur en áður var gert. Mér fannst mikilvægt að nemendur fengu að kynnast þessum merkilega bókmenntaarfi Íslendinga. Símat áfangans gekk vel, mörg verkefni yfir önnina héldu nemendum á tánum. Í lok áfangans lagði ég fyrir stórt lokaverkefni þar sem ég tvinnaði saman kvikmyndinni *Rashomon* (sem fjallar um eðli munnmælasagna og hvernig þær þróast á mismunandi hátt milli manna), þjóðsögunni um Gilitrutt og nútímamunnmælasögum (slúður). Markmiðið með verkefninu var fyrst og fremst að kanna hversu góðum tókum nemendur hefðu náð á námsefninu. Mér skilst að áfanginn verði sameinaður afþreyingarbókmenntum og því finnst mér mikilvægt að þjóðsögurnar fái að halda sér.

Áfanginn heimildaritun byggist fyrst og fremst á einn langri heimildaritgerð. Fyrirkomulag áfangans er mjög gott að mínu mati og litlu sem þarf að breyta.

GÍSLI SKÚLASON segir eftirfarandi um þennan lið skýrslunnar:

Aðalnýjungin þetta skólaár var upptaka Innu sem kennslukerfis. Að mörgu leyti gekk þessi fyrsti vetur vel þá ýmsir möguleikar úr fyrri kerfum séu ekki í boði eða svo erfiðir í framkvæmt að fáir leggi það á sig að setja sig inn í það.

Önnur nýjung var Turnitin sem ég notaði mikið til að veða stór sem smá verkefni. Gekk það að ýmsu leyti vel en þó voru allnokkrir nemendur sem gátu ekki skilað verkefnum í gegnum kerfið. Virðist þetta vandamál í sumum tilfellum tengjast Appletölvum og Safari vefskoðaranum, en sú skýring á þó ekki við um aðra sem glímdu við þetta vesen. Útheimti þetta allnokkra aukavínu fyrir kennarann.

JÓN ÖZUR SNORRASON segir eftirfarandi um nýjungar sínar í kennsluháttum:

Á haustönninni fólust nýjungarnar einkum í nýju kennsluumhverfi á vef sem kallast INNA. Kennsluumhverfið í Múðlu var kvatt. Mér finnst auðveldara að vera í sambandi við nemendur mína í gegnum Innu en Múðlu. Kannski má segja að það sé umhverfisvænna, útlitið er meira aðlaðandi og betur hannað og öll uppsetning og framsetning á íslensku.

Ég kenndi tveimur fjölmönnum hópum *kvennabókmenntir* ÍSLE3KB05 á 3. þrepi. Skipti þar um kennsluefni að stærstu leyti. Skipti út skáldsögu Krístar Mörju Baldursdóttur *Óreiðu á striga* fyrir *Snöruna* eftir Jakobínu Sigurðardóttur og *Tímaþjóf* Steinunnar Sigurðardóttur. Segja má að það hafi verið mistök. Margir nemendur náðu litlum sem engum tengslum við innihald þessara sagna, þær gera talsverðar kröfur til lesandans, eru ekki með eiginlegan eða línulegan söguþráð, eru huglægar og sundurlausari í framsetningu. Hins vegar þótti mér smásagnasafn í samantekt Helgu Kress, *Draumur um veruleika* ná að ýmsu leyti til þeirra þó þær sögur séu allar komnar á aldur. Tvær kvikmyndir voru notaðar og farið í eina leikhúsför.

Kennsla *afþreyingarbókmennta* ÍSLE2AP05 á haustönn olli mér miklum vonbrigðum. Efni áfangans er sett saman í sögulegri línu, reynt að varpa ljósi á afþreyingu og sagnaskemmtun frá miðöldum og til dagsins í dag. Sannkallaður lestraráfangi með þremur kvikmyndum. Brottfall varð töluvert og árangur lítill. Áhugi, vinnusemi og metnaður af skornum skammti. Áfangi sem þarnast endurskoðunar.

Nýjung í kennslu *skapandi ritunar* á haustönn ÍSLE2RS fólst í að láta nemendur lesa íslenskar smásögur og notaði ég úrval sem kallað er *Stjörnurnar í Konstantínópel*. Þrýðilegur samsetningur með hliðsjón af frásagnartækni en fátt sem kemur þó á óvart í vali á smásögum og höfundum. Kannski má segja (eins og um valið á Snörinni, Tímaþjófinum og Draumi um veruleika) að það speglar fremur gildismat kennarans en nemendanna. Hér varð brottfall töluvert, nemendur héldu almennt ekki dampi, skiluðu ekki verkefnum og héldu að þetta væri létt.

Í kennslu *fornámsins* ÍSLE1AF05 á haustönn þurfti ég að langstærstu leyti að propa kennsluefnið eftir hendinni og fannst mér það bæði gaman og gagnlegt. Notaði *Svört verða sólskin* sem tengir saman yfirnáttúrulegar frásagnir af Norðurslóðum. Samband við nemendur gekk einstaklega vel og var mjög

ánægjulegt að kveðja þau um jólaleytið með þeim vitnisburði að yfir 90% nemenda stóðst námskröfur og brottfall var mjög lítið.

Í kennslu *bókvits* á vorönn unnum við þrjú ágætlega saman, hittumst vikulega til samráðs. Gunnlaugs saga lesin í fyrsta sinn, þrýðileg til síns brúks, einföld og skýr í uppsetningu þó kvenmynd sögunnar sé frekar dapurleg. Innlögnum fer fækkandi í minni kennslu og glósuskrif. Veit ég ekki hvort það sé af hinu góða.

Inn í kennslu *orðspors* kom ég aftur að nýju eftir talsverðar breytingar á áfanganum. Lokapróf er tekið upp og inn sett skáldsaga sem á að nota sem efnivið í málvarsvangaveltur. Sá þáttur þarf að þróast betur.

Lestur og ritun á vorönn gekk ágætlega nema að því leyti að kennsluefnið var bundið við hefti. Hélt ég í fyrstu að það myndi gagnast vel en það blokkeraði hina rafrænu tengingu sem er bæði nemendum og kennurum handgengari en kennsluBÓK. Auðvitað er best að flétta þessum ólíku formum saman en í þessu tilfelli var ég ekki nægjanlega viðbúinn. Ef ég þyrfti að velja á milli kennsluefnis á bók eða á vef veldi ég vefformið. Eftir kennslu áfangans er ég á þeirri skoðun að uppfæra þurfi kennsluefnið.

NÁMSMAT. SÍMAT/LOKAPRÓF. MAT Á NÁMSMATSADFERÐUM

GUÐBJÖRG GRÍMSDÓTTIR segir eftirfarandi um þennan þátt skýrslunnar:

ÍSLE3HE05, Heimildarritun	Byggir á símati og það hentar þessum áfanga vel. Er mjög sátt með námsmatið hérna.
ÍSLE3YL05, Yndislestur	Símat og munnleg próf alla önnina.
ÍSLE1LR05, Lestur og ritun	Símat. Það hentar vel.

KATRÍN TRYGGVADÓTTIR segir um þennan þátt skýrslunnar:

Allir áfangarnir eru með símati nema Orðsporið en þar var sú nýlunda á haustönn að prófað var úr námsefninu í annarlok. Það var aftur prófað á vorönn. Mér finnst það henta vel. Prófið skilur oft á milli þeirra sem hafa raunverulega lært og þeirra sem ekkert hafa lært. Þeir sem náðu sjö (ekki 6,9) í annareinkunn (vetrareinkunn) gátu sleppt prófi. Þessi hvati hentar mjög vel. Þeir sem eru smeykir við próf keppast oft við námið til að ná því að sleppa við próf. Það skilar oft góðum árangri. Einkunnin 8 er of hátt viðmið. Þá á meðalnemandinn ekki möguleika og sér þá ekki tilgang með því að keppa að óraunhæfu marki.

Í áfanganum BV finnst mér vera nauðsyn á prófi í annarlok. Of margir nemendur slepptu hluta af námsefninu. Þeir reiknuðu út að þeir væru búnir að ná 4,5 og þar með búnir að ná áfanganum. Lokapróf fær nemendur til að lesa allt námsefnið og þar með að ná ákveðinni heildarsýn á allt efnið. Ég vildi gjarnan að þeir sem næðu sjö í annareinkunn gætu sleppt prófi. Í áföngum LR, DE, og HR hentar símat nokkuð vel. Þar sé ég enga ástæðu til að prófa í annarlok.

GÍSLI SKÚLASON segir eftirfarandi um námsmat:

Af þeim fjórum áföngum sem ég kenndi var aðeins einn með lokaprófi, *Orðspor*. Það þótti heppnast vel. Rökin fyrir lokaprófinu voru til dæmis að tryggja ákveðna grunnfærni á 2. þrepinu, til dæmis í ritun og byggingu rökfærsluritgerða. Þeir nemendur sem náðu 7 í vetrareinkunn gátu sleppt

lokaprófinu og nýttu sér það. Trúlega verður einnig tekið upp lokapróf í hinum skylduáfanganum á öðru þrepi, *Bókviti*, þannig að annað þrepið í íslensku verði nokkur þröskuldur inn á þriðja þrepið.

JÓN ÖZUR SNORRASON segir eftirfarandi um námsmat:

Símat sækir á og er orðin ráðandi matsaðferð í FSu. Lokapróf á undanhaldi og undirbúningur fyrir próf nánast horfin þekking (aðferð). Símatið hefur þær afleiðingar í FSu að lifandi skólahald eins og dofni og leysist upp í síðustu skólaviku og jafnvel þeirri næst síðustu. Þetta er ein afleiðing styttingarinnar og áherslunnar á símat. Vissulega er allt skólahald í hendi kennara og stjórnenda, ekkert gerist eða á að gerast af sjálfu sér í skólastarfi heldur er nauðsynlegt að staldra við á hverjum stað og ígrunda hvort rétt leið sé valin. Mér finnst að gæta mætti meiri samræmingar innan hvers sviðs skólans í að (til dæmis) lotubinda námið þannig að hver önn sé lotuskipt og hver lota myndi eina heild en ekki að líta á heila önn sem eina lotu. Slíkt skipulag gæti komið í veg fyrir að botninn detti úr kennslunni í síðustu og næst síðustu viku hverrar annar. Kennarar í (ó)líkum deildum (innan hvers sviðs) ræða ekki sín á milli (á formlegan og markvissan hátt) málefni fagsins, um skipulag kennslunnar, efnisval, aðferðir, námsmat svo e-ð sé nefnt. Við ræðum saman innan hvers fags eða skyldra faga en mér finnst skorta meira samráð og samræmingu milli skyldra greina. Það gæti líka eft samstarf óskyldra greina. Slíkt samráð gæti jafnvel búið til eitthvað óvænt og nýtt, skapandi og skemmtilegt.

NÁMSKEIÐ SEM KENRARAR HAFU SÓTT

Guðbjörg Grímsdóttir og Jón Özur Snorrason sóttu námskeið hjá *The Creativity Workshop* í New York frá 31. maí til 3. júní 2018 ásamt Guðfinnu Gunnarsdóttur enskukennar. Guðbjörg og Guðfinna fengu sérstakan styrk frá FSu til að sækja þetta námskeið en Jón ekki.

Katrín Tryggvadóttir sótti tíu kvölda námskeið í *Íslendinga þáttum* við Háskóla Íslands. Auk þess sótti hún námskeið um handverk víkinga hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands sem kallaðist *Landnámsspuni*. Katrín segir: „Ég þurfti að vita hvað Guðrún Ósvífursdóttir var að aðhafast meðan Kjartan var veginn. Ég komst að því að hún spann minna en sá sem aldrei hafði séð rokk (spunatein) né snældu frá söguöld. Strákarnir mínir í DE héldu að ég væri endanlega gengin í björg þegar ég mætti með græjurnar og sýndi þeim hvernig Guðrún spann.“

Rósa Marta Guðnadóttir sótti námskeið samtaka móðurmálskennara í ágúst 2018 og námskeiðið *Íslendingaþættir* hjá Endurmenntun Háskóla Íslands í febrúar og mars 2018.

Stefán Hannesson sótti námskeið í *Turn it in* forritinu.

5. NÝJAR KENNSLUBÆKUR OG KENNSLUGÖGN Á ÁRINU

KATRÍN TRYGGVADÓTTIR segir um þetta atriði skýrslunnar:

Í HE eru engar bækur. Kennslugögn og verkefni eru öll unnin af kennara. Í OS voru ný verkefni unnin í málnotkun á báðum önnum. Misjafnt var hvaða verkefni hver kennari vann. Þar þarf að endurnýja verkefni að mestu leyti á hverri önn. Á vorönn var skáldsagan *Sumarljós og svo kemur nóttin* kennd og þar voru gömul verkefni endurunnin og þeim breytt í samræmi við þarfir áfangans. Það er nauðsynlegt að hafa skáldsögu inn í þessum áfanga. Nemendur verða að lesa langan texta. Hægt er að nýta söguna til að auka orðaforða nemenda og svo til að kenna efnisgreinaskrif og ritgerðasmíð. Í ritgerðum þarf að færa rök fyrir máli sínu og þá er skáldsaga heppilegur grunnur. Íslenskuáfangi án lestrar stendur ekki undir nafni.

BV er nokkuð gamalkunnur áfangi. Eftir langan tíma er *Gunnlaugs saga ormstungu* aftur orðin ný. *Skírnismál* hafa ekki verið kennd áður. Það þurfti að semja ný verkefni og skyndipróf í þessum námsþáttum. Auk þess þurfti að gera *Skírnismál* þannig úr garði að hægt væri að leggja textann fyrir

nemendur á fyrsta ári. Í DE var *Laxdæla* glæný fyrir mér. Það er aldarfjórðungur síðan ég las hana síðast. Þar voru ný verkefni og próf samin því fornleifar fyrirfundust hvergi.

STEFÁN HANNESSON segir um nýjar kennslubækur og kennslugögn:

Sumarljós og svo kemur nóttin var lesin á vorönn í *Orðsþori*. Þegar til kom reyndist bókin illfáanleg og verður því ekki notuð áfram ef að líkum lætur. *Laxdæla* var lesin öðru sinni í Delludögum og gekk ekki nógu vel þó matreidd væri með teskeið. Er ljóst að nemendur ráða illa við textann og eðlilegra að setja markið ögn lægra við val á lesefni fyrir þennan áfanga.

TILLÖGUR AÐ STARFSÁÆTLUN NÆSTA SKÓLAÁRS

JÓN ÖZUR SNORRASON segir frá þeim hugmyndum sem komu fram á síðasta deildarfundi íslenskukennara í maillok að hefja til verks og virðingar *dag íslenskrar tungu* í skólanum (setja hann í kennsluáætlun) og að áhugi er mikill meðal íslenskukennara að hefja til verks og virðingar að nýju annarlegar *menningarferðir* þar sem nemendur og kennarar fara út úr skólanum til að skoða valda staði og stofnanir sem skipta okkur máli.

ANNAÐ

KATRÍN TRYGGVADÓTTIR segir eftirfarandi undir þessum lið skýrslunnar:

Með því að gera *Orðsþor* og *Bókvit* að skylduáföngum er stigið skref í að mynda samfellu í nám nemenda. Hægt er að byggja ofan á námið í þessum áföngum. Nú er hægt að reikna með að nemendur kunni eða í það minnsta hefðu séð eða heyrt ákveðin atriði áður.

JÓN ÖZUR SNORRASON endar skýrsluna sem kennslustjóri á eftirfarandi hátt:

Samræming og samræmi í skipulagi kennslu og námsmati var töluvert rætt á síðasta deildarfundi íslenskunnar á liðinni önn sem fram fór í Þingdal fimmtudaginn 23. maí. Ákveðið var að reyna að auka samstarf milli kennara ekki einungis í skipulagi kennslunnar (kennsluáætlun) heldur einnig í yfirferð verkefna. Tillaga kom fram að í yfirferð stærri verkefna skiptu kennarar henni á milli sín þannig að þeir færu ekki einungis yfir verkefni nemenda sinna heldur skiptu þeim á milli sín. Með þessu ykist samræming og samskipti í verkefnayfirferð og námsmati. Auk þess var ákveðið að í kennsluáætlun allra íslenskuáfanga yrði *dagur íslenskrar tungu* settur inn í skipulagið og sameiginlegt verkefni hvers árs ákveðið. Einnig var rætt um svokallað kennaraval á bókum sem felur það í sér að bækur (sögur, ljóð, leikrit, annað) sem valið er til lestrar taki meira mið af kennurum en nemendum. Rætt var um mikilvægi áfangans heimildaritunar. Yngsti kennarinn í deildinni (sem áður var nemandi í skólanum) fullyrti að þessi áfangi væri mjög góð viðbót við hefðbundna málvars- og bókmenntakennslu. Í augum íslenskukennara er áfanginn þverfaglegur sem þýðir að það sem þar er kennt varðar fleiri fög en íslensku. Íslenskukennarar hafa í tölvupósti til skólafyrivalda boðist til að lýsa þeim aðferðum í ritunarkennslu sem þar fer fram fyrir öðrum kennurum, hvaða kröfur eru gerðar til ritunar og heimildavinnu. Hér er enn eitt dæmið nefnt til samræmingar á faglegum kröfum milli kennslugreina skólans. Hvatt var til þess að allir íslenskukennarar gerist meðlimir í samtökum móðurmálskennara.

2.1.4 Ergó

Fagstjóri: Ragnheiður Eiríksdóttir

Á fyrsta námsári taka allir nemendur skólans, nema nemendur á sérnámsbraut, áfanga í félagsfræði og umhverfisfræði á fyrsta hæfniprepi sem báðir bera titilinn Ergó og vísað er til sem nýnemaáfanga.

Kennarar og áfangar

	haustönn	vorönn
Gunnar Rafn Borgþórsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Guðríður Egilsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Hrefna Clausen	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ingunn Helgadóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Jón Grétar Hafsteinsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ragnheiður Eiríksdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Stefán Hannesson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Sólveig Sigmarsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ægir Sigurðsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

FÉLA1SA05: Ákveðið var að hætta að nota bókina Hugskot, skamm-, fram- og víðsýni eftir Friðbjörgu Ingimarsóttur og Gunnar Hersvein sem kennslubók en styðjast frekar við hana sem handbók kennara. Umfjöllunarefni bókarinnar eru mjög mikilvæg og þörf en mörgum kennurum þótti hún of þung fyrir nemendur. Hugmyndin er þá að halda áfram að fjalla um þessi atriði en nota hana frekar sem handbók kennara en ekki sem kennslubók. Áfanginn er í þróun og við kennarar vorum sammála um að við þyrftum að hafa rammann ákveðnari varðandi vinnubrögð. Reynslan hafði sýnt okkur að nauðsynlegt var að kenna nemendum markvissari vinnubrögð sem þeir myndu síðan nýta sér í UMHV1SU05 á vorönninni. Það var gert hér, í hverju „þema“ námsefni voru ákveðin vinnubrögð undir og nemendur þjálfaðir í þeim. Þetta gaf góða raun og ber að halda áfram að leggja áherslu á með enn markvissari hætti.

UMHV1SU05: Í þessum seinni nýnemaáfangi er áherslan á umhverfisfræði og sjálfbærni. Sú nýjung var núna að við tókum Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun inn í áfangann og reyndist það vel. Mikið er til af vönduðu efni um Heimsmarkmiðin og þættirnir *Hvað höfum við gert?* voru sýndir og pössuðu vel inn í áfangann.

Sumum kennurum fannst nemendur vera orðnir þreyttir á efninu og kvörtuðu undan áhugaleysi. Ákveðið var að leggja markvissari áherslu á að æfa nemendur í að tala og kynna fyrir framan hóp og að mikilvægt væri að fara í einhverskonar ferð í lok áfangans þar sem nemendum gæfist kostur á að sjá t.d. virkjun eða sjálfbært samfélag eins og Sólheima.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Kennarar eru nokkuð sáttir við námsmatsaðferðir. Símat hentar áfangunum vel og verkefni eru í stöðugri þróun.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ragnheiður sótti nokkur námskeið í tengslum við Erasmus+ verkefni sem hún tekur þátt í, m.a. um mannkostamenntun (Character Education) og lýðræðislega kennsluhætti.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Mikið af vönduðu efni er á vef Sameinuðu þjóðanna um Heimsmarkmiðin sem við nýttum. Þættirnir *Hvað höfum við gert?* gögnuðust líka mjög vel en vinna mætti betur úr þeim á næstu önn.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Að kennarar áfangans haldi áfram að þróa og bæta þessa tvo nýnemaáfanga. Umfjöllunarefni þeirra eru gríðarlega mikilvæg fyrir nemendur og framtíðina og þau eru það umfangsmikil að það tekur tíma að finna leið til að gera þeim vel skil en á sama tíma halda áhuga nemenda. Til þess þurfa allir kennarar áfanganna að leggja sitt að mörkum.

2.1.5 Bragi

Fagstjóri: Guðbjörg Grímsdóttir

Markmiðið með braga frá upphafi er að nemendur aðlagist vel nýju skólastigi og skólaumhverfi. Nemendur fá að kynnast þjónustu og úrræðum sem í boði eru. Unnið er með hópefli, námstækni, forvarnir og heilsueflingu. Jafnframt er mikil áhersla lögð á að nemendur kynni sér vel námsframboð og byggi upp sinn námsferil til námsloka. Nemendur fengu kynningu á innviðum skólans, kennslu í Innu, kynningu á skólareglum og stuðning við val. Allir nemendur fóru í sérstakt nemendaviðtal hjá sínum bragakennara á vorönn.

Bragi í stundatöflu. Bragi var kenndur kl 14:50-15:45 á þriðjudögum á haustönninni. Það fyrirkomulag gekk ekki vel þar sem allir voru farnir – nema nýnemar í bragatíma. Erfitt var að ná upp fjöri og stemmingu og tengsl við aðra nemendur rofnuðu, bragi varð ósýnilegur. Það var ekki gott þar sem nauðsynlegt er að bragi sé sýnilegur, bæði fyrir nemendum og kennurum. Þessu var breytt á vorönn, þá var bragi kenndur kl 12:50 á þriðjudögum og það var miklu betra. Aðrir nemendur voru þá með gat í stundatöflunni, nemendaráð fundaði á þeim tíma og fleira. Viðhorf braganemenda varð líka jákvæðara.

Hagræðingin sem felst í því að kenna tímann í sama stokki á sama tíma er gríðarleg. Allt upplýsingaflæði gengur betur og samlegðaráhrif mikið betri þegar unnið er með hópana alla saman. Allir kennarar eru með fésbókarhóp fyrir sinn Braga og kemur það sér mjög vel til að koma snöggum skilaboðum til nemenda, bæði frá kennurum og mentorum. Fagstjóri braga sat í SKOH- teyminu en fundir hefðu þurft að vera fleiri og reglulegri. Einnig hefðu yfirmentorar (annar eða báðir) þurft að vera í SKOH hópi. Nemendur í braga voru virkir

þátttakendur í góðgerðardögum, Kátum dögum, Flóafári, forvarnardögum og regnbogadögum.

Mentorakerfi er á nýnemaönninni, haustönn, og fær mikinn tíma af braganum þá önn. Mentorar voru tveir til þrír í hverjum nýnemabragaáfanga á haustönn. Mentorar voru ásamt fagstjóra saman með fésbókarhóp þar sem upplýsingaveita og skoðanaskipti fóru fram. Yfirmentorar sáu einnig um að upplýsa mentora fyrir hvern tíma hvað ætti að fara fram.

Meðal þess sem mentorar sáu um var skipulag nýnemaferðar í Félagslund, kosningu nýnemafulltrúa í nemendaráð, stýrðu umræðum um góðgerðadaga og aðra viðburði á vegum nemendafélagsins, stýrðu þrautum vegna stigakeppni milli hópanna og fleira. Einnig sáu mentorar um undirbúning og skipulagningu lokahátíðar.

Stigakeppnin var mjög skemmtileg, en hóparnir kepptu innbyrðis alla önnina í allskonar þrautum sem gátu gefið stig. Mentorar fengu 1 einingu fyrir sína vinnu.

Í greinagerð mentora kom fram mikil ánægja með þátttökuna, flestir hefðu viljað koma oftar inn í hópinn sinn, helst í alla tíma. Allir töluðu um hvernig það að vera mentor hefði fengið þau til að kynna sér félagslíf skólans á nýjan leik og að þeir hefðu viljað hafa viðlíka kerfi þegar þau hófu nám við skólann. Sumir nemendur í hópnum höfðu upplifað það að vera nemendur þegar mentorastarfið byrjaði, vera mentor og síðan yfirmentor. Það var skemmtilegt að heyra reynslu nemenda af því að hafa setið í öllum sætum varðandi mentorastarf. Allir voru sammála um að reglulegir fundir væru nauðsynlegir til að upplýsingastreymi væri í lagi og allir væru með á hreinu hvað ætti að gera. Allir voru sammála um að mentorakerfi væri komið til að vera.

Nemendafélag/Nemó Samkvæmt hefð frá því í fyrra átti nemendafélagið að koma inn í bragahópa á vorönn til að kynna viðburði og gleði einu sinni í mánuði. Þetta tókst ekki vel þessa vorönnina. Nemendafélagið fundaði á sama tíma og bragatímarnir eru og tengingin varð afar rýr. Efni sem nemendaráðið kynnti var misvel undirbúið. Þetta þarf að laga.

SKOH hópurinn þarf að vera sýnilegri og í Skoh hópinn má gjarnan bæta yfirmentorum. Skoh hópurinn er meðal annars vettvangur fyrir bragastjóra, yfirmentora og formann nemendafélagsins til að hittast og ræða málin.

Til umhugsunar:

1. Eiga starfsbrautarnemendur bara að vera með á haustönn (nýnemaönninni)? Þeir eiga mest sameiginlegt með nemendum þar, síðan tekur við annað skipulag starfsbrautar.
2. Kennarar eiga að merkja við mætingu mentora.
3. Próf – taka meira um hvernig próf fara fram, prófkvíði, undirbúning, námstækni og fleira.
4. Húsasmíðapróf (sveinspróf), er eftir skóla – hvers vegna?
5. Mætingareinkunn – á hún að hafa áhrif á það hvort Braga sé náð eða ekki?
6. Mikilvægt að upplýsingaflæði sé meira – bútum nýnemadaginn niður og röðum honum á nýnemaönnina.
7. Láta vita hvað sé í gangi í skólanum, mentorar geta upplýst um það og spjallað um það hvað sé um að vera, keppni, uppbot og fleira.
8. Kennarar byrja alla tíma – bara stutt í upphafi. Mentorar verða áfram í kastljósinu á nýnemaönn.
9. Einkunn? Eða S og F?

Gott að hafa í huga varðandi framhaldið

- Gott er að halda áfram að beita sér fyrir því að hvetja kennara til að kenna áfangann og kynnast þannig starfinu með öðrum hætti. Þannig er ekki gott að nota Bragakennslu sem uppfyllingu á kennsluskyldu því það skapar neikvætt viðhorf til áfangans og hefur þannig áhrif á framlag kennarans. Kennsla í braga er mjög ólík hefðbundinni kennslu og bragakennarar tala allir um hversu ánægjulegt sé að fylgja hópnum eftir og kynnast nemendum á annan hátt.
- Mikilvægt er að félagslífsfulltrúi hafi reynslu af því að kenna braga og/eða sé að kenna braga hverju sinni. Gott meðal annars til að styrkja tengsl milli braga og nemendafélagsins hverju sinni.
 - Nauðsynlegt að félagslífs- og forvarnarfulltrúi hitti braganemendur og fari yfir forvarnarmál í skólanum, varðandi böll og fleira. Spurning hvort að hann eigi að vera á nýnemadegi og/eða fara í bragahópana, láta kennara fá efni ... velja hvaða leið hentar best.
 - Í þessu samhengi, er gott að bragakennarar athugi hvort að nemendur þeirra búi á svæðinu eða séu með tengilið á svæðinu – það getur komið sér vel varðandi böll og fleira.
- Mjög vel gekk að hafa lokahátíð braga í síðasta bragatíma nemenda. Mentorar sáu um hátíðina og gekk hún mjög vel. Allir voru sammála um að þetta fyrirkomulag sé gott.

- Dagskrá nýnemabraga á haustönn er þéttskipuð og gott er að vera í góðu samskiptum við NFSU og taka tillit til þeirra. Einnig hvetur þetta NFSU til að hafa haustdagatalið tilbúið.
- Mikil ánægja var með þá ákvörðun að leyfa bragakennurum að halda sínum braganemendum út 4. önnina og vera til stuðnings og aðstoðar við val. Margir leita ennþá til sinna gömlu bragakennara með allskonar mál.
- Áfangamesa er frábær og hjálpar mikið til við valið.
- Fara vel yfir námsmat og skoða það hvaða kröfur eru gerðar til nemenda með opið vottorð (viðtal við kennara ...).

Þegar skipt er um bragastjóra, þá er mappa sem þarf að fara á milli þar sem gögnum hefur verið safnað sem gagnast vel og nýr stjóri bætir við. Þannig þróum við verkefnið með jákvæðum hætti og hver stjóri setur sitt mark á bragavinnu.

2.1.6 Samfélagsgreinar

Kennslustjóri: Lárus Ágúst Bragason

Námsgreinar: bókfærsla, félagsfræði, goðafræði, hagfræði, kínversk fræði, saga, sálfræði og viðskiptafræði.

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Árni Blandon		SÁLF3KV05 SÁLF3PS05
Eyrún Magnúsdóttir	FÉLA2BY05 FÉLA3RS05	FÉLA2BY05 FÉLA3ST05
Guðfinna Gunnarsdóttir		GOÐI3GG05
Guðbjörg Grímsdóttir		GOÐI3GG05
Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir		
Ingunn Helgadóttir	VIÐS2SM05	KÍNA2TS05 LÖGF2LÖ05
Helgi Hermannsson	FÉLA2BY05	FÉLA3KA05
Lárus Ágúst Bragason	SAGA2YA05 SAGA3SS05 SAGA3HS05	SAGA2YA05 SAGA3SS05

Ragnheiður Eiríksdóttir	HEIM2BY05 HEIM3SH05	HEIM2BY05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA2IS05 SAGA2YA05 SAGA3MS05	SAGA2SÍ05 SAGA3MS05 KÍNA2TS05
Pórey Hilmarsdóttir	BÓKF1BA05 HAGF2HA05	BÓKF2BB05 HAGF3RE05

Heimspæki

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Áfanginn HEIM3SH05 var kenndur með nýjum hætti, þ.e. bókin Stofuhiti eftir Berg Ebba var notuð sem megin rit þó svo það sé ekki eiginlegt heimspækirit. Út frá því voru svo ýmsar megin kenningar heimspækkinnar ræddar og nemendur fengur líka talsvert frjálsar hendur til að móta sýnar skoðanir á efninu í gegnum svokallaða lesdagbók sem þau héldu alla önnina. Þetta fyrirkomulag gafst afar vel, nemendur voru mjög svo áhugasamir og kennara þótti þeir tileinka sér heimspækilegan hugsunarhátt.

Í byrjunaráfangnum var ekki mikið um nýjungar þó svo hann sé alltaf í stöðugri þróunn. Ragnheiður nýtti eitthvað af þeim aðferðum sem hún hefur kynnst í gegnum þátttöku sína í Erasmus+ verkefnunum tveimur sem hún hefur tengst á skólaárinu.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmatsaðferðir þessara áfanga hafa virkað vel.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ragnheiður sótti nokkur námskeið í tengslum við Erasmus+ verkefni sem hún tekur þátt í, m.a. um mannkostamenntun (Character Education) og lýðræðislega kennsluhætti. Hún sótti einnig ráðstefnur á vegum Landlæknisembættisins og Samtaka atvinnulífsins. Eins situr hún í stjórn félags heimspækikennara og á vegum þess hefur hún setið fræðslukvöld og ýmsar kynningar á heimspækiritum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Í áfangnum HEIM3SH05 var ákveðið að nota bókin Stofuhiti eftir Berg Ebba sem útgangsbók. Sú bók höfðaði vel til nemenda og kveikti áhuga þeirra á umræðum um ýmsar grunn hugmyndir heimspækkinnar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Að halda áfram að þróa og bæta þessa áfanga.

Saga

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla og námsmat eru ávallt í skoðun og þróun.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat – leiðsagnarmat viðhaft í söguáföngum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sögukennarar sóttu norrænt sögukennaraþing í Skálholti undir lok sumars 2018

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í sögu er stuðst við efni frá kennurum

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Í sögu er stöðugt verið að þróa námið og gera það betra.

Goðafræði

Tveir hópar voru í valáfanga í norrænni og grískri goðafræði, GOÐI3GG05. Hann var í boði í fyrsta sinn og kennarar voru Guðfinna Gunnarsdóttir og Guðbjörg Grímsdóttir.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í áfanganum er unnið með rannsóknaraðferðir og heimildavinnu. Einnig er notuð hugleiðsla og grunnur að svokallaðri „Heroes journey“ til að setja nemendur af stað í skapandi vinnuferli. Nemendur unnu greinagerð, fréttir og podkast ásamt kynningarefni og nemendur völdu hvort þau skiluðu verkefnum á ensku eða íslensku.

Guðbjörg og Guðfinna sóttu báðar námskeið í skapandi skrifum í New York við lok vorannar 2018. Námskeiðið nýttist mjög vel til kennslu í Goða.

Viðskipta- og hagfræði

Bókfærsla

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Áfram var unnið með þróun á Leiðsagnarkennslu/leiðsagnarnámi í áföngunum.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat í báðum áföngum byggist á símati eins og undanfarin ár. Tilraun var gerð með að leggja fyrir próf í tölvu í bókfærsluáfanganum á 2. þrepi. Sú tilraun gekk vel og verður þetta form prófað frekar á næsta skólaári.

Lögfræði:

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Í kínverskum fræðum voru tveir kennarar sem kenndu í sitthvoru lagi í 3 vikur og kom það vel út.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lögfræðin var kennd með svipuðu sniði og áður, byggt upp af mikilli verkefnavinnu og

þremur símatsprófum. Nemendur þurfa að mæta í öll próf og ná að meðaltali 4,5 úr þeim ásamt því að skila flest öllum verkefnum til að standast áfangann. Sama má segja um VIÐS2SM05- þar vinna nemendur nokkur lítil verkefni en einnig eru þeir að vinna í einu stóru hópverkefni alla önnina. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel.

Hagfræði

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Áfram var unnið með þróun á leiðsagnarmati/leiðsagnarnámi í báðum áföngum.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat byggðist á símati eins og undanfarin ár. Til athugunar er að taka upp lokapróf í báðum hagfræðiföngunum á næsta skólaári.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Þórey stundaði nám við HÍ á skólaárinu og lauk 28 ECTS. Námið samanstóð af námskeiðum á mastersstigi og grunnstigi.

Á haustönn 2018 var Þóreyju boðið í þriggja daga skólaheimsókn til Farsö á Jótlandi á haustönn 2018. Skólinn sérhæfir sig í kennslu lesblindra nemenda.

Félagsfræði

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla og námsmat eru ávallt í skoðun og þróun. Nýtt efni tekið inn miðað við samfélagslega umfjöllun og atburði eftir hendinni, t.d. Brexit í stjórnmálafræðinni og Klaustursmálið. Nýr áfangi kenndur á vorönn, FÉLA3KA05 (HH kenndi), sem var þróun á áfanga á öðru þrepi sem áður hét FÉLA2KR05. Við áfangann var m.a. bætt aukinni aðferðarfræði og verkefnum sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð í rannsóknum, vinnslu gagna og framsetningu þeirra.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat. Í FÉLA2BY eru 2 próf yfir önnina. Í öllum félagsfræðiáföngum hefur verið komið inn lokaverkefni sem á að reyna að sýna fram á getu nemenda á því efni sem farið hefur verið yfir á þeirri önn. Má alltaf bæta námsmatsaðferðir og er verið að prufa sig áfram.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Helgi og Eyrún. Námskeiðið „Þrennt í einu“ á vegum félags félagsfræðikennara (Hnattvæðing, atvinnulíf, fjölbreytileiki; flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd; menningarmót í kennslunni og Afbrotufræði, íslensk lögbrot og þróun). Nokkur styttri námskeið í Innu á vegum FSu.

Þórey stundaði nám við HÍ á skólaárinu og lauk 28 ECTS og samanstóð námið af námskeiðum á mastersstigi og grunnstigi. Á haustönn 2018 var Þóreyju boðið í skólaheimsókn til Farsö á

Jótlandi. Heimsóknin stóð í 3 daga á haustönn 2018. Skólinn sérhæfir sig í kennslu lesblindra nemenda.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í FÉLA3KA var notuð bókin: Hvernig veit ég að ég veit eftir Björn Bergsson.

Engar aðrar nýjar kennslubækur en reglulega ný gögn frá kennurum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Setjast niður með ERGO og ræða skilgreiningu á félagsfræðipættinum þar. Halda áfram að þróa áfangana, nýja sem gamla, námsmatsaðferðir, kennsluaðferðir og vinna að því að koma lokaverkefnisáfangum inn á félagsvísindasvið.

Áfanginn FÉLA2BY er orðinn skylduáfangi á stúdentsbrautum og það mun hafa áhrif á félagsfræðikennsluna næstu árin. Fjölgunin mun ekki skila sér fyrr en á haustönn 2019 en þá er búist við 4 hópum í þeim áfanga.

Næstu ár verður því stærri hópur sem gæti valið hærrí áfanga í félagsfræði.

Kennarar stefna einnig á að bjóða uppá rannsóknaráfanga sem lokaverkefni á vorönn 2020.

Sá áfangi yrði þá sjálfstætt rannsóknarverkefni með stuðning frá kennurum.

2.1.7 Tungumál: franska, spænska, þýska

Kennslustjóri: Brynja Ingadóttir

	haustönn	vorönn
Hrefna Clausen	FRAN1AA05 FRAN1BB05 FRAN1CC05 FRAN2DD05	
Hrefna Clausen og Örlygur Karlsson		FRAN1AA05 FRAN1BB05 FRAN1CC05
Brynja Ingadóttir	ÞÝSK1AA05 ÞÝSK1BB05 ÞÝSK1CC05 ÞÝSK2DD05	ÞÝSK1AA05 ÞÝSK1BB05 ÞÝSK1CC05 ÞÝSK2DD05
Eva Ösp Ögmundsdóttir	SPÆN1AA05 SPÆN1BB05 SPÆN1CC05	SPÆN1AA05 SPÆN1BB05 SPÆN1CC05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu.

Í spænsku var lögð áhersla á lesskilning og orðaforða. Smáforritin Quizlet og Kahoot voru mikið notuð í öllum áföngum, ásamt conjuguemos.com til þess að æfa sagnbeygingar. Nemendur tóku 2 lesskilningspróf á vorönn, en það var ekki á haustönn. Í CC áföngunum var einnig sú nýjung að nemendur öfluðu sér upplýsinga um spænskumælandi lönd og kynntu í litlum hópum. Gekk það ágætlega.

Í frönsku var kennsluforritið Quizlet.com áfram notað til að auka fjölbreytni við orðaforðatíleinkun. Það forrit hefur gefið góða raun og hugnast nemendum vel til að brjóta upp námið og læra í gegnum leik.

Í þýsku var unnið með orðaforða á nýjan „gamaldags“ máta. Í stað þess að nota smáforritið Quizlet drukku nemendur í sig nýjan orðaforða af orðakortum sem þeir í sameiningu glímdu við í tímum. Vakti þessi leikur mikla lukku, nemendur unnu saman, hjálpuðust að og lifandi samskipti sköpuðust milli nemenda sem létu vel af þessari nýjung.

Í þriðja áfanga í þýsku var aukin áhersla á hlustun. Nemendur hlustuðu á fjórar smásögur og unnu verkefni úr sögunum. Þeir fengu að hlusta eins oft og þeir vildu og þurftu. Í sama áfanga var einnig aukin áhersla á munnlega færni og voru þrjú munnleg próf á önninni í stað eins til tveggja áður.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lokapróf í próftöflu var bæði á haust og vorönn í skylduáföngunum þremur í frönsku, spænsku og þýsku. Í fjórða áfanganum, sem er valáfangi, var símat, bæði á haust- og vorönn. Í spænsku var lokapróf 40% í AA og BB áföngum, en 30% í CC áfanga. Annareinkunnin samanstóð svo af: 2 hlutaprófum (20%), 2 lesskilningsprófum (10%), 1 hlustunarprófi (10%), 1 ritunarverkefni (10%), munnlegt verkefni (5%) og munnlegt próf (5%). Í CC áfanganum var munnlegi hlutinn 15%: 10% kynning og 5% munnlegt próf og svo gildi ástundun og virkni 5%. Í þýsku voru lokaprófin í skylduáföngunum þremur 75% sem skiptist í 50% skriflegt próf, 10% hlustun og 15% munnlegt próf. Annareinkunnin 25% samanstóð af kaflaprófum og ýmis konar verkefnum á önninni.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Í spænsku voru sömu bækur notaðar (Nuevo español en marcha), en að auki tók Eva saman verkefnahefti fyrir alla áfanga sem var notað með bókunum. Heftið var selt á skrifstofu skólans. Síðan voru glærur og annað ítarefni á Innu.

- Í frönsku er kennslubókin Alter-Ego +1 notuð sem stuðningur við kennsluna. Sú bók er langt frá því að vera fullkomin og kennari þarf að útbúa mikið af ítarefni jafnt og þétt yfir önnina. Vinnubókin sem fylgir kennslubókinni hefur ekki gefist vel og nú hefur verið ákveðið að sleppa henni næsta vetur en taka þess í stað saman verkefnahefti fyrir áfangana á næstu önn líkt og spænskan gerði í vetur og bjóða til sölu á skrifstofu.

Á haustönn 2018 var tekin í notkun ný kennslubók í ÞÝSK1AA05. Bókin heitir „Starten wir!“.

Haldið var áfram með þá bók á vorönn í ÞÝSK1AA05 og ÞÝSK1BB05. Brynja Ing. átti gott samstarf við kollega sína FVA og Borgarholtsskóla sem voru samferða í tilraunakeyrslu þessa kennsluefnis. Skipst var á hugmyndum og verkefnum og rætt um fagleg málefni og reynslu af nýja efninu. Mikil ánægja var almennt meðal nemenda með þetta nýja efni, bæði kennslubókina og verkefnabókina. Þó kennslubækur reynist vel, er aldrei hjá því komist að búa þurfi til itarefni og alls kyns verkefni vil viðbótar.

Annað

Reynsla kom á nýtt fyrirkomulag stöðuprófa sem unnið var af kennurum þriðja tungumáls á vorönn 2018. Tveir nemendur hafa nú tekið stöðupróf í þýsku og einn í spænsku. Stöðupróf í frönsku eru nú í umsjá fransk-íslenska félagsins Alliance Française í Reykjavík sem hefur umsjón með framkvæmd þeirra.

Þann 28. sept. 2018 fóru 7 þýskunemendur ásamt kennara sínum Brynju Ing. í fjögurra daga ferð til Berlínar. Skoðaðir voru helstu ferðamanna- og sögustaðir borgarinnar. Ánægðastir voru nemendur með fjögurra tíma hjólaferð sem farin var um miðborgina með leiðsögn íslensks leiðsögumanns sem skýrði nemendum einkar vel frá sögu borgarinnar.

Berlinarferðin tókst í alla staði vel.

Frönskunemendur í BB og CC tóku þátt í árlegri samkeppni á vegum franska sendiráðsins og frönskukennarafélags Íslands og bjuggu alveg frá grunni til stuttmynd um gildi frönsku fyrir íslensk ungmenni. Vel tókst til og augljóst að vinna af þessu tagi hugnast nemendum vel og þéttir hópinn. Sama má segja um menningarferð allra frönskuhópanna og kennara til Reykjavíkur í tengslum við franska kvikmyndahátíð sem haldin var í lok janúar og hristi nemendur vel saman.

Í frönsku voru BB, CC og DD áfangar kenndir saman á haustönn og BB og CC á vorönn vegna lítils nemendafjölda. Í þýsku voru CC og DD áfangar kenndir saman á haust- og vorönn. Samkenntla af þessu tagi krefst mikils af bæði nemendum og kennara og er flókin í framkvæmd.

2.2 Svið: Listir, íþróttir, starfsmenntir, stærðfræði og raungreinar

Sviðsstjóri: Kristín Runólfsdóttir

2.2.1 Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir

Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir

Kennslustjóri: Ásdís Björg Ingvarsdóttir

Kvikmyndasaga

Listir og menning

Kennari og áfangar

	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Árni Blandon	LIME1IN05	LIME2HÖ05
	KVIK1KH05	KVIK2KT05
	KVIK2KÖ05	KVIK1HS05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Í inngangsáfanganum í kvikmyndasögunni á haustönn var farið í gegnum fjölda hugtaka í kvikmyndafræðum og tekin sýnidæmi um meistaralegar klippingar í *Psycho* (Hitchcock) og *Beitiskipinu Potemkin* (Eisenstein). Auk þess sýndar nokkrar heilar kvikmyndir m.a. *Some Like it Hot* og *Clockwork Orange*.

Í framhaldsáfanganum í kvikmyndum á haustönn var tekin upp sú nýjung að brjóta upp ritgerðarefnið í stuttar hugleiðingar og mæltist það vel fyrir.

Í kvikmyndaáföngunum á vorönn voru sýndar myndir eins og *Pan's Labyrinth* og *Sylvia*.

Í inngangsáfanganum í Listum og menningu á haustönn var farið í menningarferð til Reykjavíkur og leikhúsgyðjunni sinnt með því að sjá *Rocky Horror* í Borgarleikhúsinu; voru nemendur mjög ánægðir með sýninguna. Nokkur hluti annarinnar fór í að kynna fræðihugtök úr leikhúsheiminum og setja nemendur inn í sögu leiklistarinnar. Í menningarferðinni voru, auk leikhúsheimsóknarinnar, tvö listasöfn skoðuð.

Á vorönn var menningarferðin í Listum og menningu farin í Listasafn Reykjavíkur og Hönnunarsafnið í Garðabæ.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Hið margreynda símat var notað áfram og gafst vel eins og alltaf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Farið á kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF), 10 myndir skoðaðar. Farið á *Yerma* eftir Lorca í útsendingu breska þjóðleikhússins (NT), séð í Bíó Paradís. Farið á beina útsendingu á ýmsum óperum í Kringlubíói (Metropolitan óperan í New York), fylgst með nýjustu kvikmyndum í kvikmyndahúsum og svo frv.

Farið til New York á ýmis söfn, einnig til Madrid og Amsterdam á óperur og söfn.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Í stað þess að láta nemendur kaupa bækur í Listum og menningu á vorönn, var ákveðið að ljósrita hluta úr bókum bæði í Arkitektúr, Myndlist og Ljósmyndum. Mæltist það vel fyrir.

Leiklist

Kennari og áfangar

	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Guðfinna Gunnarsdóttir	LEIK1AA05	LEIK1AA05
	LEIK2BB05	LEIK2AB05
	LEIK2CC05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Nemendur skrifuðu sín eigin leikrit og fluttu í tíma á haustönn. Þau unnu einnig samstarfsverkefni með nemendum í skapandi skrifum í íslensku þar sem nemendur í íslensku skrifuðu stuttverk, sem nemendur í leiklist æfðu og fluttu á sérstakri sýningu víðsvegar um skólann. Nemendur í leiklist á haustönn tóku þátt í Leiktu betur, spunakeppni framhaldsskólanna og nýttu sér þekkingu úr spunaæfingum í leiklist sem grunn. Kennari aðstoðaði við æfingar.

Á vorönn unnum við samstarfsverkefni, tónleika, með unglingskór Selfosskirkju sem nefndist „Raddir sunnlenskra ungmenna“. Verkefnið fólst í því að GG hitti kórinn og hugstormaði með þeim um tilfinningar þeirra, vonir og væntingar. Einnig hitti GG kórstjóra og vann að lagalista fyrir kórinn. GG bjó til handrit fyrir hópinn, því næst hittust hóparnir tveir nokkrum sinnum í Selfosskirkju og æfðu prógrammið. Tveir leiklistarnemendur sungu jafnframt einsöng með kórnum. Verkið var svo flutt í Selfosskirkju með hljómsveit, sunnudaginn 6. apríl. Þarna komu saman tveir aldurshópar, tónlist, leiklist og heppnaðist afskaplega vel.

Á vorönn var fyrir utan tónleikaverkefnið aðeins eitt stórt verkefni á dagskrá, þátttaka í Þjóðleik 2019. Nemendur völdu verkið *Iris* eftir Brynhildi Guðjónsdóttur og Ólaf Egil Egilsson til flutnings. GG fékk Leikfélag Selfoss til samstarfs við hópinn, Leikfélagið lánaði húsnæði sitt og tæknaðstoð við uppsetninguna. *Iris* var frumsýnt miðvikudaginn 10. apríl fyrir fullu húsi. Strax eftir páskafrí var svo æft aftur til að fara með verkið á Þjóðleik, leiklistarhátíð ungmenna sem haldin var í Hveragerði 26. apríl. Nemendur léku verkið tvisvar og hlutu mikið hrós fyrir.

Nöfnum leiklistaráfanga var breytt um áramót í samræmi við breytingar á námsskrá.

Húsvörður setti upp króka í sal skólans sem auðveldar uppsetningu svarta æfingatjalda í leiklist.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Blandað símat.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námskeið í skapandi skrifum í New York í lok vorannar 2018 og námskeið í trúðleik hjá Ágústu Skúladóttur í Leiklistarskóla Bandalagsins sumarið 2018.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Lagt er til meira samtal meðal kennara á nýrri listnámsbraut með það fyrir augum að þroska og velta fyrir sér stefnu brautarinnar og markmiðum. Að auki væri gott að fá samtal um möguleika á þverfaglegu samstarfi og samtali milli listgreina.

Einnig vantar alveg samtal um útfærslu á kennslu í Listum og menningu og tengingu þess áfanga við annað listnám í skólanum.

Myndlist

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Ágústa Ragnarsdóttir	MYND2TK05	MYND2TK05
	MYND2GH05	MYND2GM05
	MYND2TM05	FABL2FL05
	FABL2FL05	MYND1SX05
	MYND1SY05	MYND1SX01
	LHRMYN	LHRMYN
	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Elísabet H. Harðardóttir	MYND2LF05	MYND2LF05
	MYND3SS05	MYND3ML05
	MYND1SX02	MYND1SX05
	MYND1SX05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Engir nýir myndlistaráfangar voru kenndir í fyrsta sinn í mörg ár, enda komin mynd og farvegur á nýja braut. Hins vegar var kenndur Fab Lab áfangi í fyrsta sinn sem mun ásamt

Grafískri miðlun og Grafískri hönnun heyra undir Nýsköpun og miðlun en Ágústa kemur að þeim öllum.

Í FAB2FL05 sem mun bera heitið NÝMI2FL05 framvegis er markmiðið að nemendur kynnist möguleikum starfrænnar tækni, frjálsum hugbúnaði, Fab Lab smiðju og öðlist grunnfærni í að nota tækni 21. aldarinnar með stafrænum framleiðsluaðferðum. Nemendur kynnast áhöldum FAB Lab smiðjunnar í gegnum verkefni og kennt á frí tvívíddar og þrívíddar teikniforrit sem henta fyrir hönnun sem þessa. Verkefni eru framkvæmd m.a. í laserskera, vínylskera, þrívíddarprentara og fræsara. Lögð er áhersla á hugtakið nýsköpun og að nemandinn öðlast færni til að virkja sköpunarkraft sinn og koma þeirri þróun í framkvæmd í FabLab-smiðju.

Þrátt fyrir að verið sé að kenna áfanga í 2. eða 5. sinni eru þessir eldri áfangar í sífelldri endurskoðun.

Í áföngunum Grafísk hönnun (MYND2GH05 sem verður NÝMI2GH05 framvegis) og Teiknimyndasögur og myndskreytingar (MYND2TM05 sem verður MYNL2MS05 framvegis) voru ákveðin verkefni endurnýjuð mikið eða að öllu leyti og áherslum í ákveðnum hluta áfanganna verulega breytt þó innihaldið og markmið sé hið sama. Var merkjanlegur umtalsverður ávinningur af þessum breytingum, aukinn skilningur nemenda augljós og verkefni öðluðust meiri dýpt vegna þessa. Í Teikningu 1 (MYND2TK05 sem verður MYNL2TK05 framvegis) voru 2 verkefni eilítið uppfærð á haustönn sem virkaði svo vel að áfanginn var kenndur óbreyttur á vorönn í fyrsta sinn í mörg ár.

Í grafísku hönnuninni var góðum verkhluta varið í samstarfi við félagsfræðiáfangann Flóttamenn. Hönnunarnemendurnir unnu stór plaköt út frá þessu „konsepti“ sem ætlunin var að sýna á lokasýningu Erasmusverkefnisins Refugees í Prag í apríl.

Í grafískri miðlun var verkefni m.a. sem tengdist umhverfisnefnd FSu en nemendur grafísku miðlunarinnar unnu tillögur að merkingum á ruslafötur skólans. Um samkeppni var að ræða og þó nokkrar tillögur litu dagsins ljós þar sem einn stóð uppi sem sigurvegari og er ætlunin að næsta haust verði þessar merkingar komnar í gagnið hér innan húss.

Áfanginn Grafísk miðlun (MYND2GM05 sem verður NÝMI2GM05 framvegis) lenti í verulegum ógöngum þegar í ljós kom í upphafi kennslu á vorönn að hann rakst á við stærðfræði sem þurfti að nota tölvustofuna á sama tíma en grafísk miðlun er þess eðlis að hún krefst þess að vera í tölvustofunni með ákveðin forrit alla tímana og verður ekki unnin annars staðar. Af þessu leiddi að breyta varð kennsluáætlun all verulega og skera niður um allt að 25% þegar upp var staðið enda 25% kennslustunda farnar. Er afar mikilvægt að þetta hendi ekki aftur. Þá hefur verið ákveðið í samráði við Helga Hermannsson að setja forrit áfangans í 2 tölvur á bókasafninu til að nemendur hafi aðgang að þeim þar þegar þeim hentar.

Áfanginn Litir og form (MYND2LF05 sem verður MYNL1LM05 framvegis eða Litir og myndbygging var færður niður um þrep) fékk rækilega uppfærslu fyrir haustönn 2018 sem virkaði vel og var kenndur með sama sniði á vorönninni.

Þriðja þreps áfanginn Straumar og stefnur (MYND3SS05 sem verður MYNL3SS05 framvegis) var kenndur í annað sinn á haustönninni. Þar fengu nemendur að spreyta sig á verkefni sem tengt var við Erasmusverkefnið “THE ART IN DESS” og fengu verkin að fljóta með á listahátíðina í Rúmeníu.

Þriðja þreps áfanginn Myndlist (MYND3ML05 sem verður MYNL3ML05 framvegis) var kenndur í annað sinn á vorönninni og með svipuðu sniði og áður.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Þá skráir kennari árangur jafnóðum að verkefnum loknum inn í Innu þar sem nemendur hafa strax aðgang að einkunnum sínum. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Ekkert hefðbundið próf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

EHH:

Erasmusferð erlendis í tengslum við verkefnið “THE EUROPEAN ART FESTIVAL”, “THE ART IN DESS” (Democratic European Schools of Success). Farin í september til Braila í Rúmeníu.

ÁR:

Júní 2018: Fimm daga námskeið hjá Gullkistunni á Laugarvatni. Unnin voru bókverk út frá ákveðnu handgerðu bókbandi, mikil konseptvinna og dýpt. Kennari var bókverkslistakonan bandaríska Brooke Holve.

Að kenna Fab Lab í fyrsta sinn var stökk í djúpu laugina og krafðist heilmikils auka grúskis og náms báðar annir. Þetta var mjög lærdómsríkt.

Fyrirlestur og kynning (1,5 klst) á listnámi á framhaldsskólastigi og mögulegu háskólanámi sem og framtíðarvinnu í kjölfar listnáms. Haldið í Grunnskólanum í Þorlákshöfn fyrir 10. bekk. Tvær Erasmusferðir erlendis í tengslum við verkefnið Refugees. Í október var það Kryoneri á Grikklandi og í apríl Prag í Tékklandi.

EHH og ÁR:

Þær stöllur hafa unnið að sameiginlegu verkefni sem er sprottið upp og orðið til beint vegna myndlistarkennslu þeirra í FSu, verkefni sem þær nota til að sýna nemendum sínum.

Verkefnið hlaut styrk frá Sóknaráætlun Suðurlands á vordögum 2018 sem gerði þeim fært að ramma inn um 30 myndir og hafa nú þegar verið settar upp 3 sýningar. Í október og fram í

nóvember var sýnt í Gallerínu undir stiganum í Þorlákshöfn. Í desember var sýnt á Bókasafni Árborgar á Selfossi og nú í maí er sýningin á Bókasafninu í Hveragerði.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Engar kennslubækur, en nýjar eða bættar glærur og kennslublöð í öllum áföngum.

FSu myndlist á Facebook er orðið gríðarlega mikilvægt kennslugagn eftir því sem fleiri gögn hlaðast þar inn frá önn til annar. Kennarar halda einnig áfram að vera með sameiginleg gögn á drive, s.s. glærur, myndasöfn o.fl. sem hægt er að sækja í. Sífelld er bætt þar við efni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Viðhalda áfram sýnileika myndlistardeildar í skólanum með þéttu sýningarhaldi af verkum nemenda og innsetningum sem og áherslu á þann möguleika sem hin nýja námskrá býður upp á hvað varðar listnám til framtíðar. Skoða af fullri alvöru nýjan skilduáfanga, svokallaðan lokaáfanga, á listalínu til stúdents.

Gæta þess þegar opnar fyrir val næstu annar að allir áfangar í boði séu örugglega til staðar í stafræna valinu MYND2TM05 = MYNL2MS05 varð fyrir því óláni að fara ekki þar inn og mun því næsta víst verða skorinn á haustönn 2019.

Hugmynd í vinnslu: Sýning úti í bæ í lok annar ... fyrir 3. þrep? Sækja um tímanlega og eiga kannski fastan sess á bókasafni Árborgar um jólar og að vori?

Hönnun og textíll

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Helga Jóhannesdóttir	HÖNN2EH05 HÖNN1SA05	
Guðbjörg Bergsveinsdóttir		HÖNN1FH05 HÖNN2SA05
Jórunn Elva Guðmundsdóttir		HÖNN2SA05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Haustönn: Helga J. var oftast með innlegg í vikubyrjun í breytttri vinnuáðstöðu í stofu 305, þar sem nemendur stóðu við stórt sniðaborð gengt töflunni. Kom vinnulagið mjög vel út – samskiptin buðu upp á góða nánd.

Vorönn: Guðbjörg skipulagði kennsluna smám saman út frá skyndilegum forföllum Helgu í upphafi annar og síðan áfram, þar sem afleysingatímabilið lengdist smám saman og varaði út önnina.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat í samstarfi við nemendur frá fyrsta degi, þ.e. haldið utan um sameiginlegt mat með „tékklista/excelskjali“ yfir öll verkefni annarinnar. Tekið saman í annarlok. Matið byggir mikið á samanburði og umfangi verkefna.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Guðbjörg sótti námskeið í vöfluhekli.

Helga sótti Fatex/EHÍ námskeiðið „Skapandi hugmyndavinna“ í júní 2018

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Einu nýjungarnar þennan skólavetur var nýtt og betra umhverfi og lýsing í kringum strauaðstöðuna.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram að þróa kennsluáðferðir út frá reynslunni nú og áður.

Matvælagreinar

Kennarar og áfangar

	Hautönn 2018	Vorönn 2019
Guðríður Egilsdóttir	MATR1VB05	MATR1VB05
Jórunn S. Birgisdóttir	MATR1SX05 SMÁR1SX02	MATR1VB05 MATR1SX05 BAKA1SX02

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Á þessu ári höfum við nýtt okkur netið í meira mæli en áður þar sem faglegt efni til fræðslu er aðgengilegra en áður.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat eftir hvern tíma, einstaklings- og hópverkefni bæði bókleg og verkleg, kynningar, leiðsagnarmat og jafningjamat.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

GE sótti námskeið hjá Endumenntun HÍ: Súrkaálveisla fyrir þarmaflórana.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Efni frá Sveitafélaginu Árborg. Við Hugsum áður en við hendum.

Efni um matarsóun frá Landvernd og Umhverfisstofnun.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

MATR1VB05 í vali er góður áfangi fyrir alla nemendur þeir öðlast færni og þekkingu sem stuðlar að sjálfbærni og heilbrigðari lífsháttum í framtíðinni. Nemendur fá fræðslu um umhverfisvernd eins og matarsóun og flokkun. Eins kemur val áfanginn að góðum notum fyrir atvinnulífið hér á Suðurlandi, það sem nemendur eru margir hverjir í vinnu á veitingastöðum.

Íþróttir

Fagstjóri: Sverrir Ingibjartsson

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	AFRE2NÆ05	BRAGI1SB01
	BRAGI1SA01	ÍÞRÓ1ÞH03
	ÍÞGR3HA03	ÍÞRÓ2ÞL03
	ÍÞRÓ1ÞH03	ÞRÓ2ÞR02
	ÍÞRÓ1ÞX02	ÍÞRÓ1ÞX02
	ÍÞRÓ3JF02	ÍÞRÓ2JF02
Gunnar Rafn Borgþórsson	ÍÞRÓ1ÞH03	ÍÞRÓ1ÞH03
	ÍÞRÓ2ÞL03	ÍÞRÓ2ÞL03
	ÍÞRÓ2ÞR02	ÍÞRÓ2BL02
Magnús Tryggvason	ÍÞRÓ1ÞH03	
	ÍÞRÓ2BA02	
	ÍÞRÓ1ÞX02	
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍÞRÓ2JÓ02	ÍÞRÓ2JÓ02
Sverrir Ingibjartsson	BRAGI1SA01	BRAGI1SB01
	ÍÞFR2ÞJ05	ÍÞFR2SS05
	ÍÞFR3LL05	ÍÞGR3BA03
	ÍÞRÓ1ÞH03	ÍÞRÓ1ÞX02
	ÍÞRÓ2ÚF02	ÍÞRÓ2JF02
	ÍÞRÓ3JF03	ÍÞST3AÐ03

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Litlar breytingar voru gerðar á kennsluháttum þetta skólaár en að sjálfsögðu eru þeir í stöðugri móttun. Það var ákveðið að hætta með vinnubók í bóklegum íþróttum. Þess í stað voru verkefni lögð fyrir nemendum í gegnum Innu. Okkur finnst það koma betur út, auðveldara er að breyta verkefnum nemenda milli anna og álag yfirferðar á verkefnum dreifist betur yfir önnina. Vankantar við þetta eru einna helst þeir nemendur sem fara lítið í Innu og geta því misst af einhverjum verkefnum, en ef þeir mæta í tíma þá á ekkert að fara framhjá neinum og hægt er að skila verkefnum skriflega.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í verklegum íþróttum er eingöngu um símat að ræða. Þar gildir mæting 40-60%, mest í fjallgönguáföngunum sem kenndir eru fyrir utan stundatöflu.

Í bóklegu íþróttunum er einnig um símat að ræða nema þar er endað á litlu lokaprófi í síðasta kennslutíma annarinnar. Lokaprófið gildir 30% af lokaeinkunn.

Í jóga gildir mæting 50% og verkefni 50%, sem hefur reynst vel.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

RE - stöðug endurmenntun sem virkur jógakennari.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Ýmis áhöld voru keypt í þreksal skólans. Nýtast þau vel í íþróttakennslu og akademíuáföngum en einnig öðrum íþróttamönnum eftir að skóla er lokið. Er þreksalurinn nú afar vel búinn tækjum en næsta skref er að endurnýja þrekhlólin. Smá áhöld eins og boltar, badmintonspaðar o.fl. var keypt fyrir íþróttakennsluna. Einnig fórum við í smá samstarf við smíðadeildina í Hamri sem bjuggu til trékassa fyrir okkur sem nýtast við þjálfun. Engin kennslubók er í jóga en stöðugt er verið að bæta inn á Innu áhugaverðu efni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Til umræðu er samstarf við KSÍ. KSÍ er tilbúið að bjóða nemendum í ÍPRG3KN03 fyrirlestra t.d. um næringu og íþróttasálfræði. Þetta yrði skólanum að kostnaðarlausu.

Annað

Á haustönn fóru sjö nemendur ásamt Ásdísi og Sverri í heimsókn til Farsö Efterskole sem staðsettur er á norðvestur Jótlandi. Sá skóli leggur mikið uppúr útivist og fórum við m.a. í kanó siglingu og skógarferð þar sem gist var undir berum himni. Í mars komu nemendur frá Farsö í heimsókn til okkar og fórum við með þeim m.a. í gönguferð, gljúfra- og hellaskoðun, í eldfjallasafn og í heimsókn í íslenska sveit.

Með tilkomu handboltans í lðu hafa þó nokkrar skipulagsbreytingar átt sér stað. Margt af því er gott og nýttist öllum, eins og fleiri æfingatæki og áhöld. En við viljum minna á að lða er fyrst og fremst kennsluhúsnæði og vinnustaður kennara og nemenda FSu. Þó svo að við styðjum handboltastarfið heilshugar þá hefur yfirgangurinn oft á tíðum verið ansi mikill og við þurft að standa fast á okkar, má þar m.a. nefna að fá að klára kennslutímana okkar eftir hádegi og að halda áhaldageymslunni í fullri stærð.

2.2.2 Hestagreinar

Fagstjóri: Sissel Tveten

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Sissel Tveten	HEST1GR05 REIM1GR05 HEST3PG04 REIM3PG05 VINU2FH02 VINU3SH02	HEST2KF04 REIM2KF05 REIM3PK05 FÓHE1GR03
Sigurður Torfi Sigurðsson	FÓHE2HU03 FÓHE2FU05 VINU2FH02 VINU3SH02	
Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir	HEST2GP05 REIM2GP05 VINU2FH02 VINU3SH02	FÓHE3AU03 LOKH3HB03 LEIH2HE04 REIM1GF05 HEST1GF05
Freyja Hilmarsdóttir	Starfsbraut REIM2GP05 REIM1GR05 VINU2FH02 VINU3SH02	Umsjón starfsnáms Starfsbraut REIM1GF05 REIM2KF05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- Áslaug Fjóra og Sissel kenndu Fóðrun og heilsu áfanga í fyrsta skiptið.
- Freyja Imsland, doktor í erfðafræði, var fengin til þess að halda fyrirlestur um hestaliti og erfðir fyrir alla nemendur á brautinni.

-Dr. Susanne Braun dýralæknir og kírópraktór var fengin í gestakennslu hjá 3. árs nemendum í verklegu og bóklegu. Hún hélt einnig sýnikennslu fyrir alla nemendur á brautinni um hnakka og að máta hnakk á hest.

-Samstarf milli þrepa og samstarf við grunnskóla og hestamennafélagið hefur þróast áfram og gefið nemendum góða verklega reynslu, til dæmis í leiðbeinendaáfanganum.

-Nemendur voru fengnir til þess að vera með sýningaratriði á Hestafjöri sem er barnasýning á vegum hestamannafélagsins Sleipnis. Þetta reyndist góð og mikilvæg reynsla í að koma fram á hesti og sýna.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

-Allir áfangar eru símatsáfangar og teljum við það einu leiðina til þess að meta færni og virkni nemenda í verklegu áföngunum. Okkur finnst símat einnig virka vel í bóklegu áföngunum en höfum rætt möguleika á að hafa lokapróf sem maður getur sleppt ef einkunn eftir önnina er yfir 8. Okkur finnst að það gæti verið hvetjandi kerfi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

-Kennarar hafa nýtt sér gestafyrirlesara og sækjum öll reglulega reiðkennslu hjá ýmsum kennurum allt árið.

-Áslaug Fjóra fór á equitana sýninguna, sem er ein stærsta hestasýning í Evrópu. Hún sótti fleiri sýnikennslur hjá heimsfrægum þjálfurum á þeirri sýningu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Bækur er þær sömu, kennslugögn eru mjög fjölbreytt og sækjum við þau á netið, í bækur og búum þau til.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

-Við erum búin að ræða við aðstoðarskólalastjóra um að sækja eftir samstarfi við RML ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins um að koma að kennslu í fóðrun og heilsu. Það myndi vera gríðarlegur styrkur að geta fengið sérfræðing í hvert efni fyrir sig í kennslunni. Við vonum að þetta sé eitthvað sem við náum að útfæra.

2.2.3 Raungreinar

Kennslustjóri: Ronald B. Guðnason

	haustönn	vorönn
Ronald Björn Guðnason	EÐLI2GR05	EÐLI2GR05
	EÐLI1MG03	EÐLI3VB05
	LAND2EL05	LAND2EL05
		STJÖ2AS05
		EÐLI1XB02

Ólafur Einarsson	JARÐ2JÍ05	JARÐ2JÍ05
	LÍFF2EL05	LÍFE2LN05
	LÍFF3ÖR05	LÍFF2EL05
	UMHV2UM05	
Jón Grétar Hafsteinsson	EFNA2AE05	EFNA2AE05
	NÆRI2AA05	EFNA3BB05
		NÆRI2AA05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Engar nýjungar, nema vendikennsla Ronalds á nú líka við EÐLI3VB05.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lokapróf í NÆRI2AA05, EÐLI2GR05, EÐLI3VB05 og EFNA2AE05 en símat í EÐLI1MG03, STJÖ2AS05, JARÐ2JÍ05, LÍFE2LN05 og LAND2EL05.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ronald tók þátt í evrópsku samstarfsverkefni Erasmus+, um var að ræða heimsóknir erlendra kennara og nemenda til okkar og síðan ferðalag til Spánar í maí 2019.

Einnig „erfði“ hann verkefni frá Nordplus sem Úlfur hafði sótt um, en gat ekki sinnt vegna þess að hann hætti í skólanum. Í þessu verkefni voru 15 nemendur og tveir aðrir kennarar í skólanum uppteknir í allan vetur. Við fengum heimsókn frá Svíum í september 2018 en fórum til þeirra í heimsókn í apríl 2019.

Ólafur sótti ráðstefnuna International Swan Symposium í október 2018.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Engar nýjar bækur voru notaðar, en kennslugögn í stjörnufræði voru uppfærð samkvæmt nýjum uppgötvunum og nýjustu þekkingu eins og vaninn er. Ólafur er nú hættur að nota rafbók í lífeðlisfræðinni sökum hás kostnaðar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Það er brýnt að auka þekkingu okkar á hinum ýmsu sviðum náttúrugreinanna, enda höfum við fengið aðrar kennslugreinar utan okkar sérsviðs sem kennslufög.

Ronald var í fyrsta sinn með tvo eðlisfræðiáfanga í einum hóp sem gekk ágætlega en þó ekki vandræðalaust. Til þess að það gengi alveg upp, var nauðsynlegt að búa til fyrirlestra á netinu í EÐLI3VB05 sem var talsverð vinna. Það er mikið áhyggjuefni að nemendum hefur snarfækkað í náttúrufræðigreinum og erfitt og jafnvel ómögulegt er að bjóða upp á framhaldsáfanga sem enda með að vera skornir niður sökum of fárra nemenda.

Annað

Við erum nú bara þrír kennarar eftir í náttúrufræðideildinni, og þó höfum við ekki næga kennslu innan náttúrufræðinnar og þurfum því að kenna ERGÓ áfanga. Þetta er dapurlegt ástand.

Mikill tími fer í umsýslu Innu, í stað Moodle áður.

Nýr áfangi var settur í gang á þessari önn, stjórnufræði fyrir nemendur á starfsbraut eða EÐL1XB02. Vissulega er þetta annars konar kennsla og áskorun út af fyrir sig.

2.2.4 Sjúkraliðagreinar

Fagstjóri: Íris Þórðardóttir

	haustönn	vorönn
Íris Þórðardóttir	HJÚK2TV05	HJÚK3FG05
	HJÚK3ÖH05	HJÚK3LO05
	LÍOL2IL05	LÍOL2SS05
	SJÚK2GH05	SÝKL2SS05
	HBFR1HH05	SIÐF1SF05
	VINN3ÖH08	VINN3GH08
Jónína Lóa Kristjánsdóttir		LYFJ2LS05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Nýjungar voru fáar á þessu ári. Jónína Lóa Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur kenndi Lyfjafræði á vorönn.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat kom vel út en skoða þarf möguleika á stífari mætingarreglum í próflausum áföngum og ef skólasókn er undir viðmiðum (80 %) þá fari nemandi í lokapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Íris:

Námskeið 2 nóv. um notkun smáforrita í kennslu.

Námskeið hjá LSH um blóðmeín og nýjustu tækni í blóðskiljunum.

Námskeið á félagsvísndadeild HÍ um sorg og sorgarviðbrögð barna.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Stöðugt er verið að skoða nýtt kennsluefni en kennslubækur í hjúkrun hafa ekki staðið undir væntingum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Í haust kemur inn nýr hópur til tveggja ára og við kveðjum þennan eftir tveggja ára samveru.

Æskilegt væri að hafa sérfög deildar saman í stundatöflu fyrir þá nema sem eingöngu eru í þeim, svo þeir gefist ekki upp vegna þess að þau geta ekki unnið með náminu.

Annað

Vinnu- og kennslufriður í lðu er ekki ýkja mikil eftir hádegi vegna fjölda ungra barna sem þá mæta til æfinga og jafnvel klukkutíma fyrir æfingu með tilheyrandi látum.

2.2.5 Stærðfræði

Kennslustjóri: Ólafur Bjarnason

Skólaárið 2018-2019 var skipting stærðfræðikennslunnar eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Níu kennarar kenndu stærðfræði á haustönn og sjö á vorönn. 5 af þessum kennurum voru í fullu starfi við stærðfræðikennslu á báðum önnum.

	haustönn	vorönn
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR2AF05 STÆR2PT05	STÆR2RU05 STÆR2TL05 STÆR2PT05
Ingunn Helgadóttir	STÆR1AA05	
Ingvar Bjarnason	STÆR2AR05 STÆR2HV05 Ýmsir áfangar á Sogni	STÆR2AF05 Ýmsir áfangar á Sogni
Auk þess hafði Ingvar umsjón með fjarnámi grunnskólanema í STÆR2AR05 á haustönn og STÆR2AF05 á vorönn.		
Jón Grétar Hafsteinsson	STÆR1AA05	
Kjartan Ólason	STÆR1AJ05 STÆR2RU05 STÆR2VF05	STÆR1XB05 STÆR1AJ05 STÆR1BB05 STÆR2VF05
Magnús Másson	STÆR1AJ05 STÆR2AR05 STÆR2RU05	STÆR1XB05 STÆR1AJ05 STÆR2AF05 STÆR2RU05
Ólafur Bjarnason	STÆR1SX05 STÆR2TL05	STÆR1RX05 STÆR2TL05 STÆR3TL05

Renata Lis	STÆR2HV05	STÆR1BB05
	STÆR3FD05	STÆR2HV05
	STÆR3HD05	STÆR3FD05
	STÆR3SG05	STÆR3HD05
Ægir Sigurðsson	EXCE2GF05	STÆR2RU05
	STÆR1AA05	Ýmsir áfangar
	Ýmsir áfangar	á Litla-Hrauni
	á Litla-Hrauni	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nokkrir kennarar deildarinnar héldu áfram að nota „Wolfram Alpha“ og „GeoGebra“ til stuðnings við hefðbundna kennslu. Þetta eru tölvuforrit sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu og hafa reynst góð hjálpartæki við stærðfræðikennslu. Nú er að koma nokkur reynsla á notkun „GeoGebra“ og hefur Guðbjörg Helga verið þar í fararbroddi.

Á haustönn var tekið í notkun kennslukerfi í Innu í stað Moodle kennslukerfisins.

Þá hafa kennarar nýtt sér excel og ýmis smáforrit ásamt videomyndum til stuðnings við kennsluna.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í stærðfræðiáföngunum STÆR1AA05 og STÆR1BB05 var námsmat byggt upp á ástundun og vandvirkni 20% og kaflaprófum á önninni 80%. Til að fylgja eftir þættinum um ástundun og vandvirkni skoðuðu kennarar vinnubækur nemenda með reglubundnum hætti. Þetta virtist vera hvetjandi fyrir nemendur. Nokkrir duglegustu nemendurnir luku báðum áföngunum á haustönn.

Áfram var stærðfræðiáföngum skipt upp í lotur. Oftast var um að ræða 4 lotur, en gátu verið undantekningar á því. Hver lota stóð að jafnaði í 3 til 4 vikur. Hverri lotu lauk með lotuprófi. Einnig þurftu nemendur að standa skil á heimaverkefnum. Ef nemandi hafði verið vel virkur alla önnina og skilað öllum verkefnum með ákveðnum lágmarks árangri og þreytt öll lotuprófin, gat hann mögulega lokið áfanga án lokaprófs í lok annar. Nákvæm útlistun á þessum skilyrðum kom að sjálfsögðu skýrt fram í kennsluáætlunum í byrjun annar. Tilgangurinn með þessu var einkum tvenns konar. Annars vegar að vera hvetjandi fyrir nemendur og hins vegar að minnka álag á nemendur og kennara á skertum prófatíma í lok annar. Metnaðarfullir nemendur stefndu á það alla önnina að sleppa við lokapróf og mörgum tókst það.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir fór vorið 2018 á tveggja daga námskeið í FabLab hjá Endurmenntun H.Í. Námskeiðið var haldið í FB og Verslunarskólanum. Þar sem komið er FabLab í skólann þar sem hægt er að prenta Geogebrulíkön í þrívídd myndast sá möguleiki að tengja þessa vitneskju við stærðfræðiáfangann STÆR2PT05.

Haustið 2018 fór Guðbjörg Helga á menntaviku í húsnæði Menntavísindasviðs H. Í. Við Stakkahlíð í Reykjavík.

Á haustönn kom Helgi Hermannsson á fund í stærðfræðideild. Þar kynnti hann fyrir kennurum deildarinnar forritunarmálið Python og möguleika þess í stærðfræðikennslu.

Þann 8. febrúar 2019 sótti Guðbjörg Helga ráðstefnu á vegum Menntavísindasviðs H.Í. í Bratta við Stakkahlíð í Reykjavík. Ráðstefna þessi bar yfirskriftina „Framhaldsskólinn í brennidepli“. Til ráðstefnu þessarar boðaði Rannsóknastofa um þróun skólastarfs og rannsóknahópur um starfshætti í framhaldsskólum í samstarfi við veftímaritið Netlu. Tílefni ráðstefnunnar var útgáfa sérriðs sem hefur að geyma m.a. niðurstöður rannsóknarinnar: Starfshættir í framhaldsskólum. Þarna voru fluttir nokkrir fyrirlestrar, þar á meðal:

- Kerfið og námsumhverfið í kennslustofunni.
- Kennsluhættir.
- Markaðsvæðing, skólaval og brotthvarf.

Þann 28. mars 2019 var Lisa Björklund Boistrup með vinnustofu um námsmat í stærðfræði. Var vinnustofunni streymt á netinu og fylgdist Guðbjörg Helga með því. Í framhaldi af þessu sótti Guðbjörg Helga Vorráðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar á Akureyri „Vísindi í námi og leik“ þar sem Lisa var aðalfyrirlesari.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Á báðum önnum var notuð kennslubókin Stæ 103(2012) eftir Jón Þorvarðarson í áföngunum STÆR1AJ05 og STÆR2RU05. Að mati þeirra kennara sem kenndu þessa áfanga reynist þessi bók nokkuð vel.

Í STÆR2AR05 var notuð bókin *STÆ 103(2012)* eftir Jón Þorvarðarson.

Í áföngunum STÆR2AF05 og STÆR2VF05 var notuð bókin *STÆ 225* eftir Jón Þorvarðarson.

Í STÆR2HV05 var áfram notuð bókin STÆR3AN sem er námsefni frá M.H. Fyrirhugað er að skipta þessu námsefni út fyrir Stærðfræði 3A eftir Gísla Bachmann og Helgu Björnsdóttur.

Í STÆR2TL05 var notuð bókin *Tölfræði (2015)* eftir Jón Þorvarðarson.

Í STÆR3FD05 var notuð á haustönn bókin *STÆ 403* eftir Jón Hafstein Jónsson o.fl.

En á vorönn var notað efni frá Stærðfræðideild M.H.

Í STÆR3HD05 var notuð bókin *Særðfræði 3000, Heildun, deildarjöfnur, runur og raðir* eftir Lars-Eric Björk o. fl.

Í STÆR3TD05 var notuð bókin *STÆ 603* eftir Jón Hafstein Jónsson o.fl.

Í STÆR3SG05 var notað efni frá kennara.

Í STÆR3TL05 var notuð bókin *Tölfræði (2015)* eftir Jón Þorvarðarson ásamt ljósrituðu hefti um t-dreifingu o.fl. frá kennara.

Í STÆR1AA05 og STÆR1BB05 var notuð bókin *Uppá punkt* eftir Kjartan Heiðberg.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Kennslustjóri leggur til að starfsemi deildarinnar verði á næsta skólaári á svipuðum nótum og á núverandi skólaári sem senn er á enda runnið.

Tækjakostur

Á báðum önnum var séð til þess að lágmarksbúnaður væri til staðar í öllum kennslustofum þar sem stærðfræði er kennd skv. ábendingum í skýrslu fyrir skólaárið 2006-2007. Búnaður þessi var endurnýjaður á haustönn 2012. Lágmarksbúnaður er í öllum stofum þ.e. góð reglustika, hringfari og gráðubogi ásamt rúðustrikuðum töflum.

Annað

Þann 9. október 2018 fór fram Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2018-2019 (forkeppni). Keppnin fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 2. og 3. ári. Einn nemandi FSu tók þátt, á neðra stigi. Hann komst ekki áfram í framhaldskeppnina sem fór fram í mars 2019.

Ekki voru starfræktir stoðtímar á skólaárinu eins og undanfarnar annir.

2.2.6 Verknám

Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson

Kennarar og áfangar	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Málmiðn		
Borgþór Helgason	AVVI3VE07	EFNG3VE03
	GÆVA2VE03	GÆVA2VE03
	IÐNT2VE07	STYT3VE03
	LAGN3VA03	TTÖL3VE05
	VÖKT2VE03	VETÆ2VE03
	STYT2VE03	VÖKT3VA03
	GÆVA2VE02	

Magnús Tryggvason	MÁLM1SX05 MÁLM1VA05 HGSU1HS03 ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ1PX02 ÍPRÓ2PX02 ÍPRÓ2BA02	MÁLM1SX05 MÁLM1VA05 ÍPRÓ2PL03 HVMÁ1MG05 MÆLM1MG02
Sigurður Grímsson	LOSU1LS03 PLVI1PA04	HVMÁ2MG05 RENN1MG05 PLVI2PA03 ÖROF1ÖF02
	Litla-Hraun: HGSU1HS03 LOSU1LS03 PLVI1PA04 RAFS2RA04	Litla-Hraun HGSU1HS03 LOSU1LS03 PLVI1PA04 RAFS2RA04
Sigurþór Leifsson	AVVI2AB04 EFNG1MG03 HGSU1HS03 EFNG2MG02 KÆLT3VA03 RAFS2RA04 RENN2VE03 VÉLF2VE03 PLVI1PA04	AVVI1MG03 AVVI3VF05 AVVI3VF05 TTÖL2MG03 VÉLF1MG03 VÉLF3VE03
Háriðn		
Elínborg Arna Árnadóttir	HÁRG2GC02 HLIT2GC01 HKLI2GC03 IÐNF2GC04 VINN2GC03 HPEM2GC02	HÁRG1GB02 HLIT1GB01 HKLI1GB03 IÐNF1GB04 ITEI1GB05 HPEM1GB02 HÁRG1VA03 (VAL)
Póra Valdís Hilmarsdóttir	HÁRG1GR02 HÁRG1SX02	HÁRG1GR02 HÁRG1SX02
Rafiðn		
Grímur Lúðvíksson	MÆLM1MG03 TNET1GR03 TNET2RB05 RAFM2RB05 RATÆ1MG03 VETG1GR05 VETG2RB05	RAFM1SX05 RAFM2RA05 RATM2RB05 RÖKR1MG03 TNET2RA03 VETG2RA03 VETG3RA05
Helgi Kristinsson	FRLA3RB05 LYST3RB05	FRLA3RA05 RAFL3RE04

	RLTK2RB05	RAFM3RF05
	RAFM3RB05	RAST2RB05
	RRVV3RA03	RRVV3RB03
	STYR3RB05	VSME2GR05
Þór Stefánsson	RAFL1RA03	RAFL1RB03
	RAFL2RB05	RAFL3RA05
	RAFM1RA05	RAFM1SX05
	RAFM1MG05	RAFM3RA05
	STYR1RA05	STYR2RA05
	STYR3RA05	RLTK3RB05
		ÍPRÓ1XE01

Húsasmíði

Jón Sigursteinn Gunnarsson	GLUH2GL07 EFNG1EF05	INKH3KI03 ÚVKH3KÚ03 TIHH3TH17
Lárus Gestsson	FRVG1RÖ05 TRÉS1SX05 VETG1VT10	HÚBH3KI03 TRÉH2HS15 TRÉS1VA05 VTSH2NV05
Óskar G. Jónsson	GRTE2FA05 BRAG1SA01 VETG1VT10	TRÉH2HS15 BRAG1SB01 LHÚH3US07 VTSH2NV05 TSTH1TS02
Svanur Ingvarsson	INRH3SH10 GRTE1FA05 GRTE2FB05 BRAG3SA01	GRTE1FA05 GRTE2FB05 TRSH3ST03 TRÉS1SX05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

BH - Nemendur fóru lengra inn í nýja námsefnið og yfirferðin var þéttari.

GL- Möguleiki er að sleppa við lokapróf í rafmagnsfræði ef vetrareinkunn var 8 eða hærri.

HK – 5. og 6. önn í rafvirkjun: Ég er búinn að búa til verkefni fyrir nemendur sem eru að klára rafvirkjun í skóla fyrir sveinspróf. Ég hef átt mjög gott samstarf með kennurum í FB og hjá þeim fengið verkefni og skilning á því hvernig ég á að skila nemendum frá mér. Ég get ekki betur séð en að þessar annir séu mjög sambærilegar við aðra skóla. Það sem stendur kannski einna mest upp úr er DALI ljósastryngarskápar og -kerfi sem er komið til okkar, gólf töfluskápar sem eru rúmlega sambærilegir við sveinsprófið sem nemendur þurfa að fara í eftir 9 mánaða vinnu á markaðnum, og mótórar og hraðastýringar sem við höfum til umráða til þess að fá góðan skilning á hvernig raftæki virka og hvernig á að bilanagreina þau.

LG- Frá mínum bæjardyrum séð felast þær aðallega í kennslu í gegnum netið, öflun rafræns kennsluefnis og notkun Innu við skipulag kennslu.

ÞVH - Við höfum við verið meira bókleg en áður, farið yfir tískusveiflur síðustu ára og jafnframt reynt að vera meira náttúruleg t.d. heimagerð sjampó og næringar rannsakaðar í kjölinn.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

BH - Ég hafði símat í áföngunum og það gaf góða raun.

EAÁ - Símat er í öllum áföngum og tekur nemandi samtals 41 próf á önn. Það á ekki við um valáfangann.

GL - Lokapróf er í Rafmagnsfræði og rafeindatækni, annars símat.

HK - Ég fór eftir aðferðum hjá FB varðandi námsmat og var með alla áfanga án lokaprófs. Ég fékk þær upplýsingar að það væri hentugast fyrir nemendur og að reynslan sýndi að það skilaði bestum skilning nemenda á námsefninu.

LG- Ég hef notað símat í öllum mínum áföngum með góðum árangri. Verkefnaskil frá mér til nemenda og nemenda til mín í bóklegum áföngum hafa alfarið farið fram í gegnum Innu kennslukerfi (pappírspotkunn í algjöru lágmarki).

Í verklegum áföngum hef ég skipt viðfangsefnum upp í verkefni sem metin eru jafnóðum og vinna fer fram, verkefni eru skráð með einkunnareglu í Innu og einkunn gefin þar jafnóðum, símat sem virkað hefur mjög vel. Misjafnt er eftir áföngum hvort nemendur sjá einkunnir strax og einkunn er gefinn eða í lok annar.

ÓGJ - Kenndi tvo áfanga í GRTE2FA05 á haustönn. Allar greinar í vetur voru metnar með símati, gerð var áfangalýsing fyrir hverja grein og lýsing á námsmati. Eftir áramót kenndi ég í fyrsta sinn TRÉH2HS15. Sá áfangi var unnin samhliða VTSH2NV05, þar sem við tengdum þá áfanga saman og unnum þá samhliða. Gekk mjög vel og á sama tíma var Lárus með annan samsvarandi hóp, við unnum kennsluáætlunina saman.

SL - Allir áfangar eru símat.

SI – Símat í verklegu að venju. Prófaði símat í grunnteikningu í fyrsta skipti. Mér fannst það heppilegt og mun nota það aftur.

ÞVH - Hef notað símat þar sem mæting er 60 %, samstarf 20% og loka greiðsla á dúkkuhöfði 20%. Ég tel að dagar nemanda séu misjafnir og ekki réttlátt að skella í eina prófgreiðslu í lokin. Skiptir meira máli hverjar framfarirnar eru hjá við komandi nemanda og hann öðlist þá færni sem leitað er eftir.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

BH - Ég fór á námskeið í teikningu, Cnc og gæðastjórnun suðumála.

EAÁ - Eitt fagnámskeið: Sustainable Hair/ Organic hair care and Green Salon. Reykjavík 11.-13. ágúst.

Endurmenntun Háskóla Íslands. Klippi og lita - námskeið Reykjavík Warehouse. Reykjavík 11. apríl.

GL - Raflagnateikning á 6. önn hjá Þór Stefánssyni í dagskóla FSu.

ÓGJ - Iðan um Varmadætur.

ÞVH - Endurmenntun Háskóli Íslands dagana 11- 13 ágúst 2018
Sustainable hair and introduction to organic hair care.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

BH - Ég prufaði nýtt kennsluefni í gæðavitund og reyndist það vel. Efnið fjallaði um gæðastaðla í suðu.

EAÁ - Pivot point kennslubækur og online kerfið sem er unnið upp úr þeim bókum. Hársnyrting undirstöðuatriði, lesbók og vinnubók. Íslensk þýðing upp úr áður nefndum Pivot point kennslubókum. Þessar bækur eru notaðar allar þrjár annirnar, þó fáum við viðbætur árlega með því nýjasta í hártísku og tækni.

GL - Engin ný kennslubók, bara sífelld uppfærsla á rafbók.is

HK - Ég hef notast við bókasafnið hjá www.rafbok.is eins og margir aðrir rafiðnaðar kennarar. Þar eru öll kennslugögn og verkefni sem þarf til. Rafbók hefur reynst mér og nemendum mjög vel.

LG - Hef notað talsvert efni af vefnum þar sem mér finnst framboð kennsluefnis á tölvutæku formi nánast ófánlegt öðruvísi, þarna verður maður að fara varlega því höfundarréttur er alltaf það sem verður að hugsa út í. Öll bókleg verkefni hjá mér eru unnin í tölvu gegnum Innu, þannig að ég hef nánast ekkert þurft að prenta verkefni út á pappír til nemenda.

SL - Það þyrfti að leggja meiri vinnu í kennslugögn í flestum áföngum. Nokkrar kennslubækur orðnar úreltar, svo sem í vélfræði og aflvélavirkjun.

SI – Búið er að panta hefilbekki í smíðastofuna. Það mun verða mikil bót af þeim, þeir gömlu eru orðnir ansi lúnir.

ÞVH - Notum lítið bækur þar sem ég kenni aðalega verklegar æfingar. En hef verið dugleg að búa til efni sem tengist tísku straumum síðast liðna öld.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

GL - Fá 2 nýja kennara í rafiðn og kenna 2 hópum á fyrsta ári ef fjöldi nemendaumsókna leyfir.

ÓGJ - Yfirfræsarinn er ekki kominn í almennilega vinnslu enn, því miður. Námskrá næsta vetrar gerir ráð fyrir að við notum fræsan til kennslu t.d. við smíði glugga og útihurða, sem og smíði innréttinga. Skólinn verður að sætta sig við að kennarar sem koma til með að vinna með vélina fái viðbótartíma til að vinna með vélina og færa iðnnám í húsasmíði til ársins 2019, framtíðarinnar, þar sem allt gerist með tölvutækni á einn eða annan hátt. Horfum til FAB LAB tækninnar sem ætti að vera upphafið og síðan framleiðslan og smíðin í yfirfræsanum. Ég trúir því að þegar við verðum farin að smíða glugga, lausa fög og útihurðir með fræsanum, verða nemendur, kennarar og fólkíð í kringum okkur ánægt. Mjög ánægður með samstarfið milli FSu, Byko og Haga (Hilti- Snickers), með vinnuföt handa nýnemum á húsasmíðabraut, flott mál sem er staðfest að verði haldið áfram í haust.

Ánægður með fundinn sem við áttum með Byko, kennurum í húsasmíði og stjórnendum skólans varðandi undirbúning og samstarf við smíði timburhúss næsta vetur. Teikningar ættu að verða tilbúnar um miðjan ágúst og verkefnið verður unnið á tveim önnum, flott mál.

SI – Nota sem mest af miðvikudagsfundunum til samráðs. Kennarar í Hamri eru einhuga um að sameiginlegt samráð allra deilda í Hamri sé mjög gagnlegt.

2.3 Svið: Sérnámsbraut - starfsbraut

Sviðsstjóri sérkennslu: Jóhanna Guðjónsdóttir

Sérnámsbrautin, áður starfsbraut FSu, er nú að ljúka sínu tuttugasta og sjöunda starfsári. Brautin hefur skipt um nafn til að koma í veg fyrir þann misskilning að nemendur séu að mennta sig til ákveðinna starfa. Nám á sérnámsbraut er fyrst og fremst sérhæft, einstaklingsmiðað námstilboð til nemenda með námserfiðleika.

Skráðir nemendur í upphafi haustannar voru 50 en 47 við lok hennar. Á vorönn hófu 44 nemendur nám en 5 nemendur hættu. Við lok vorannar voru 39 nemendur á sérnámsbraut sem er sögulegt lágmark miðað við síðustu ár. Kynjahlutfall stúlkna hefur hækkað á sérnámsbraut á undanförunum árum en stúlkur voru rúm 38% nemenda á skólaárinu. Þrír nemendur útskrifuðust af sérnámsbraut um jól en fjórir nemendur að vori. Flestir útskriftarnemendur luku 3ja ára námi. Aðeins einn nemandi kaus að nýta sér öll fjögur námsárin.

Kennarar og áfangar

	haustönn	vorönn
Guðmundur Björgvin Gylfason	ÁTTH1XA04	
	ENSK1XA04	
	ENSK1XC04	
	STÆR1XA04	
	ÖKUN1SX02	
Hafdís Garðarsdóttir	ÁLFA1XB02	BRAG1SB01
	ÁTTH1XA04	HOME1XA01
	BRAG1SA01	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1XA05	LAND1XA04
	ÍSLE1XC05	STAS1XB02
	STÆR1SX05	STÆR1XD04
Jóhanna Guðjónsdóttir	ÍSLE1XA05	ÍSLE1XB05

	STÆR1XA05	STÆR1XB05
Jóna Ingvarsdóttir	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XB05
	SPIL1XS02	
Linda Rut Larsen	ÁTTH1XA04	ÍSLE1XB04
	ÍSLE1XA05	KVIK1SX02
	KVIK1SX02	LAND1XA04
	STÆR1SX05	STAS1XA02
	STÆR1XA05	STÆR1XB04
		STÆR1XC04
Ólöf Ósk Óladóttir		ENSK1XB04
		LAND1XA04
		SPIL1XS02
Sólrun Auður Katarínusdóttir	BRAG1SA01	BRAG1SB01
	ÍSLE1XA05	ÍSLE1XB05
	STÆR1XA05	STÆR1XB05
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	ÁTTH1XA04	ENSK1XB04
	ENSK1XA04	ENSK1SX04
	ENSK1SX04	HOME1XA02
	ÍSLE1XA05	ÍSLE1XB05
		LAND1XA04
Ágústa Ragnarsdóttir	MYND1SY05	MYND1SX05
		MYND1SX02
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ1PX02
Brynja Ingadóttir		ÞÝSK1XA04
Elísabet Helga Harðardóttir	MYND1SX02	MYND1SX05
	MYND1SX05	
Freyja Hilmarsdóttir	REIM1SX02	REIM1SX02
Grímur Lúðvíksson		RAFM1SX05
Guðfinna Gunnarsdóttir	ENSK1RX05	HÆFI1XA01

Helgi Hermannsson	FOPJ1XA05	FILM1SX02
Ingunn Helgadóttir	ENSK1XA04	ENSK1RX05
Ingvar Bjarnason		TTÖL1XA02
Jórunn Sigríður Birgisdóttir	MATR1SX05	BAKA1SX02
	SMÁR1SX02	MATR1SX05
Kjartan Ólason	STÆR1RX05	STÆR1SX05
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1RX05	ENSK1RX05
Lárus Ágúst Bragason	SAGA1SX02	
Lárus Gestsson	TRÉS1SX05	
Magnús Másson		STÆR1XB05
Magnús Tryggvason	ÍPRÓ1PX02	MÁLM1SX05
	MÁLM1SX05	
Ólafur Bjarnason	STÆR1SX05	STÆR1RX05
Ronald Guðnason		EÐLI1XA02
Rósa Marta Guðnadóttir		GOÐI1SX02
Stefán Hannesson	ÍSLE1RX05	ÍSLE1RX05
Svanur Ingvarsson		TRÉS1SX05
Sverrir Ingibjartsson		ÍPRÓ1PX02
Þór Stefánsson		ÍPRÓ1XE01
		RAFM1SX05
Þóra Valdís Hilmarsdóttir	HÁRG1SX02	HÁRG1SX02

Sérkennarar á sérnámsbraut sjá auk þess um starfsnám nemenda á vinnustað (STAR1XA ...) sem hefur mismunandi einingafjölda eftir vinnuframlagi nemenda.

Stuðningsfulltrúar voru Aðalbjörg Kristín Kristinsdóttir, Alma Sigurjónsdóttir og Lovísa Bragadóttir. Allar í 84% starfshlutfalli.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Á haustönn var námsgreinin forritun og þjarkar kennd í fyrsta sinn. Á vorönn litu tvær nýjar námsgreinar dagsins ljós; enski boltinn og stjörnufræði. Námsgreinarnar gengu almennt vel. Í bæði forritun og þjörkum og stjörnufræði kom í ljós hið skýra einkenni náms á sérnámsbraut að nemendur hvers hóps gefa stefnu hvers áfanga og lærdómur nemenda er í takti við námsgetu og áhuga þeirra. Enski boltinn var settur í stundaskrá á mánudegi en best væri að tíminn væri settur lengra inn í vikuna

til að gefa kennara færi á góðum undirbúningstíma. Allar þessar námsgreinar verða í boði síðar og nú er t.d. ljóst að forritun og þjarkar verður á dagskrá á komandi haustönn.

Skólinn keypti tjáskiptaforritið Tobii Communicator sem einn nemandi á sérnámsbraut nýtir sem tjáskiptataeki. Nemandinn, kennarar, stuðningsfulltrúar, fjölskylda nemandans sem og umönnunaraðilar eru allir að læra á þessa nýju tækni undir dyggum stuðningi Stefáns E. Hafsteinssonar iðjubjálfa hjá Öryggismiðstöð Íslands. Þá keypti skólinn einnig Osmo sem er margverðlaunað leikja- og tölvutæki fyrir iPad sem hægt er að nýta á fjölbreytta vegu og eykur fjölbreytt nám nemenda. Guðfinna Gunnarsdóttir kennslustjóri FSu í ensku keypti aðgang að kennsluvefnum *Literacy Planet* fyrir sérnámsbrautarnemendur og leiðbeindi enskukennurum með notkun og virkni vefsins. Almenn ánægja var meðal nemenda og kennara með þessa nýbreytni.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat á sérnámsbraut hélst óbreytt á skólaárinu. Símat er algengasta námsmatsaðferðin og aðeins var um lokapróf í íslensku að ræða.

Námskeið og ráðstefnur sem kennarar hafa sótt

Sérkennarar voru duglegir að stunda endurmenntun á skólaárinu.

- Einn sérkennari fór á námskeiðið *Kvíði og erfið hegðun nemenda í framhaldsskólum, hvað er til ráða?* á vegum EHÍ.
- Einn sérkennari sat fund Landssamtakanna Þroskahjálpar *Starfsbraut – hvað svo?*
- Tveir sérkennarar fóru á 30 ára afmælisráðstefnu ADHD samtakanna *Allt sem þú ekki vissir um ADHD og konur, systkini.*
- Einn kennari sat hálf dagsnámskeið í nóvember í Tobii Communicator á vegum Öryggismiðstöðvar Íslands.
- Fimm sérkennarar og allir þrír stuðningsfulltrúarnir fjölmenntu á fræðslufund Félags starfsbrautakennara í framhaldsskólum sem haldinn var 15. febrúar í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.
- Fjórir sérkennarar fóru til Færeyja í lok apríl á norræna sérkennararáðstefnu, NFSP Konferencen *Together we move mountains*. Ráðstefnan var fyrir skólafólk sem hefur þá sýn að börn og ungmenni hafi mikla möguleika, óháð því hvar styrkleikar og veikleikar þeirra liggja.
- Tveir sérfræðingar komu með fræðslu fyrir sérkennara og stuðningsfulltrúa á skólaárinu. Í desember kom Brynhildur Arthúrsdóttir með fræðslu um flogaveiki á vegum Laufs – félags flogaveikra og í apríl kom Stefán E. Hafsteinsson iðjubjálfi hjá Öryggismiðstöð Íslands með innlegg um Tobii Communicator sem starfsmenn á skammtímavistuninni Álftarima 2, Selfossi, og eitt foreldri nýtti sér auk starfsmanna sérnámsbrautar.
- Þrír kennara sóttu málþing um *skólasókn og skólaforðun* sem Samband sunnlenskra sveitarfélaga hélt í samstarfi við Velferðarvaktina og Umboðsmann barna.
- Fjórir sérkennarar og einn stuðningsfulltrúi munu taka þátt í skólaheimsókn FSu til Danmerkur í lok maí. Þeir munu meðal annars heimsækja skólann Midtfyns Gymnasium þar sem einhverfir njóta kennslu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Íslenskukennarar útbjuggu nýtt kennsluefni í íslensku út frá ævisögu norðurkóreskar stúlku *Með lifði að veði*. Þá héldu samfélagsfræðikennarar áfram að útbúa og þróa efni frá grunni í áttthagafræði- og landafræðikennslu innan sérnámsbrautar. Sérkennarar og aðrir kennarar sérnámsbrautar ganga ekki að kennsluefni fyrir nemendur á brautinni heldur þurfa að útbúa efni, bæði fyrir fjölbreytta hópa og einstaklinga.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun sérnámsbrautar er í vinnslu þegar þetta er skrifað. Nú liggur fyrir að 27 nýnemar hefji nám á brautinni á komandi haustönn. 32 nemendur munu halda áfram námi. Nemendafjöldi á sérnámsbraut næsta haust stefnir því í 59 nemendur sem þýðir að nemendafjöldi eykst töluvert á milli ára. Aukningin kallar á fleiri stöðugildi. Starfshlutfall þroskaþjálfara eykst úr 50% hlutfalli í 100% hlutfall. Ný staða sérkennara, 100% hlutfall, hefur verið auglýst og miklar líkur eru á að bætist við hlutfall stuðningsfulltrúa í upphafi nýs skólaárs.

Kennslufyrirkomulag næsta skólaárs verður með svipuðu sniði og verið hefur. Þó er ljóst að það fjölgar í þeim nemendahópi sem hefur mestu sérþarfinnar sem þýðir að þrír litlir hópar verða til utan um viðkvæmstu nemendurna en á skólaárinu sem er að líða undir lok voru tveir slíkir hópar. Þá er einnig ljóst að samstarf sérnámsbrautar sem hófst á vorönn við Barna- og unglingageðdeild Landsspítalans og Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins (GGR) vegna nemenda með alvarlega hegðunarerfiðleika mun halda áfram og eflast. Í bígerð er að stofna vinnuteymi FSu, GGR og utanaðkomandi þroskaþjálfara. Hlutfall nemenda sem þurfa einstaklingsmiðaða leiðsögn í félagsfærni mun aukast á komandi skólaári.

Annað

Námskrá sérnámsbrautar hefur verið staðfest af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Áfangalýsingar kjarnagreina brautarinnar eru nú aðgengilegar á heimasíðu skólans og til stendur að færa inn þær áfangalýsingar valgreina sem tilbúnar eru fyrir sumarfrí.

Á haustönn var tekið í notkun nýtt viðveruherbergi á fyrstu hæð í austurenda Odda þegar gamla bóksöluherberginu var skipt upp í tvö svæði. Sérnámsbrautin fékk annað rýmið til afnota sem nýttist svo vel að það varð í raun strax of þröngt. Sérnámsbrautin mun nýta bæði svæðin á næsta skólaári og ljóst að viðveruherbergið mætir vel þörfum nemenda.

Sérkennarar lögðu í annað sinn fyrir nýnemakönnun á brautinni en vegna tæknierfiðleika varð að leggja könnunina tvisvar sinnum fyrir á vorönn. Þegar fyrirlögnin heppnaðist var komið frammá seinni hluta vorannar og þátttakendur þá komnir með töluverða reynslu af skólastarfinu. Helstu niðurstöður voru að 75% nýnema líkar vel við námið og rúmum 83% finnst flestar námsgreinar vera skemmtilegar. Sama hlutfall, 83%, telur sig taka virkan þátt í kennslustundum. Rúmum 91% nýnema finnst mikilvægt að standa sig vel í skóla. 75% nýnema eiga góða vini í skólanum. Rúm 58% nýnema eru á þeirri námsbraut sem þeir vildu helst vera á og sama hlutfall nýnema voru sannfærðir um að þeir væru á rétttri námsbraut. Rúm 33% nýnema töldu að það vantaði námsbraut sem hentaði þeim en enginn vildi þó skipta um framhaldsskóla. Almenn mátu nýnemarnir sig sterkari námsmenn í verklegu námi fremur en bóklegu. 75% nýnema voru ánægðir með kennarana sína. Rúm 58% nýnema finnst mikilvægt að ljúka einhverju námi.

Að þessu sinni var Hæfileikakeppni starfsbrauta haldin af Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði í apríl. Átján nemendur og þrír starfsmenn tóku þátt í og eða fylgdust með keppninni sem heppnaðist afar vel og var skipuleggjendum til mikillar fyrirmyndar. Flytjendur sérnámsbrautar FSu kölluðu sig hæfileikastuðbolta en atriðið var unnið af þeim í áfanganum hæfileikakeppni í hugmyndavinnu með Guðfinnu Gunnarsdóttur leiklistarkennara. Ferðin gekk í alla staði mjög vel.

Að venju var farið í svokallaða útskriftarferð í kjölfar dimmittingar á síðasta kennsludegi vorannar. Að ósk útskriftarnemendanna var farið á höfuðborgarsvæðið, fyrst í Kringluna og síðan í trampólíngarðinn RUSH. Nítján nemendur og 5 starfsmenn tóku þátt og heppnaðist ferðin afar vel.

3 Aðrar skýrslur

3.1 Bókasafn

Forstöðumaður: Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

Starfsfólk

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður í 100% stöðu og Ingveldur Jónsdóttir, bókaforstjóri í 100% stöðu.

Opnunartími

Bókasafnið er opið mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00-16:00. Opnunartími er samtals 40 klst. á viku. Kennsla hefst á morgnana kl. 8:15 og lýkur kl. 15:45 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur kennslu kl. 14:45.

Útlán

Útlán eru færð á fjóra vegu: í fyrsta lagi í útlánaþátt Gegnis, í öðru lagi eru skammtímalán innan skólans handskráð og talin eftir hvern dag, í þriðja lagi eru fartölvuútlán skráð á sérstakt blað sem nemendur undirrita og í fjórða lagi eru tvær bækur í afgreiðslu sem útlán eru handfærð í. Önnur bókin er á afgreiðsluborði og þar skrá notendur safnsins útlán sín þegar starfsmenn eru fjarri og í hina bókin eru skráð útlán á safnfni sem ennþá er í hliðargrunni Gegnis og er þar af leiðandi ekki hægt að lána í gegnum útlánaþátt Gegnis. Tímarit eru alla jafna ekki lánuð út nema til kennara eða í tengslum við verkefnavinnu nemenda.

Skammtímalán innan skólans eru aðallega á útlán á kennsluefni og fartölvum sem er lánað út í eina kennslustund.

ÚTLÁN:	HAUST 2018	VOR 2019	SAMTALS:
Í GEGNI	834	944	1778
Í BÓK	73	59	132
INNAN SKÓLANS	1762	1835	3597
FARTÖLVUÚTLÁN	627	698	1325
<u>SAMTALS:</u>	3296	3536	6832

Millisafnalán

Samtals voru millisafnalán 110 á skólaárinu, þar af voru 77 safngögn fengin að láni frá Bókasafni Árborgar. Einnig var leitað til annarra almenningsbókasafna og til framhaldsskólasafna.

Millisafnalán frá:	Haustönn 2018	Vorönn 2019	SAMTALS:
Bækur frá söfnum	15	28	43
Mynddiskar frá söfnum	31	30	61
Myndbönd frá söfnum	1	1	2
Tímarit frá söfnum		1	1
SAMTALS:	47	60	107

Millisafnalán til:	Haustönn 2018	Vorönn 2019	SAMTALS:
Bækur til safna	1		1
Mynddiskar til safna	1	1	2
SAMTALS:	2	1	3

Gegnir

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Nánast allt efni sem berst á safnið er skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit og fréttabréf sem berast stopult eru skráð í „skýið“ í excel-skjal inn á OneDrive í Office 365.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 413.616 á árinu 2018 eða kr. 34.468 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins.

Gagnasöfn

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefnum hvar.is. Greiðsluupphæð miðast við fjölda ársnema. Á árinu 2018 greiddi FSu kr. 101.861 sem er sama upphæð og árið 2017. Auk almenningsbókasafna, háskólabókasafna, stjórnsýslusafna, fyrirtækja og samtaka greiða framhaldsskólarnir hluta aðgangs að gagnasöfnum Britannica Online, Ebsco - Premier, Web of Science ISI, ProQuest Central og aðgang að gagnasöfnum Encyclopedia Britannica og Greinasafni Morgunblaðsins (að undanskildum síðustu þremur árum).

Veforðabækur Snöru eru opnar á skólanetinu og eru þær mikið notaðar af nemendum og kennurum. Kennurum og starfsfólki skólans býðst heimaaðgangur að Snöru og nýta um 40 manns hann. Opinn aðgangur er að ordabok.is á skólaneti FSu.

Opið er inn á Greinasafn Morgunblaðsins á skólanetinu á starfstíma skólans en lokað er fyrir aðgang yfir sumarmánuðina. Í kaupbæti fær skólinn pappírseintak af blaðinu.

Safnfræðsla

Nýnemadagur var 20. ágúst. Á bókasafnið komu átta hópar nýnema og fengu þeir stutta kynningu á þjónustu safnsins og hvaða möguleika það hefur upp á að bjóða.

Safnkynning var haldin fyrir nemendur í FÉLA1SA05. Safnkynningin er ein kennslustund (55 mín.) og er kynning á safninu, safnkosti og þjónustu sem í boði er. Áhersla er lögð á að kenna þeim að nota Gegni og hvernig er hægt er að leita eingöngu að safnefni í FSu. Einnig er nemendum kynnt heimasíða bókasafnsins og vefurinn timarit.is. Í lok tímans vinna nemendur tveir og tveir saman verkefni á bókasafni og fá ákveðna þjálfun í að finna heimildir á Gegni.is. Einnig eiga þeir að finna út staðsetningu tiltekinna rita á safninu og afhenda þau starfsmönnum.

Nemendur í heimildaritun í íslensku, ÍSLE3HR05 fengu safnkynningu í upphafi hvorrar annar. Þessum kynningum er ætlað að fleyta nemendum af stað í heimildaleit, lögð er mikil áhersla á að þeir nýti sér gegni.is og séu sjálfbjarga með að finna efni þar. Einnig var vefurinn timarit.is kynntur fyrir þeim og Google Scholar. Fjallað var um upplýsingalæsi og mikilvægi þess að vitna rétt í heimildir.

Í janúar voru nemendur á sjúkraliðabraut heimsóttir og farið með þeim yfir helstu atriði við heimildaleitir. Kynntir voru ýmsir möguleikar við heimildaleitir, svo sem Gegni, hvernig leitað er í landsaðgangi inn á Leitir.is, Google Scholar, Britannica, Doktor.is og Visindavefur.is. Einnig var haldin safnkynning fyrir nemendur í Goða, nýjum áfanga í íslensku sem kenndur var á vorönn.

Gott samstarf hefur skapast með sögukennurum, í áfanganum SAGA2YA05. Unninn var listi yfir viðfangsefni sem auðvelt er að finna heimildir um á bókasafni FSu. Nemendur vinna saman í hóp við að bera saman heimildir um ýmis atriði, svo sem síldveiðar, Kalda stríðið, ungmennafélög og skila greinargerð þar um til kennara.

Yfirleitt er er mjög gott samstarf við kennara varðandi verkefnavinnu á safninu. Mikilvægt er að fá að vita með fyrirvara þegar verkefni eru lögð fyrir nemendur sem krefjast heimildaleita. Þá gefst tími til undirbúnings, kanna hvaða heimildir eru til, í hvaða gagnasöfnum er best að leita, útbúa efnisorðalista sem auðveldar leit, kaupa efni ef með þarf og setja viðeigandi safnefni á bundið lán.

Skráning

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi á bókasafninu. Nýtt safnefni er skráð eins fljótt og mögulegt er, en eldra efni eftir því sem tími vinnst til.

Eldri tímarit voru færð úr gryfju og geymsluskráð eftir sem ástæða var til. Einnig var töluvert grisjað af gömlum tímaritum og tvítökum. Mikið af íslenskum tímaritum eru komin inn á timarit.is og því ekki eins rík ástæða og áður að geyma þetta efni.

Ný safndeild á bókasafninu var búin til í Gegni á haustönninni. Þetta er safndeildin ungmennabækur og eru þær merktar með appelsínugulri doppu á kili. Áður voru þessar bækur innan um og saman við aðrar skáldsögur en núna er þetta safnefni mun sýnilegra notendum safnsins.

Í samráði við kennara var mikið grisjað af kvikmyndum á myndbandsspólum. Myndbandið sem slíkt er úrelt efnisform og því tæpast ástæða til að geyma efni sem hægt er að eignast á öðru formi, t.a.m. á mynddiskum eða í streymi.

Tímarit

Bókasafnið er áskrifandi að um 27 tímaritum og einu dagblaði. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins og vefslóðir þeirra tímarita sem eru aðgengileg eru á rafrænu formi.

Gjafir

Safninu berst á hverju ári talsvert af gjöfum frá ýmsum aðilum. Kennarar skólans og nemendur, núverandi og fyrrverandi, sýna gjarnan gjafmildi sína í verki. Stundum hefur hinn almenni borgari samband við bókasafnið og vill gefa bækur, er þá gjarnan farið til fólks og skoðað hvað það hefur upp á að bjóða. Einnig berast oft bókagjafir frá erlendum gestum í tengslum við erlend samskipti og skólaheimsóknir. Þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins.

Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best notendum og starfsemi. Alls voru skráðar 80 gjafabækur á skólaárinu.

Aðföng og skráning 2018-2019:

Aðföng	Haustönn 2018	Vorönn 2019	Samtals
Bækur	234	162	396
Mynddiskar (DVD)	28	3	31
Hljóðbækur	3		3
Spil		4	4
Kort	15		15
SAMTALS	280	169	449

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

Bækur og nýsigögn (eintakafjöldi)	Maí 2018	Afskrifað 2018-2019	Aðföng 2018-2019	Maí 2019
BÆKUR	17.203	568	396	17.031
MYNDBÖND	329	80		249
MYNDDISKAR (DVD)	537		31	568
HLJÓMPLÖTUR	130			130
GEISLADISKAR	150	13		137
HLJÓÐBÆKUR	174		3	177

SNÆLDUR	28	27		1
MARGM.DISKAR	58	4		54
SKYGGNUR	1			1
FORRIT	6	1		5
GLÆRUR	19			19
LEIKJAK. / SPIL	80	1	4	83
GAGNASETT	4			4
KORT	12		15	27
SAMTALS	18.731	694	449	18.486

Rekstrarkostnaður 2018

Bækur	974.911
Tímarit og blöð	236.347
Myndefni	98.385
Spil	8.000
Kostnaður vegna Gagnis, landskerfis bókasafna	413.616
Landsaðgangur að gagnasöfnum	101.861
Snara, veforðabækur	131.923
Ordabok.is, vefáskrift	22.908
Greinasafn Morgunblaðsins	73.601
Landsfundur Upplýsingar	54.000
Styrkur til faglegs starfs bókasafns- og uppl.fræðinga í frh.skólum	5.000
Blek í litaprentara	29.562
Ritföng	4.876
Bókaplast	63.270
Leturborðar fyrir merkivél	17.951
Tölvutöskur	16.133
Bókastoðir	72.000

Gólfvifta	8.995
Opinber gjöld	3.561
Afskriftir á húsgögnum og innréttingum	40.425
Afskriftir á prenturum og ljósritunarvélum	<u>28.305</u>
	2.405.630
Innheimta vegna týndra safngagna	<u>1.500</u>
	2.404.130

Tæki og búnaður

Á bókasafninu eru 12 borðtölvur, átta fartölvur, tveir skannar, litaprentari (í afgreiðslu), laserprentari (nemendaprentari), lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, 2 litlir DVD-spilarar (lánaðir í kennslustundir), ritvél, leturvél, vifta og sími. Ljósritunarvél er á safninu og greiða nemendur 15 kr. fyrir hvert blað. Mjög hefur dregið úr ljósritun á síðustu önnum. Margir nemendur taka myndir á símana sína í stað ljósritunar.

Snemma á haustönninni fékk safnið þrjár nýjar fartölvur af gerðinni Dell Latitude 7280 og eina kennaratölvu, Lenovo ThinkPad. Fyrir voru þrjár tölvur af gerðinni Dell Latitude 7270. Þrjár gamlar Acer fartölvur voru teknar úr notkun. Alls eru sjö fartölvur lánaðar nemendum í kennslustundir og eru mikið notaðar. Útlán á þeim voru samtals 1325 á skólaárinu.

Á bókasafninu eru hillur, lesbásar og afgreiðsluborð. Á haustönn var komið fyrir sporöskjulaga hópvinuborði á safninu þar sem hillustæða var áður.

Vinnurými nemenda í kjallara bókasafnsins var málað í byrjun skólaársins. Rimlagardínur á bókasafninu voru endurnýjaðar á haustönninni.

Vinnuaðstaða

Vinnuaðstaða bókavarða samanstendur annars vegar af afgreiðslurými og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurými er litaprentari sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að. Aðalprentari nemandu, laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3015 er við hringstigann.

Vinnuaðstaða forstöðumanns er inn af afgreiðslu, þar er aðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er úrklippusafn sem inniheldur aðallega bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í vinnurýminu eru einnig geymdar kvikmyndir safnsins og kennslubækur sem verið er að kenna hverju sinni. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Vinnuaðstaða til plöstunar og viðgerða á safnefni er í minni geymslunni í kjallaranum. Þar er einnig sjónvarp, myndbandstæki og DVD spilari sem nýtist m.a. við yfirfærslu myndefnis af myndböndum yfir á mynddiska. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir eldri tímarit og bækur.

Fundur, námskeið og ráðstefnur

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni.

Elín og Ingveldur sóttu námskeiðið „Hvað er að fréttar?“ á vegum Landskerfis bókasafna sem haldið var á Selfossi 15. október. Námskeiðið var hugsað sem ítarnámskeið fyrir starfsmenn aðildarsafna Gegnis. Á námskeiðinu var sagt frá kerfisvali á nýju bókasafnskerfi og undirbúningi að kerfisskiptum. Einnig var nýtt viðmót inn á leitir.is kynnt.

Landsfundur Upplýsingar var haldinn í Reykjavík dagana 25.-26. október. Yfirskrift hans var *Fólk, tækni og rými í breyttum veruleika bókasafna*. Lögð var áhersla á allt frá þjónustu í framlínu, breyttar þarfir notenda bókasafna í stafrænum heimi yfir í breytingar á rými bókasafna. Lykilfyrirlesarar voru þeir Reinert Andreas Mithassel, deildarstjóri Biblio Toyen í Osló og arkitektinn Aat Vos sem hannað hefur fjölmörg bókasöfn víðsvegar í Evrópu. Elín sótti fundinn fyrri daginn og Ingveldur þann síðari.

Elín sat fyrirlestur á vegum Persónuverndar á Hótel Selfossi þann 14. nóvember. Fundurinn var liður í kynningarherferð Persónuverndar um landið þar sem ný persónuverndarlöggjöf var kynnt, með áherslu á hvaða þýðingu löggjöfin hefur fyrir einstaklinga og réttindi þeirra, ennfremur þær kröfur sem hún gerir til fyrirtækja, stjórnvalda og annarra ábyrgðaraðila.

Sumarið 2018 var komið á samþættingu Innu og Turnitin sem gerir nú kennurum kleyft að búa til skilaverkefni í Innu og láta Turnitin fara yfir og sjá samsvörun. Elín fékk Gísla Skúlason í lið með sér þann 12. september með vinnustofu fyrir kennara í Turnitin.

Fræðslunámskeið í Turnitin ritstuldarforritinu var haldið þann 25. september í Reykjavík og sótti Elín það námskeið fyrir hönd skólans. Þar var Feedback studio kynnt og skoðað hvernig Turnitin getur stutt við heiðarleg, akademísk vinnubrögð.

Elín lét af umsjón fyrir Turnitin eftir áramótin og við tók Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, sviðsstjóri. Turnitin námskeið fyrir umsjónarmenn kerfisins í skólunum var haldið í Reykjavík 2. apríl og fór Elín á það í forföllum Guðbjargar Helgu.

Fræðslufundur skrásetjara Gegnis var haldinn 10. maí í Þjóðarbókhöðun og fór Elín á þann fund. Þar var fjallað um færslu bókfræðigagna í nýtt bókasafnskerfi, Sierra, sem verður tekið í notkun 2020. Einnig var sagt frá svonefndu vantasafni sem verið er að koma á laggirnar á Landsbókasafni. Það miðar að því að gera skrá yfir það efni sem ekki hefur skilað sér í skylduskilum og vantar í Gegni. Loks var greint frá breytingum á efnisorðagjöf á barnabókum í Gegni. Núna er t.a.m. efnisorðið *barnabókmenntir (skáldrit)* notað í stað efnisorðsins *barnabækur*.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum (SBF) fundar reglulega yfir vetrartímann. Fyrsti fundur vetrarins var í Borgarholtsskóla 3. október, jólafundur var í Menntaskólanum við Hamrahlíð 18. desember, þar las Auður Ava Ólafsdóttur upp úr bók sinni, “Ungfrú Ísland”. Fyrsti fundur á nýju ári var haldinn í Tækniskólanum 14. febrúar og fyrirhugaður er fundur í Menntaskólanum við Sund 29. maí nk. Elín er gjaldkeri hópsins og á yfirstandandi vetri hefur talsverð vinna farið í að endurskoða starfsreglur og fá skráningu fyrir hópinn breytt hjá Fyrirtækjaskrá.

Hópur sem starfar að skjalamálu í framhaldsskólunum og kemur að innleiðingu skjalakerfisins GoPro hefur hist reglulega eftir áramótin. Fyrsti fundur var haldinn í Menntaskólanum í Hamrahlíð 25. febrúar, svo í Borgarholtsskóla 25. mars og í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi 29. apríl. Póstlisti fyrir hópin var stofnaður í október. Elín sótti áður nefnda fundi og hefur fylgst með umræðu á pósthlistanum. Þessi samskipti eru mjög mikilvæg þar sem skjalastjórar eru oftast einyrkjar í sínum skólum og nauðsynlegt er að geta leitað til annarra eftir ráðleggingum.

Ráðstefna, Aleflis, notendafélags Gegnis var haldin 23. maí Þjóðarbókhöfðu. Elín fylgdist með ráðstefnunni í streymi. Þar var nýja bókasafnið Sierra kynnt ítarlega og sagt frá innleiðingu þess og skiptingu safna í hópa. Ráðgert er framhaldsskólasöfnin verði í safnahópi með háskólabókasöfnum og sérfræðisöfnum en í eldra kerfinu, Aleph, var bókasöfnum skipt upp landfræðilega.

Skjalamál

Vorið 2018 sömdu fjölmargir framhaldsskólar við fyrirtækið Hugvit um aðgang að skjalastjórnarkerfinu GoPro. Í júní 2018 tók Elín þátt í starfi samráðshóps sem var skipaður um gerð málalykils fyrir framhaldsskóla. Hópurinn sendi frá sér ramma að málalykli auk leiðbeininga við innleiðingu hans 22. júní 2018. Stuðst var við þennan ramma við gerð málalykils fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands og var hann sendur Þjóðskjalasafni til samþykktar um miðjan september. Gildistími málalykilsins er frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2023. Ákveðið var að gera atriðisorðaskrá við málalykilinn til að auðvelda notkun hans og var því lokið um miðjan apríl.

Veturinn var nýttur til tiltektar í skjalageymslu og kortlagningar á skjalámálum skólans. Skjöl eru víða að finna í vinnurýmum; á pappír í möppum og skjalaskápum og á sameiginlegum tölvudrifum sem eru að hluta til aðgangsstýrð.

Námskeið í GoPro var haldið hjá Hugviti fyrir skjalastjóra og stjórnendur skólans þann 8. maí. Uppsetning kerfisins í tölvum starfsmanna er langt komin þegar þetta er ritað og unnið er að gerð handbókar. Alls fá 13 starfsmenn aðgang að GoPro. Framundan er kynning og kennsla á kerfið og stefnt á að innleiðingu ljúki næsta haust. Hálfnað er verk þá hafið er og ljóst að spennandi verkefni eru framundan í skjalámálum skólans.

3.2 Skýrsla félagslífs- og forvarnafulltrúa

Félagslífs- og forvarnafulltrúi: Ingunn Helgadóttir og Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Áherslur skólaárið 2018-2019

Starfsárið 2018-2019 var viðburðarríkt í starfi NFSu. Nemendafélagið stóð fyrir fjölbreyttum uppákomum þar sem nemendur mættu vel á flesta viðburði. Stjórn NFSu tók þá ákvörðun í byrjun annar að hafa eingöngu eitt ball á haustönn og í staðinn að setja meiri kraft í söngkeppnina og árshátíðina. Farið verður nánar yfir helstu viðburði NFSu hér að neðan.

Stjórn NFSu var skipuð:

Miðstjórn

Markaðsstjóri: Daníela Stefánsdóttir

Formaður tækninefndar: Páll Dagur Bergsson

Kynningarfulltrúi: Benedikt Óskar Benediktsson

Formaður leikráðs: Arnar Freyr Steinarsson

Formaður ritráðs: Perla Sævarsdóttir

Formaður málfundafélags: Ásta Sól Helgadóttir Hlíðdal

Formaður skemmtinefndar: Inga Júlía Pétursdóttir

Formaður íþróttaráðs: Hólmar Höskuldsson

Formaður nýnema: Tryggvi Sigurberg Traustason

Aðalstjórn

Formaður: Matthías Bjarnason

Varaformaður: Veigar Atli Magnússon

Gjaldkeri: Sólmundur Magnús Sigurðarson

Viðburðir:

Böll

Haldin voru þrjú böll á starfsárinu. Eitt á haustönn og tvö á vorönn og voru þau öll haldin í Hvíta húsinu á Selfossi. Fyrsta ballið var hið klassíska nýnemaball þar sem nemendafélagið bauð nýnemum upp á dansleik og var þar öllu var tjaldað til. Skipulagning og utanumhald var með besta móti að hálfu NFSu. Næsta ball var haldið 7. nóvember í samfloti við árshátíð nemenda. Síðasta ballið var haldið að kvöldi 2. maí og var það svokallað froðuball. NFSu fékk fjölbreyttan hóp listamanna til að koma og skemmta nemendum. Hins vegar hallaði á hlut kvennþjóðarinnar þegar kom að vali á listamönnum og má hafa það í huga í framtíðinni.

Góðgerðarvika

Góðgerðavika NFSu var haldin 8. - 12. október og að þessu sinni vildi nemendafélagið styðja við málefni hér innanlands. Nemendafélagið tók þá ákvörðun að styrkja félagið Olnbogabörn sem vinnur að því að vekja athygli á málefnum barna og unglunga á jaðrinum. Fulltrúar frá samtökunum komu í skólann á mánudeginum og kynntu félagið og áherslur þess. Það gekk vel að safna og gaf nemendafélagið samtökunum ágóða söfnunarinnar.

Söngkeppni

Söngkeppni NFSu fór fram í íþróttahúsinu lðu fimmtudaginn 8. nóvember. Lagði stjórn nemendafélagsins mikinn kraft í að gera keppnina sem glæsilegasta. Undanfarin ár hefur keppnin verið í lægð og aðsókn að henni hefur dalað. Var það því vilji stjórnarinnar að gera hana glæsilegri heldur en hefur verið og má með sanni segja að það hafi tekist virkilega vel. Keppnin var virkilega flott í alla staði. Undirbúningur var góður, gott utanumhald, frábær söngatriði, góðir kynnar og mætingin til fyrirmyndar. Má nemendafélagið fá mikið hrós fyrir þessa keppni og þá sérstaklega varaformaðurinn Veigar Atli sem bar hitann og þungann af öllu saman. Sigurvegari keppninnar og fulltrúi skólans á söngkeppni framhaldsskólanna var

Pórey Hekla Ægisdóttir og stóð hún sig mjög vel og fór fyrir hönd skólans í aðalkeppnina sem haldin var á Akranesi.

Þema keppinnar í ár var ferðalög og var liðu breytt í einskonaflugvöll. Nemendur voru mjög frumlegir í skreytingum og fengu þeir mjög góða aðstoð frá Agnesi Ósk Snorradóttur námsráðgjafa sem var skreytingaráðgjafi þeirra. Fulltrúar nemendafélagsins fóru í flesta grunnskóla á upptökusvæði skólans og auglýstu söngkeppnina. Mikilvægt er að hafa í huga að söngkeppni NFSu lendir oft á svipuðum tíma og söngkeppni nemendafélags ML. Það getur það valdið óþarfa spennu á milli skólanna og eru nemendafélögin að höfða til svipaðs hóps grunnskólanemenda.

Leikrit

Í ár gekk erfiðlega að manna leikráð og var það ekki í áherslum nemendafélagsins að halda úti leikriti í ár en markmið þeirra var að auka vægi söngkeppinnar sem hefur dalað síðastliðin ár. Hins vegar er ekkert sem mælir gegn því að áhugasamir nemendur utan nemendafélagsins geti tekið það upp hjá sér að skipuleggja uppsetningu og framkvæmd leikrits með fjárhagslegum stuðningi frá nemendafélaginu. Bestum árangri verður náð ef nemendur sem hafa brennandi áhuga á leiklist taka það í sínar hendur að undirbúa og setja upp leikrit.

Miðvikudagsgöt

Miðvikudagsgötin voru nýjung í starfi nemendafélagsins og var það í höndum formanns íþróttaráðs að skipuleggja og halda utan um þau. Fjölbreyttar keppnir voru haldnar í gatinu. Hins vegar er það mat félagslífsfulltrúa að það hafi vantað meiri metnað í að gera þessa viðburði meira aðlaðandi fyrir alla nemendur og of oft var verið að undirbúa og ákveða hluti á síðustu mínútum. Það skiptir miklu máli að boðið sé upp á fjölbreytta dagskrá sem höfðar til breiðari hóps og mikilvægt er að haldið sé vel utan um skipulag.

Morfís

Í ár var leitað eftir áhugasömum sem vildu taka þátt í Morfís en hins vegar var áhuginn ekki nægur til þess að haldið væri úti liði í ár. Mikilvægt er að nemendur sem hafa áhuga á mælskulist og rökræðum leitist við að lyfta þessu upp með stuðningi frá NFSu.

Gettu betur

Gettu betur lið FSu í ár komst alla leið í undanúrslit í keppninni undir leiðsögn Stefáns Hannessonar. Stefán hafði sér til halds og traust gott þjálfarateymi sem saman stóð af kennurum og fyrrum nemendum skólans. Gettu betur lið skólans var eftirfarandi Svavar Daðason, Sólmundur Magnús Sigurðarson og Guðný Von Jóhannesdóttir. Eins og fram hefur komið náði liðið alla leið í undanúrslit keppinnar og stóð sig frábærlega vel í alla staði. Umtalað var af þeim sem héldu utan um keppnina hvað geislaði af liðinu og hversu samheldin þau voru og greinilegt að þau höfðu gaman að því sem þau gerðu.

Boxið

Búið var að skipa í lið fyrir Boxið og svo varð ekkert úr keppninni. Það var því hópur vonsvikinna nemenda og kennara sem sat eftir heima.

SKOH

Forvarnar- og félagslífsfulltrúar skipulögðu regnbogadaga ásamt öðrum meðlimum SKOH hópsins, þeim Guðbjörgu Grímsdóttur, Ragnheiði Eiríksdóttur, Þóreyju Hilmarsdóttur og Daníelu Stefánsdóttur fulltrúa NFSu. Erfiðlega gekk að fá fyrirlesara og atriði en það kom þó að lokum. Sjá dagskrá hér að neðan.

Regnbogadagar 2019 - Fögnum fjölbreytileikanum

Miðvikudagur 20.mars	Fimmtudagur 21.mars	Föstudagur 22.mars	Mánudagur 25.mars	Þriðjudagur 26.mars
Klukkan 11:30 Salurinn Óvænt atriði ☺ Dagur hamingjunnar! 	Dagur Downs heilkennis! Klukkan 11:30 Salurinn SÍF Kynning frá formanni SÍF á réttindum framhaldsskólanema, íslenskra og erlendra og hvernig nemendur geta haft áhrif 	Klukkan 11:30 Salurinn UMHVERFISMÁL Ungir umhverfissinnar Guðbjörg María Onnoy spjallar um umhverfismál	Klukkan 11:30 Salurinn SÖNGUR Þórir Geir tekur lagið	Klukkan 11:30 Salurinn SJÚK ÁST Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir
Alþjóðlegi hamingjudagurinn	Allir að muna að mæta í mislitum sokkum í dag!!!			

H
E
L
G
A
R
F
R
Í

Flóafár

Flóafár var með sama sniði og áður og í ár voru fjögur lið sem tóku þátt. Í Flóafársnefnd voru kennararnir Sólveig Sigmarsdóttir, Ragnheiður Eiríksdóttir og Hafdís Garðarsdóttir og með þeim var íþróttaráð NFSu. Að mati félagslífsfulltrúa mætti íþróttaráð hefja undirbúning Flóafárs mun fyrr en nú var gert. Best væri að byrja undirbúning fyrir áramót svo liðin hafi góðan tíma til undirbúnings. Einnig eykur það líkur á að fleiri lið bjóði sig fram.

Sjá skýrslu frá Flóafársnefnd.

Kátir dagar

Í Kátudaganefnd voru Guðbjörg Grímsdóttir, Bjarney Sif Ægisdóttir og skemmtinefnd NFSu. Kátudagarnir voru með sama sniði og síðastliðin ár. Dagskráin var fjölbreytt og metnaðarfull en nemendur hefðu mátt taka meira þátt í viðburðunum sjálfum.

Sjá skýrslu Kátudaganefndar.

Forvarnir

Forvarnarfulltrúarnir störfuðu með SKOH hópnum í tengslum við forvarnir. Skipulagðir voru fyrirlestrar á regnbogadögum sem snúa að forvörnum. Einnig fóru forvarnarfulltrúar á reglulega fundi í Ráðhúsi Árborgar með helstu aðilum sem koma að velferð barna og unglinga í sveitarfélaginu. Fundirnir voru áhugaverðir og gáfu góða innsýn inn í starfið sem fer fram í einu af þeim sveitarfélögum sem er á upptökusvæði skólans. Hins vegar er áherslan greinilega meiri á forvarnir í grunnskólum á þessum fundum og heildstæðar lausnir fyrir sveitarfélagið sem kemur takmarkað inn á starf skólans. Það er þó mikilvægt að hafa fulltrúa á þessum fundum til þess að geta talað máli skólans og ýtt undir frekara samstarf.

Lokaorð

Það var mjög skemmtilegt og áhugavert að vinna með nemendafélaginu í vetur. Við fengum innsýn í hin ýmsu störf á vegum nemendafélagsins og það var mjög gefandi að starfa með þessu efnilega unga fólki. Okkar markmið með þessu starfi var að vera til staðar, styðja við bakið á þeim án þess þó að skipta okkur of mikið af þeirra ákvörðunum og gjörningum. Samstarfið gekk vel við nemendafélagið sem og stjórnendur skólans. Einnig viljum við hrósa starfsfólki skólans sem var boðið og búið til að aðstoða þegar leitast var eftir því.

Fyrir páska voru kosningar til nemendaráðs og var kosið eftir nýja kerfinu, þar sem kosið er í hvert og eitt embætti. Áhugavert verður að sjá hvort þetta kerfi muni hafa áhrif á störf NFSu á næsta skólaári.

Að okkar mati er mikilvægt að nemendafélagið virkji fleiri nemendur utan nemendafélagsins í hin ýmsu störf sem falla til í starfinu.

3.3 Flóafár 2019

Flóafár var haldið föstudaginn 22. febrúar í kjölfar 2ja Kátra daga. Í Flóafársnefnd voru kennararnir: Ragnheiður Eiríksdóttir, Hafdís Garðarsdóttir og Sólveig Sigmarsdóttir.

Nemendur íþróttaráðs í nefnd voru: Hólmur Höskuldsson, Þormar Elvarsson, Sandra Lilja Björgvinsdóttir og Hilmar Úlfarsson.

Í lokin voru liðin 4 talsins; **Rave** (Liðstjórar Eva Rún Eiðsdóttir og Gústaf Sæland), **NFL** (Arnar Steinarsson og Barbára Gísladóttir), **Kaffibaunirnar** (Liðstjórar Sólmundur Magnús Sigurðarson og Svavar Daðason) og **Astroworld** (Liðstjórar Justyn Koscilelecki og Sævar Elí). Nefndin klæddist sem Grease persónur að þessu sinni.

Verkefnið gengur út á að kennarar í þörum leggja þrautir fyrir nemendur sem keppa um að leysa þrautirnar hratt og vel. Fyrir það fá liðin stig og það lið sem fær flest stigin vinnur og hlýtur leirbikar. Aukalega eru veittar viðurkenningar fyrir heróp, borðlagningu, svæði

og skemmtiatriði, auk þess sem bestu búningar kennara að mati nemenda (tískulöggur meta) hljóta verðlaun.

Kostir Flóafárs sem verkefni:

Verkefnið er heildstætt, raunverulegt, þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð frá A-Ö, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga, hafa samband við marga aðila úti í bæ til að leita styrkja/þjónustu, samvinna innan liðs, hugsa hlutina fram í tímann, gera verkáætlun og fylgja henni eftir, gera fjárhagsáætlun og fylgja henni vonandi eftir annars reka þau sig á. Verkefnið er skapandi og krefst hugvitsemi. Verkefnið krefst skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum, æfingum. Verkefnið krefst þrautseigju og dugnaðar. Verkefnið krefst samskiptahæfni, að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis og milli liða um hvað er „sanngjarn““. Verkefnið reynir á samþættingu og líkist í mörgu fremur raunverulegum verkefnum sem nemendur gætu þurft að glíma við fremur en afmörkuð „þekkingarinntök“ einstakra námsgreina. Kannski er þetta verkefni það sem kemst næst því að innihalda alla grunnþættina í skólastarfinu þ.e. sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni og læsi.

Framkvæmd á Flóafársdag 2019

Dagurinn byrjaði með því að nemendur mættu til bragakennara við bragastofurnar til að láta merkja við sig. Aðrir fóru á skrifstofuna og skrifuðu nöfnin sín á blöð þar. Svæðin voru öll á fyrstu hæð og þurftu liðin að vera búin að undirbúa svæðin fyrir kl.21 á fimmtudagskvöldinu. Gekk það vel. Liðin lögðu mismikið í svæðin sín. Liðin voru látin koma eitt og eitt í einu niður stiga og inn í sal. Það kom vel út og myndaði stemmningu. Íþróttaráð sá um að kalla liðin niður og láta þau fara með herópin sín og ræsa þau af stað í þrautina. Í stigagjöf voru veitt stig, en ekki tekin af refsistig. Þó var ein undantekning, refsistig fyrir að leysa ekki þraut voru 10 stig, svo það borgaði sig ekki að sleppa þraut. Viðurkenningarskjöl voru veitt fyrir besta búning starfsfólks og þau lið sem hlutu sérverðlaun. Flóafársnefndin sá um að prenta verðlaunaskjölin út daginn áður. Íþróttaráð var með hljóðnema og stjórnaði öllu uppi á sviði, það gekk vel. Guðbjörg Helga og Ægir Sig. sáu um stigagjöf. Þau stóðu sig með stakri þryði. Vel gekk að ná stigamiðum úr stofum og Hamri, hjálpuðust nefndin og íþróttaráð að. Liðin máttu safnast inni í sal þegar leið á þrautina en hins vegar ekki fara að kalla heróp og hvatningaróp fyrr en fánaberi var kominn í mark. Þegar fánaberi kom í mark setti hann fánann í stand og þar með var liðið formlega komið í mark. Skemmtiatriði voru sýnd eftir að öll lið voru komin í mark. Kústar, moppur og ruslaílát voru aðgengileg fyrir liðin til að þrifa eftir sig. Auka ruslatunnur skiluðu betri umgengni. Nemendaráð sá um að panta og greiða fyrir pítsurnar. 30 pítsur voru pantaðar og kostnaður við þær var um 44.000. Upphaflega voru fjögur lið skráð til leiks. NFL sigraði Flóafársþrautina. Þau fengu samt 10 refsistig fyrir að þjófstarta. Verðlaun fyrir besta kennarabúninginn hlaut Linda Larsen en hún var Frelsisstytta. Liðið Astroworld hætti keppni þegar það var u.þ.b. hálfnað með þrautirnar því þá var NFL komið í mark. Liðstjóri Astroworld sagðist hafa hætt því þau hefðu ekki viljað vera síðust í mark. Mismunandi aðilar ákváðu hverjir fengu sérverðlaun. Sigursveinn og Tóti völdu besta skemmtiatriðið, kennarar í

Flóafársnefnd völdu besta herópið, íþróttaráð valdi besta svæðið og Sverrir og Ingveldur völdu bestu borðaskreytinguna en þemað var „þorablót“. Kennarar sem höfðu fengið öll lið í þraut skiluðu þrautamiðum til stigavarða. Námsráðgjafar voru saman með þraut sem hefur reynst vel því þá getur einn þeirra stokkið til ef á þarf að halda t.d. ef nemandi líður illa þennan dag.

Atriði til að hafa í huga næst:

- Við upphaf skipulagningarinnar er gott að fara til Tóta og fá lista yfir þá starfsmenn sem vitað er að verða ekki á staðnum Flóafársdaginn. Þá er þeim ekki raðað í þraut.
- Brýna fyrir starfsmönnum að tilkynna forföll tímanlega til Flóafársnefndar.
- Það er mikilvægt að það séu komnir liðstjórar **þremur vikum fyrir Flóafár** og endanleg lið liggi fyrir á miðvikudegi einni og hálfri viku fyrir fárið. Eftir það ætti ekki að vera hægt að hætta með lið.
- Hafa reglu að ekki megi færa sig á milli liða eftir að Kátu dagarnir hefjast.
- Æskilegt að hvert og eitt lið taki hópmynd í upphafi dags **áður** en þau safnast niður í sal. Myndatakan gleymdist í ár af því að þetta var ekki gert í byrjun.
- Spurning um að breyta skráningum nemenda þannig að allir fari og skrái sig inni á skrifstofu því það voru margir sem komu ekki til bragakennara.
- Eitt lið hætti keppni þegar þau voru hálfnuð með þrautirnar því þau vildu ekki vera síðust í mark. Það þarf að finna leiðir til að koma í veg fyrir að það gerist aftur.
- Fánaberanir ættu að bíða inni í stofunum á meðan þrautirnar eru leystar og gera kröfu um að þeir hafi algjört hljóð. Liðin ættu að fá refsistig ef fánaberinn nær ekki að þegja því ef hann er stöðugt að ýta á keppendur að drífa sig hætta þeir að vanda sig við þrautirnar.
- Hugsa vel hvernig skráningu og söfnun á lista verður háttað næst.
- **Við leggjum til að liðin verði kyrrsett inni á hverri stöð í einhvern lágmarkstíma þannig að þau leggi vinnu í að leysa þrautirnar vel.**
- **Fyrir næsta fár er mikilvægt að taka umræður um endurskoðun á stigagjöf þannig liðin leggi meiri metnað í að leysa þrautirnar vel og hraðinn skipti minna máli.**

3.4 Kátir dagar

Umsjón: Bjarney Sif Ægisdóttir og Guðbjörg Grímsdóttir

Kátir dagar 2019 fóru fram miðvikudaginn 20. febrúar og fimmtudaginn 21. febrúar og gengu vel að mörgu leyti. Það var almenn ánægja með það sem var á dagskránni, fyrirlestra, námskeið og utanumhald. Jákvætt hvað margt var um að vera í húsinu en því miður voru ekki eins margir nemendur á svæðinu eins og venja hefur verið. Lokahnykkurinn var í lðu á fimmtudeginum klukkan 12 og eftir það tók Flóafársundirbúningur við.

Vegabréf voru notuð til að merkja mætingar og það gekk afar vel. Nemendur tóku þetta alvarlega og skiluðu vegabréfinu til umsjónarkennara eða inn á skrifstofu á fimmtudeginum. **Mjög mikilvægt næst að afhenda vegabréfin einungis á skrifstofunni og skila þeim einnig þangað. Einnig geta þeir tveir kennarar sem eru kátudaganefnd innan handar afhent vegabréf. Enginn annar, þá gengur þetta enn betur.**

Flest á dagskránni gekk vel og var mikil ánægja með þetta allt saman.

Endilega koma því á framfæri að hlutverk mötuneytis breytist þessa daga. Þar sem verið er að selja pizzu og fleira, þá þarf afar lítinn mat í mötuneyti.

Það eru til gátlistar og góðar leiðbeiningar með því hvernig skipuleggja á Káta daga. Hver nefnd setur síðan sitt mark á þemadagana. Það er mjög skemmtilegt að sjá hversu hugmyndaríkir nemendur eru og í þessum undirbúningi er fólgið nám í því að hafa samand, semja um upphæðir og fleira.

Mikilvægt er að standa vörð um Káta daga, þetta er skemmtilegt og fræðandi uppbot á hefðbundinni kennslu. Fræðsla og fleira er ætíð í boði og gott að Kátir dagar hverju sinni endurspegla það sem er á döfinni og í brennidepli hjá unga fólkinu okkar.

Annað:

- Gera meira kósý í maraþon-stofunum (nem. geta komið með eitthvað sjálfir).
- Muna að vera í góðu sambandi við starfsmenn mötuneytis og lðu.
- Tæknimaður þarf að vera fastur frammi.
- Einhver með míkrófón þarf einnig að vera til staðar allan tímann – það var gert núna og kom afar vel út.
- Passa að hafa ekkert í gangi frammi (sem er með hávaða) þegar eitthvað er í gangi í salnum.
- Passa að hafa stemningu í miðrymi. Eins og t.d. með kollhnísakeppni og stoppdans.

Það sem þarf að muna fyrir næsta skipti:

- Vera með fjör í miðrymi – það skapar stemningu og líf í húsinu.
- Hafa „kallara“ sem er með míkrafóninn og tilkynnir hvað er um að vera. Það hefur gríðarlega mikil áhrif á þátttöku nemenda í viðburðum.
- Hengja dagskrá í A3 á töfluna frammi við skrifstofu, plakati er óþarft.
- Nemandi sem tekur á móti gesti(um) sjái einnig um að kveðja og heyra hvernig viðkomandi fannst takast til.

DAGSKRÁ KÁTRA DAGA FEBRÚAR 2019

Það sem merkt er með gulu eru námskeið sem þarf að skrá sig á – og sum kosta eitthvað. Skráning á námskeið fer fram á skrifstofu skólans – og greiða þarf fyrirfram. Tekið er við greiðslu á skrifstofu skólans (posi á staðnum).



Skráningum lýkur kl 14 á þriðjudaginn.

MIÐVIKUDAGURINN 20. FEBRÚAR

MIÐVIKUDAGUR 10:30 - 15.00	Klukkan	Staður	😊	ALLUR DAGURINN (frá 10.30)	Staður
Vegabréf afhent	10:30	Miðrymi	😊	Harry Potter, maraþon	202
Manntafl	10.30	Miðrymi	😊	Friends, maraþon	203
Flamenco dans (Eva) Mæta með skó með hælum	10:45	201	😊	Tölvuleikjastöð	211
Brjóstsykursgerð (Gumma) max 8 í hópi	10:30	Eldhús	😊	Fótboltakeppni (Hólmar)	Iða
Lögreglan	11	Salur	😊	Rafeindarás búið til (Grimur) max 14, kostar 4000	Hamar
Crossfit – Hengill	11	Miðrymi	😊	Opið hjá Ágústu (200 kr)	301
Gúrkutið hjá Guðfinnu	10:45	204	😊		
MATUR	12-13	Miðrymi	😊		
Vetrarleikar – fyrir alla	13	Reiðhöll	😊		
Kökuskreytingar (Agnes) max 8, kostar 2000	13	Eldhús	😊		
Heims um ljóð (Jón Özur)	13	207	😊		
Zumba (Ísabella)	13	Salur	😊		
Úti heim – tækifæri á námi og þjálfun erlendis (Rannís)	13	205	😊		
Hnútanámskeið	14	206	😊		
Rafsuða (Borgþór) max 6	14	Hamar	😊		
Self love (Erna)	13:30	Salur	😊		
Kynning á lögfræði í HR	14	208	😊		

DAGSKRÁ KÁTRA DAGA FEBRÚAR 2019

Það sem merkt er með gulu eru námskeið sem þarf að skrá sig á – og sum kosta eitthvað. Skráning á námskeið fer fram á skrifstofu skólans – og greiða þarf fyrirfram. Tekið er við greiðslu á skrifstofu skólans (posi á staðnum).



Skráningum lýkur kl 14 á þriðjudaginn.

MIÐVIKUDAGURINN 20. FEBRÚAR

MIÐVIKUDAGUR 10:30 - 15.00	Klukkan	Staður	😊	ALLUR DAGURINN (frá 10.30)	Staður
Vegabréf afhent	10:30	Miðrymi	😊	Harry Potter, maraþon	202
Manntafl	10.30	Miðrymi	😊	Friends, maraþon	203
Flamenco dans (Eva) Mæta með skó með hælum	10:45	201	😊	Tölvuleikjastöð	211
Brjóstsykursgerð (Gumma) max 8 í hópi	10:30	Eldhús	😊	Fótboltakeppni (Hólmar)	Iða
Lögreglan	11	Salur	😊	Rafeindarás búið til (Grimur) max 14, kostar 4000	Hamar
Crossfit – Hengill	11	Miðrymi	😊	Opið hjá Ágústu (200 kr)	301
Gúrkutið hjá Guðfinnu	10:45	204	😊		
MATUR	12-13	Miðrymi	😊		
Vetrarleikar – fyrir alla	13	Reiðhöll	😊		
Kökuskreytingar (Agnes) max 8, kostar 2000	13	Eldhús	😊		
Heims um ljóð (Jón Özur)	13	207	😊		
Zumba (Ísabella)	13	Salur	😊		
Úti heim – tækifæri á námi og þjálfun erlendis (Rannís)	13	205	😊		
Hnútanámskeið	14	206	😊		
Rafsuða (Borgþór) max 6	14	Hamar	😊		
Self love (Erna)	13:30	Salur	😊		
Kynning á lögfræði í HR	14	208	😊		

3.5 Jafnréttisfulltrúi

Jafnréttisfulltrúi: Þórey Hilmarsdóttir

Á skólaárinu voru tvö viðfangsefni jafnréttisfulltrúa fyrirferðarmest, fastráðningarhlutfall og launasamanburður kynjanna.

Fastráðningarhlutfall

Á haustönn 2018 var skoðað hvort fastráðningarhlutfall væri í samræmi við starfshlutfall og hvort kynjamunur væri til staðar meðal kennara og stjórnenda. Í 41.gr.2.mgr. laga nr. 70/1996, *Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins*, kemur fram að tímabundin ráðning skuli aldrei vara samfelld lengur en í tvö ár.

- *Heimilt er að ráða starfsmann til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstímans. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfelld lengur en í tvö ár.*

Sinni starfsmaður 100% starfi á hann rétt á 100% fastráðningu eftir tvö ár. Samkvæmt gögnum voru karlar sem höfðu starfað tvö ár eða lengur samtals 34 og voru ráðningarmál þeirra allra í samræmi við ofangreind lög. Samkvæmt sömu gögnum voru 37 konur sem höfðu starfað tvö ár eða lengur. Af þeim 36 konum sem eru með ótímabundna ráðningu eru 26 konur eða 72%, með 100% fastráðningu. Ráðningarmál karla og kvenna eru því umtalsvert ólík.

Ástæða var til að skoða betur stöðu fjögurra kvenna af tíu sem voru með fastráðningarhlutfall 50% - 75%. Allar sinntu þær 100% starfi á haustönn 2018. Tvær hafa sinnt 100% starfi undanfarin tvö ár. Ein var í 95% starfshlutfalli fyrir tveimur árum og á síðasta skólaári 100%. Ein var í 85% - 95% starfshlutfalli fyrir tveimur árum og 100% á síðasta skólaári. Tvær þessara kvenna áttu því lögvarinn rétt á 100% fastráðningu eigi síðar en haustið 2018 og tvær eigi síðar en haustið 2019.

Á vorönn 2019 var könnun á fastráðningarmálum kvennanna fjögurra fylgt eftir en í lok skólaársins er staða þeirra óbreytt. Þegar málið kom upp á haustönn var ákveðið að fastráða þrjár kvennanna frá og með haustönn 2019 og stendur sú ákvörðun.

Launasamanburður - greining á grunnlaunum kennara og stjórnenda:

Skoðað var hvort til staðar væri kynjamunur á grunnlaunum KÍ félaga, með hliðsjón af fyrsta undirmarkmiði jafnréttisáætlunar FSu. Miðað var við grunnlaun 1. mars 2019.

Þegar borin voru saman laun allra KÍ félaga (kennara og stjórnenda) reyndist launamunur kynjanna vera 1,13%, körlum í vil og ekki reyndist marktækur munur á launum kynjanna (tvíhliða t-próf, $P_{\alpha=0,05} = 0,689$). Kennarar eru fjölmennasti hópur starfsmanna FSu og var launamunur eftir kyni enn minni eða 0,6% (tvíhliða t-próf, $P_{\alpha=0,05} = 0,788$).

Aðhvarfsgreining bendir til að starfsaldur ($R^2=0,634$) og viðbótarmenntun ($R^2=0,294$) hafi mest áhrif á grunnlaun kennara. Starfsaldur og menntun skýrir hins vegar að litlu leyti launamun allra (kennara og stjórnenda); $R^2=0,113$ (starfsaldur) og $R^2=0,172$ (menntun).

Ekki vannst tími til að gera greiningu á heildarlaunum. Á komandi vetri verður unnið að innleiðingu jafnlaunastaðals og verður launagreining væntanlega hluti af því verkefni.

3.6 Skólastarf í fangelsum

Kennslustjóri: Gylfi Þorkelsson

Inngangur

Skólastarf í fangelsunum var að mestu hefðbundið. Námsframboðið er svipað ár eftir ár og gengur hægt að auka fjölbreytnina. Þær nýjungar sem boðið hefur verið upp á núna síðustu tvö skólaár, kennsla í teikningu og grunnnámi bifvélavirkjunar, hafa reynst vel og eru vonandi komnar til að vera. Næsta áskorun er að koma á markvissri kennslu í grunnnámi tré- og rafiðna, og þá ekki bóklega hlutanum heldur verklegum áföngum. Tímabært er að margumtalaðri aðstöðu fyrir slíkan „smáiðnað“ verði komið upp, það er ódýrt og einfalt í því húsnæði sem fyrir hendi er á Litla-Hrauni.

Blessunarlega var fastri stöðu sérkennara komið á koppinn fyrir einu og hálfu ári og hefur sú ráðstöfun sannað sig svo um munar, ekki síst hvað stærðfræði áhrærir, en hræðsla við það fag er einkennandi fyrir nemendahópinn.

Enn er þjónusta við fanga á Hólmsheiði að flestu leyti ófullnægjandi og þarf að gera gangskör að umbótum þar; nemendur í brottfallshópi eru ekki líklegir til að fóta sig hjálparlaust í fjarnámi.

Annars gekk starfið vel almennt séð, góður samhljómur hjá starfsliði skólans og árangur að mörgu leyti góður.

Haustönn 2018

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Ágústa Ragnarsdóttir, myndlistarkennari (staðnámi)

Brynja Ingaðóttir, dönskukennari (fjarnám)

Egill Örn Jóhannesson, bílgreinakennari LH (staðnámi)

Grímur Lúðvíksson, rafiðngreinakennari Sogni (fjarnám)

Guðfinna Gunnarsdóttir, enskukennari Sogni (fjarnám)

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnámi)

Helgi Þorvaldsson, enskukennari Sogni (staðnámi)

Hörður Ásgeirsson, sérkennari LH, Sogni og Hólmsheiði
Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og grunnteiknikennari Sogni (staðnáms) og LH (fjarnám)
Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði
Lárus Ágúst Bragason, sögukenndari, LH (fjarnám)
Magnús Tryggvason, málmíðngreinalennari (staðnáms)
Ragnheiður Eiríksdóttir, heimsspekikennari LH (fjarnám)
Ronald Guðnason, landafræðikennari Sogni (fjarnám)
Sigurður Grímsson, málmíðngreinakennari LH (staðnáms)
Sigurþór Leifsson, málmíðngreinakennari (staðnáms)
Sveinn E. Magnússon, enskukennari LH (staðnáms)
Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari LH (staðnáms)
Þór Stefánsson, rafiðngreinakennari Sogni (fjarnám)
Ægir Sigurðson, stærðfræðikennari LH (staðnáms)

Samantekt um skólahaldið

Segja má að skólastarfið á önninni hafi verið óvenju farsælt. Stundum hafa fleiri nemendur verið viðloðandi en sjaldan hefur verið meiri ró og vinnufriður í skólastofum en þetta haust. Í skólanum var þéttur og góður kjarni afar vinnusamra nemenda sem mættu vel, stunduðu námið af kappi og skiluðu góðum árangri.

Alls komu 68 nemendur við sögu skólahalds FSu í fangelsunum á önninni; 48 á Litla-Hrauni, 20 í Sogni. Auk þess sinntu námsráðgjafi og sérkennari nemendum í fangelsinu á Hólmsheiði, veittu viðtalsþjónustu og aðstoðuðu nemendur við skráningu og nám, flesta þeirra fjarnám frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Skólahald hófst mánudaginn 20. ágúst með skráningu nemenda, og kennsla daginn eftir, þriðjudaginn 21. ágúst. Hefðbundin staðkennsla fer fram fimm daga vikunnar á Litla-Hrauni en þrjá daga í Sogni. Náms- og starfsráðgjafi voru við á Hólmsheiði þrjá daga vikunnar.

Af 68 nemendum voru 46 nógu lengi við nám til að skrásetjast formlega í Innu og ljúka námsmati, 31 á Litlahrauni, 15 í Sogni. Að auki stunduðu 2 nemendur í Sogni háskólanám og einn fjarnám við annan skóla, svo fjöldi „virkra“ nemenda í fangelsunum má því telja 49 á önninni, og eru þá nemendur á Hólmsheiði við aðra skóla en FSu ekki taldir.

Þessir 46 FSu-nemendur í fangelsunum voru alls skráðir í 43 mismunandi áfanga í 20 námsgreinum og 478 feiningar, þar af stóðust samtals 286 feiningar eða 60%.

Þeir 22 nemendur sem litu við í skólanum en voru ekki skráðir formlega og luku engu námsmati, ýmist hættu námi fljótlega af ýmsum ástæðum, losnuðu úr fangelsi eða voru nýbyrjaðir við skólalok. Einingar sumra þeirra skila sér að hluta til á næstu önn.

Þrjú kennarar frá FSu sinntu staðbundinni kennslu í Sogni auk þess sem kennslustjóri, náms- og starfsráðgjafi og sérkennari komu þangað einu sinni í viku, sinn daginn hvert. Á Litla-Hrauni sinntu 10 kennarar staðbundinni kennslu, en þar hafa kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi einnig fasta viðveru og starfsaðstöðu. Sérkennari var með fasta viðveru tvisvar í viku á Litla-Hrauni. Bæði sérkennari og náms- og starfsráðgjafi þjónustuðu nemendum á Hólmsheiði reglulega, námsráðgjafi tvisvar í viku og sérkennari einu sinni. Þá hófu 7 fjarnámsnemendur á Litla-Hrauni og Sogni nám í 9 ólíkum námsgreinum og 13 mismunandi áföngum hjá 10 öðrum kennurum en taldir hafa verið, samtals 70 einingum og skiluðu sér 40 einingar af þeim eða 57%.

Yfirlit yfir námsárangur

Eins og fram kom hér að framan voru á haustönn skráðir í Innu 33 nemendur í 35 áfanga í 16 námsgreinum og 447 einingar. Staðnar einingar voru 160 eða 35,8%. Allstór hópur var nánast óvirkur í náminu og aðrir nýbyrjaðir við annarlok og standa þessir, alls 28 nemendur, utan tölfræðiútreikninga, þó skráðir væru óformlega í skóla um stund.

Alls voru gefnar 111 einkunnir í annarlok, 74 af þeim staðnar eða 66,7%. Einkunnin F var algengust, 35 F af 111 lokaeinkunnum, eða 31,5% allra einkunna. F þýðir að nemandi hefur ekki verið kominn það langt í námi sínu að taka próf eða ljúka fullnaðarnámsmati. Af þeim 76 sem náðu að ljúka námi í áföngum stóðust hins vegar 74 settar kröfur, eða 97% nemanda, sem er frábær árangur. Hluti af þeim sem fengu einkunnina F skilar sér á næstu önn, enda nám í sumum tilvikum vel á veg komið og jafnvel nánast lokið við lok annar.

Einkunnadreifing H18

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	S	F
Fjöldi	3	12	12	25	4	7	1	1	0	0	11	35
/111	2,7%	11%	11%	22,5%	3,6%	6,3%	0,9%	0,9%	0%	0%	9,9%	31,5%
/76	5%	15,8%	15,8%	33%	5,3%	9,2%	1,3%	1,3%	0%	0%	14,5%	

Vorönn 2018

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Ágústa Ragnarsdóttir, myndlistarkennari LH (staðnám)

Egill Örn Jóhannesson, bíliðngreinakennari LH (staðnám)

Guðfinna Gunnarsdóttir, enskukennari Sogni (fjarnám)

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)

Helgi Þorvaldsson, enskukennari Sogni (staðnám)

Hörður Ásgeirsson, sérkennari LH, Sogni og Hólmsheiði (staðnám)

Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og grunnteiknikennari Sogni (staðnám)

Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði

Pelle Damby Carøe, dönskukennari Sogni (fjarnám)
Ragnheiður Eiríksdóttir, heimspekikennari Sogni (fjarnám)
Ronald Guðnason, landafræðikennari Sogni (fjarnám)
Sigurður Grímsson, málmíðngreinakennari LH (staðnám)
Sólveig Sigmarsdóttir, dönskukennari Sogni, (fjarnám)
Sveinn E. Magnússon, enskukennari LH (staðnám) og Hólmsheiði (fjarnám)
Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari LH (staðnám) og Sogni (fjarnám)
Tómas Davíð Ibsen Tómasson, sögukennari Sogni (fjarnám)
Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari LH (staðnám)

Samantekt um skólahaldið

Alls komu 84 nemendur við sögu skólahalds FSu í fangelsunum á vorönn 2019; 61 á Litla-Hrauni og 23 í Sogni. Auk þess nutu 63 fangar þjónustu námsráðgjafa og sérkennara.

Skólahald hófst föstudaginn 4. janúar með útteilingu stundaskráa og skráningu nýrra nemenda. Kennsla hófst mánudaginn 7. janúar á Litla-Hrauni og þriðjudaginn 8. í Sogni. Hefðbundin staðkennsla fer fram fimm daga vikunnar á Litla-Hrauni en þrjá daga í Sogni.

Af 84 nemendum voru 35 nógu lengi við nám til að skrásetjast formlega í Innu og ljúka námsmati, 24 á Litlahrauni og 11 í Sogni. Að auki stundaði 1 nemandi í Sogni háskólanám og 3 á Litla-Hrauni fjarnám við aðra skóla en FSu.

Þeir 49 nemendur sem litu við í skólanum en voru ekki skráðir formlega ýmist hættu námi fljótlega af ýmsum ástæðum, losnuðu úr fangelsi eða voru nýbyrjaðir við skólalok. Einingar sumra þeirra skila sér að hluta til á næstu önn.

Þrjú kennarar frá FSu sinntu staðbundinni kennslu í Sogni auk þess sem kennslustjóri, náms- og starfsráðgjafi og sérkennari komu þangað einu sinni í viku, sinn daginn hver. Á Litla-Hrauni sinntu 8 kennarar staðbundinni kennslu, en þar hafa kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi einnig fasta viðveru og starfsaðstöðu. Sérkennari var með fasta viðveru tvisvar í viku á Litla-Hrauni. Bæði sérkennari og náms- og starfsráðgjafi þjónustuðu nemendur á Hólmsheiði reglulega, námsráðgjafi tvisvar í viku og sérkennari einu sinni.

Auk ofangreindra voru 8 FSu-kennarar með 4 fjarnámsnemendur í 9 mismunandi áföngum, samtals 45 einingum, og skiluðu sér 30 einingar af þeim eða 66,7%.

Markvissri þjónustu við fangelsið á Hólmsheiði, var fram haldið. Mikil eftirspurn var eftir þjónustunni og stöðugur straumur í viðtöl, ekki síst í upphafi annar. Alls leituðu 63 fangar til náms- og starfsráðgjafa í mismörg skipti á önninni, 16 þeirra skráðu sig í fjarnám hjá Fjölbrautarskólanum við Ármúla og einn við Háskólann á Bifröst og sérkennari aðstoðaði 10 þeirra í sínu námi.

Enn er við það sama, sem tíundað var í skýrslu síðasta árs, að þjónusta við nemendur á Hólmsheiði takmarkast að mestu við innritun í fjarnám í upphafi annar og þeir sem koma í fangelsið þar, eftir að innritun almennt lýkur, verða af tækifærum til náms. Sömuleiðis er enn allt við það sama hvað varðar stefnumótun um framtíðarskipan menntunar og skólahalds í fangelsum. Erindi og tillögur þar um liggja væntanlega einhvers staðar í skúffum.

Kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi sóttu dagana 7.-8. maí fund vinnuhóps á vegum norrænu ráðherranefndarinnar í Halmstad í Svíþjóð um mótun heildstæðrar ráðgjafarstefnu í fangelsum Norðurlandanna. Framhald verður á vinnu hópsins í haust og áætlað að ljúka vinnunni fyrir árslok 2020. Það má láta sig dreyma um að niðurstaðan, þegar hún liggur fyrir, ýti á framfarir í málaflokknum.

Yfirlit yfir námsárangur

Fyrrgreindir 35 FSu-nemendur í fangelsunum sem skiluðu sér til námsmats voru alls skráðir í 45 mismunandi áfanga í 19 námsgreinum og 472 feiningar, þar af stóðust samtals 210 feiningar eða 44,5%.

Alls voru gefnar 111 einkunnir. Af þeim voru 55 „fullnægjandi“ eða 49,5%. Á móti voru 47,7% allra falleinkunna F, sem gefur til kynna að nemendur hafi ekki klárað viðkomandi áfanga með lokamati, en einungis 3 einkunnir undir 5. Því má segja að af 58 lokamatseinkunnum hafi 55 staðist, eða tæp 95%.

Einkunnadreifing V18

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	L	F
Fjöldi	3	11	10	11	14	5	0	2	0	1	0	53
/111	2,7%	9,9%	9%	9,9%	12,6%	4,5%	0%	1,8%	0%	0,9%	0%	47,7%
/58	5,2%	19%	17,2%	19%	24,1%	8,6%	0%	3,4%	0%	1,7%	0%	

Almennt um nám og kennslu á skólaárinu

Bíliðngreinar – Grunnám

Á skólaárinu var fram haldið kennslu í grunnáföngum bíliðngreina, fjórða árið sem boðið er upp á þetta nám. Skólaárið 2015-16 voru kenndar þrjár einnar einingar lotur í hreyfilfræði (BVHR), 2016-17 þrjár sambærilegar lotur um aflrás (BVAF), 2017-18 var bætt við þremur lotum um hemlakerfið (BVHE) og í vetur námi í BVSF (stýri og fjöðrun). Einungis var mögulegt að bjóða 2 lotur því búnað skorti fyrir þá þriðju (hjólastillingar). Í þriðju lotu skólaársins á vorönn var því byrjað aftur upp á nýtt, á fyrstu lotu hreyfilfræðinnar.

Alls komu tæplega 20 nemendur eitthvað við sögu þessara námskeiða, að hluta eða í heild, en 8 þeirra luku námsmati.

Enska

Átta nemendur voru skráðir í ensku í Sogni í upphafi haustannar og mættu 7 þeirra nokkuð reglulega. Flestir eru stutt á veg komnir með enskuna og hefur önnin farið í að koma þeim inn í tungumálið svo þeir geti hafið nám í byrjunaráfanga ENSK1HA. Verkefnum hefur verið skilað reglulega og gætu hugsanlega tveir lokið áföngum á vorönn. Flestir nemendur eru tölvuvæddir, sem er ágætt, en það ber sífellt meira á því að nemendur séu að leika sér í tölvum sínum meðan þeir ættu að vera að sinna námsgreininni.

Á Litla-Hrauni var haustönnin með besta móti. Mæting nokkuð góð og árangur eftir því. Það gæti skýrst af því að það var yfirleitt hægt að ganga að því vísu að minnsta kosti þrír nemendur væru með fasta mætingu; það þarf einhverja til að draga vagninn eins og sagt er og það virkar sem hvatning á aðra að mæta. Einnig gæti snögg hækkun á meðalaldri nemenda spilað þarna inn í.

Að öðru leyti er mikilvægt að halda skólanum fyrir þá sem vilja læra, en sitja ekki uppi með þá sem ekki hafa áhuga á náminu. Það sem hefur reynst hvað best til þess að halda nemendum við efnið er að prófa þá aðeins þegar þeir eru tilbúnir, hvort sem það er kafla- eða sögupróf og að einkunn komi alltaf í næsta tíma.

Íslenska

Eins og jafnan slagaði hátt í 20 nemendur á skrá í íslensku, þar af voru hátt í helmingur skráður í íslensku fyrir útlendinga. Þegar líða fór á fækkaði verulega virkum nemendum, sérstaklega á vorönninni, en þó voru 15 nemendur metnir á hvorri önn og um helmingur þeirra stóðst kröfur. Munaði miklu að einn nemandi lauk 5 íslenskuáföngum á skólaárinu. Tveir nemendur hafa lokið öllum hefðbundnum íslenskuáföngum sem í boði eru í skólanum, og mörgum valáföngum að auki, og er það áskorun að tryggja meira framboð fyrir þá.

Íþróttir

Góður kjarni mætti vel og að staðaldri á haustönninni. Langt er síðan að jafn góð virkni hefur verið, bæði í bóklegum sem og verklegum íþróttatímum á Litla-Hrauni. Í íþróttasalnum fór alltaf hluti af tímanum í þrekþjálfun sem við kölluðum crossfit og oftast var svo endað í einhverjum boltaíþróttum.

Í bóklegu tímum var lögð áhersla á að kynna hvað líkamleg áreynsla, skynsamleg næring og reglulegar svefnvenjur hafa mikið að segja hvað varðar líkamlegt og andlegt heilbrigði. Einnig var farið yfir mismunandi aðferðir við að æfa þol, styrk og liðleika.

Vorönnin byrjaði með sama hætti og haustönnin endaði en breytingar urðu á nemendahópnum þegar leið á önnina. Það er þó ekki óeðlilegt á Litla-Hrauni þar sem menn eru að færast á milli fangelsa eða jafnvel losna úr fangelsi á mismunandi tímum. Óvenju

margir erlendir nemendur stunduðu nám í íþróttum þessa önn. Eðlilega urðu afköst í bóklega hlutanum ekki alltaf mikil vegna lítillar íslenskukunnáttu, en þeir voru þeim mun virkari í verklega hlutanum og höfðu jákvæð og drífandi áhrif á aðra nemendur.

Á þessari önn var endanlega hætt að nota vinnubókina en þess í stað notuð heimatilbúin verkefni.

Málmiðngreinar

Um miðja haustönn tók forfallakennari við kennslu í plötuvinnu og gekk ágætlega. Það er skemmtileg áskorun að hoppa inn í framandi áfanga og umhverfi. Nemendur áttu frekar erfitt með að lesa út úr teikningum og þurftu mikla aðstoð við það sem og flest skref í verkinu sem var smíði á verkfærakassa. Spurning hvort það væri sniðugt að byrja á smærra verki sem er ekki eins efnisfrekt til að nemendur fái innsýn í að lesa teikningu og beygja efni áður en það er farið í verkfærakassann. Svo mætti líka nefna tungumálaerfiðleika, sem geta hamlað framgangi.

Að kennslunni að öðru leyti þá kláraði einn RAFS2RA04 og tveir PLVI1PA04. Þessir þrír mættu allir vel og voru virkir. Aðrir sem skráðir voru mættu illa og unnu lítið. Það er alltaf vandamál með kennslu í málmsuðu að halda áhuga nemenda, því oftast er þeim hlutum sem verið er að vinna að hent í brotajárn. Því var ákveðið að gera tilraun með að láta nemendur smíða nytjahluti sem sjóða þarf saman, það fer jú töluverður tími í annað en málmsuðu. Þetta breytti viðhorfi þeirra og jók áhuga, og trúlega tilvinnandi að reyna að þróa þetta áfram.

Kennari er alltaf með augun opin varðandi plötuklippur, sem sárvantar, en eru mjög dýrar nýjar. Notaðar klippur koma að sama gagni.

Myndlist

Áfanginn MYNL2TK05 var kenndur nú þriðju önnina. Í áfanganum eru allar helstu undirstöður almennrar teikningar kenndar, s.s. form, skyggingar, mikilvægi línu, myndbygging og fjarvídd. Eingöngu er notaður blýantur.

Í byrjun voru sárafáir skráðir en strax í fyrsta tíma bættist í hópinn sem svo óx og þéttist og má segja að vinnusemi og áhugi hafi einkennt starfið þessa önn. Tæplega tíu nemendur munu fá vitnisburð, þar af einn sem mun klára áfangann sem hann tók á tveimur önnum. Nokkrir hinna nemandanna ættu að geta horft til þess markmiðs ef þeir koma aftur næsta haust. Kennari afhenti öllum nemendum vitnisburð og einkunn í síðustu kennslustund til að þess að þeir sæu svart á hvítu hvað þeir voru að uppskera fyrir hvert lokið verkefni og að þetta myndi safnast í sarpinn.

Það var gott andrúmsloft í tímum, léttur andi og gott spjall samhliða vinnu. Aldrei urðu nein vandræði í tíma, hvorki á milli kennara og nemenda né þeirra í milli og ávallt sýnd fyllsta kurteisi.

Stærðfræði / Iðnteikning

Áfangar sem kenndir voru í Sogni voru í grunnteikningu (GRT1FA05 og GRT2FB05) og stærðfræði (STÆR1GS05 (1AA05+2BB05), STÆR1AJ05, STÆR2AF05, STÆR2RU05, STÆR2HV05 og STÆR3SG05) og TEVH3SV05 (á Litla Hrauni). Kennt var í Sogni 1 sinni í viku, í 80 mín í senn.

Fjöldi nemenda var að meðaltali um 10-11 og auk þess var 1 nemandi á haustönn í fjarnámi í TEVH3SV05 (teikningu) á Litla Hrauni. Þeir mættu yfirleitt mjög vel, sumir þó alltaf frekar seint, og þeir voru duglegir og áhugasamir í náminu í tímunum. Einstaka voru þó orðnir frekar þreyttir í lok annarinnar og unnu frekar lítið í námsefninu. Þar sem fáir þeirra reiknuðu í stærðfræðinni utan kennslutímanna þá gerði það að verkum að þeir fóru frekar hægt yfir námsefnið og náðu ekki að klára sína áfanga á önninni. Þeir munu vonandi klára þá á næstu önn. Heilt yfir þá gekk bara nokkuð vel.

Kennsla í stærðfræði á Litla Hrauni gekk vel veturinn 2018-2019. Nemendum hefur fjölgað og sérstaklega þeim sem sinna námi sínu. Nemendur hafa almennt verið áhugasamir og staðið sig með ágætum. Á haustönn voru loknar einingar fleiri en mörg undanfarin ár og það sama má segja um vorönnina, þó að loknar einingar á vorönn hafi verið færri en á haustönn. Greininlegt er að nám í stærðfræði hefur verið á uppleið, fleiri nemendur stunda námið og fleiri nemendur ljúka áföngum. Vonandi heldur þessi þróun áfram.

Sérkennsla

Á skólaárinu 2018-2019 kom sérkennari einu sinni í viku í fangelsin á Sogni og á Hólmsheiði en tvisvar í viku á Litla-Hraun. Umtalsverð eftirspurn er eftir aðstoð við nám á öllum stöðunum og í vetur sinnti kennari 38 nemendum á þessum þremur stöðum. Mætingar þessara nemenda eru skráðar jafnharðan á Sogni og á Litla-Hrauni en námsráðgjafi hefur haldið utan um mætingar á Hólmsheiðinni.

Skráðir nemendur á Litla-Hrauni voru 13 á skólaárinu, 6 á Sogni og 19 á Hólmsheiði. Að sjálfsögðu var hverjum og einum sinnt mismikið, þeir eru jafnan færðir á milli fangelsanna en oftast hefur þó gefist tækifæri til að halda áfram að sinna þeim á nýjum stað.

Eðli máls samkvæmt er þörfin á aðstoð í námi mikil og þá einkum í stærðfræði, en þar virðast menn helst missa fótanna.

Afar mikilvægt er að þessi þjónusta sé til staðar í fangelsunum öllum en ekki síst á Hólmsheiðinni sem er móttökufangelsi. Það skiptir miklu máli að fangar fái jákvæða upplifun af námi strax í upphafi afplánunar.

Ýmislegt fjarnám: Landfræði-, saga, heimspeki, o.fl.

Á haustönn luku 4 nemendur fjarnámi í 8 áföngum hjá 5 kennurum, alls 40 ein. Þetta voru áfangar í dönsku, ensku, jarðfræði, sögu og framhaldsnám í grunnteikningu. Þrír fjarnáms-nemendur luku ekki því sem þeir byrjuðu á. Á vorönn voru 5 nemendur skráðir í 9 áfanga, í dönsku, ensku, heimspeki, landafræði, sögu og 2 áfanga í grunndeild rafiðna, en 8 kennarar sinntu þessari kennslu. Af 45 einingum luku nemendurnir 30.

Náms- og starfsráðgjöf

Eins og verið hefur undanfarin misseri starfar náms- og starfsráðgjafi í 100% starfi við fangelsin á Litla-Hrauni, Sogni, Hólmsheiði og á Akureyri. Náms- og starfsráðgjafi er 3x í viku á Litla-Hrauni, 2x í viku á Hólmsheiði og 1x í viku í Sogni. Allri þjónustu við fanga á Akureyri var sinnt í gegnum síma.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru fjölbreytt og mismunandi eftir fangelsum. Helstu verkefni eru viðtöl við nemendur, skráning í nám innan og utan fangelsis, stuðningur í námi, prófseta og eftirfylgni. Einnig fræðsla um náms- og starfsval, ráðgjöf um vinnubrögð í námi og skipulag náms ásamt námstækni. Mikið og gott samstarf er við kennslustjóra, kennara, starfsfólk fangelsis, og samskipti góð við stofnanir og alla skóla sem nemendur í fangelsum eru skráðir í. Reglulegir fundir eru haldnir með starfsfólki fangelsis, samráðsfundir með Vinnumálastofnun o.fl. og þó nokkur tími fer í skipulagsvinnu við verkferla og stefnumótun. Á skólaárinu bættist einnig við norrænt samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, sem nám- og starfsráðgjafi og kennslustjóri taka þátt í, um stefnumótun fyrir störf náms- og starfsráðgjafa í fangelsum Norðurlandanna.

Alls voru 28 fangar skráðir í fjarnám við Fjölbautarskólann við Ármúla. Þar af 16 sem voru skráðir í fangelsinu á Hólmsheiði, sex voru skráðir í fangelsinu á Akureyri, fimm í fangelsinu á Litla-Hrauni og einn í fangelsinu á Sogni. Einn nemandi á Hólmsheiði var skráður í fjarnám við Háskólann á Bifröst og einn nemandi í fangelsinu á Sogni stundaði staðnám við Háskóla Íslands.

Í fangelsinu á Litla-Hrauni og í Sogni er rekinn skóli eins og margtítt hefur verið um en í fangelsinu á Hólmsheiði er enn lágmarksaðstaða til náms. Frá upphafi var ekki gert ráð fyrir hefðbundnu skólanámi þar eins og þekkt er á Litla-Hrauni. En unnið er að því að fá 50% stöðu kennsluráðgjafa á Hólmsheiði sem myndi tengja námið þar við námið á Litla-Hrauni, þá gæti myndast samfella í námi hjá langtíma föngum sem fara frá Hólmsheiði á Litla-Hraun. Að mati námsráðgjafa hentar núverandi fjarnámsfyrirkomulag illa þar sem stór hluti nemenda eru brottfallsnemendur, nemendur með námsörðuleika, greiningar, litla trú á eigin getu o.fl. sem gerir þeim oft erfitt um vik að stunda fjarnám í þeirri mynd sem boðið er uppá.

Náms- og starfsráðgjafi hefur verið í góðu samstarfi við starfsfólk Hólmsheiði til að gera námið sem bærilegast fyrir nemendur. Eðli máls samkvæmt þá flytja fangar á milli fangelsa og þá fylgir náms- og starfsráðgjafi þeim eftir í námi.

Sem fyrr fengu þeir nemendur sem þurftu hljóðbækur frá Hljóðbókasafni Íslands en bókasafnið krefst ekki greininga fyrir nemendur í fangelsum eins og almennt þarf.

Lokaorð

Þegar á heildina er litið gekk skólastarf í fangelsunum vel. Mikill fjöldi nemenda sótti í skólann, og þó ekki hafi allir staldrað við lengi eða náð árangri í þrengsta skilningi orðsins; skilað einingum, þá er það jákvætt í sjálfu sér hve margir líta á það sem möguleika að sækja skóla og stunda nám. Það er ekki sjálfgefið fyrir þennan hóp og fullyrða má að margir hafi náð markverðum árangri þrátt fyrir einingaleysið. Það er mikill sigur fyrir hvern og einn að átta sig á því að getan er fyrir hendi. Þegar við sem í skólanum störfum heyrum, eða sjáum í augum nemendanna, sannfæringuna: „Ég get lært“, þá er til einhvers barist.

Vissulega eru það vonbrigði að ekki gangi hraðar að bæta ýmsa aðstöðu til skólahaldsins en við getum ekki annað en lifað áfram í voninni og haldið áfram að vekja athygli á því sem til framfara gæti horft.

3.7 Náms- og starfsráðgjöf

Starfslið

Skólaárið 2018- 2019 störfuðu þrjú náms- og starfsráðgjafar við skólann Agnes Ósk Snorrðóttir í 100% stöðuhlutfalli, Bjarney Sif Ægisdóttir í 75% starfshlutfalli og Birna Aðalheiður Árdal Birgisdóttir í 50% starfshlutfalli. Auk þess voru Bjarney og Birna í störfum við kennslu og umsjón grunnmenntabúrar, með sitthvorn hópinn í námstækni- og starfsfræðslu. Anna Fríða Bjarnadóttir var í námsleyfi þetta skólaár.

Símenntun, fundir og samstarfsverkefni

Á skólaárinu funduðu náms- og starfsráðgjafar tvisvar sinnum með skólastjórnendum til viðbótar við óformlega fundi og samvinnu. Námsráðgjafarnir sóttu allir dagskrá í tilefni af Degi náms- og starfsráðgjafa þann 9. nóvember þar sem kulnun í starfi var umfjöllunarefnið. Fundur með HNOSS, hópi náms- og starfsráðgjafa á Suðurlandi 19. desember. Námsráðgjafar funduðu tvisvar sinnum með sálfræðingum HSu. Námsráðgjafar sóttu einnig allir Kvan námskeið fyrir lífsleiknikennara 3. og 4. Júní 2019. Kvan fyrir kennara: nokkrir lykilþættir að árangri. Á námskeiðinu var farið yfir þætti sem hægt er að hafa að leiðarljósi í að efla sjálfstraust, jafnvægi og vellíðan ungs fólks. Hvað er það sem skapar kúltur í honum?

Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál

Samkvæmt reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku eiga framhaldsskólar að vera með móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í maí var bréf sent til allra skólastjóra og náms- og starfsráðgjafa í grunnskólunum á Suðurlandi. Þar var óskað eftir upplýsingum um hvort einhverjir nemendur og forráðamenn þeirra þurfi á innritunarviðtali með túlk að halda. Þeir nemendur verða boðaðir áður en kennsla hefst í haust. Enginn móttökuvíðtöl voru pöntuð að þessu sinni.

Könnun á líðan og námsumhverfi nýnema

Vegna breytinga í Menntamálaráðuneytinu var könnunin ekki lögð fyrir haustið 2018. Námsráðgjafar vona að hægt verði að leggja könnunina fyrir að nýju haustið 2019, enda gefa niðurstöður könnunarinnar mikilvægar upplýsingar um nýnemahópinn.

Áhugasviðskannanir

Á skólaárinu voru 4 nemendur sem óskuðu eftir að taka áhugasviðskönnunina í leit að starfi. Áhugasviðskannanir hafa ekki verið auglýstar sérstaklega undanfarin ár sem skýrir að hluta hvers vegna eftirspurnin er ef til vill ekki meiri. Margir taka áhugasviðskannanir við lok grunnskóla.

Nýjungar

FSu tók í fyrsta skipti þátt í Háskólalestinni. Þar gefst framhaldsskólanemendum tækifæri á að kynnst námi í Háskóla Íslands í tvo daga. Nemendur velja sér deildir til þess að fá kynningu á og taka þátt í skipulagi innan þeirra deilda. Þrír nemendur komust að og tveir mættu.

Námsráðgjafar settu upp viðtalsaðstöðu í viðtalsherbergi í Hamri. Þessi aðstaða var samnýtt með sálfræðingunum. Í fyrsta skipti bauð námsráðgjöf FSu uppá skipulagða viðtalstíma í Hamri. Þennan vetur voru það tveir hálfir dagar.

Samstarfssamningur við Sálfræðinga HSu um að þeir sinni viðtölum við nemendur FSu var gerður í upphafi skólaárs. Tilvísanir til sálfræðinga fara í gegnum náms- og starfsráðgjafa skólans sem einnig eiga í samskiptum og funda reglulega með sálfræðingum. Útbúið var eyðublað um upplýst samþykki nemendanna fyrir upplýsingamiðlunar okkar á milli, með því markmiði að geta þjónustað nemendurna sem best.

Sambærilegt eyðublað um upplýst samþykki var einnig útbúið í samstarfi við Birtu starfsendurhæfingu og umræða hefur komist á við félagsþjónustu Árborgar um slíkt eyðublað. Þessar breytingar komu í kjölfar nýju persónuvernarlaganna.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan skólans og á vegum hans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Foreldrafundur

Foreldrafundur var haldinn í september. Mæting á fundinn var góð en yfir 100 foreldrar mættu. Á fundinum kynntu náms- og starfsráðgjafar starf sitt fyrir foreldrum og þá þjónustu sem nemendum stendur til boða ásamt því að fara yfir ýmsa þætti tengda náminu og skólanum.

Erlendir skólar

Náms- og starfsráðgjafar fóru í heimsókn í flesta grunnskóla á Suðurlandi (13/15) og kynntu skólann og námsframboð hans með nýju kynningaefni. Fulltrúar nemenda komu með í allar kynningar og í fyrsta skipti fór fram kynning í einum skólanum á ensku. Kynningarnar tókust vel og skemmtilegt var að hafa nemendur með í för.

Að þessu sinni fór ekki fram nein kynning á erlendum skólum í gegnum okkur.

Íslenskir háskólar

Þann 6. mars var haldinn háskóladagur í F.Su. í samvinnu við Háskóladaginn sem haldinn er árlega í Reykjavík og ferðast svo um landið. Hingað komu aðilar frá sjö háskólum, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskólanum, Listaháskólanum, Háskólanum á Akureyri, Hólaskóla og Háskólanum á Bifröst til þess að kynna námsframboð sitt.

Kvikmyndaskólinn kom einnig með kynningu þennan dag. Háskóladagurinn tókust vel og var góð mæting. Áfangamešan var haldin sama dag og háskóladagurinn, líkt og í fyrra.

Námsráðgjöfum finnst ganga vel að sameina þessa tvo viðburði og einnig að tengja áfangamešan við opna húsið.

Opið hús

Í mars var opið hús í FSu. Opið hús er ætlað sérstaklega fyrir foreldra og forráðamenn 10. bekkinga. Þar gefst tækifæri til þess að skoða skólann og kynna sér hvað hann býður uppá. Líkt og í fyrra var opið hús tengt áfangamešan skólans sem haldinn er í salnum daginn eftir. Á Opnu húsi gafst gestum því færi á að hitta fleiri kennara en áður og kynna sér áfanga og námsgreinar. Flestir eru sammála um að þetta fyrirkomulag reyndist vel. Mæting var mjög góð og greinilegt að þetta fyrirkomulag er komið til að vera.

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á móti einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann og námsframboð hans.

Starfamešan

Starfamešan var haldin 10. apríl og að þessu sinni fór hún fram í Hamri. Náms- og starfsráðgjöf FSu var með bás og kynnti skólann og námsframboð hans fyrir hönd skólans.

Greiningalisti

Nemendur á greiningarlista, það er nemendur við skólann sem skilað hafa inn greiningum voru 128 á haustönn en 135 á vorönn. Ekki er eingöngu um nemendur með námsörðugleika

að ræða heldur einnig nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s nemendur með bráðaofnæmi og fleira en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það hjá sér. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem fyrst til kennara viðkomandi nemenda. Á vorönn voru upplýsingar um greiningar nemenda settar í athugasemdir í INNU og fara sjálfkrafa á hópalista kennara. Komi nýjar greiningar í hús eftir að skólastarf byrjar, eru kennarar látnir vita af því sérstaklega. Með þessu móti er tryggt að kennarar hafa upplýsingarnar nálægar og þær eru vel sýnilegar fyrir kennarana. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn þeirra ef nemandi er undir 18 ára aldri, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

Tilhliðrun í prófum

Náms- og starfsráðgjafar auglýstu til nemenda á greiningarlista hvenær og hvernig sækja þurfi um sérúrræði á prófatíma í desember og maí. Náms- og starfsráðgjafar tóku á móti umsóknum ef þess var óskað. Sérúrræði á prófatíma eru skráð beint í Innu. Nemendur geta sótt um sjálfir, eða með aðstoð náms- og starfsráðgjafa sem síðar þarf að samþykkja umsóknina. INNA hefur ekki alveg unnið með okkur hvað varðar skráningar sérúrræða og aðgengi kennara að þeim. Sá galli er í kerfinu að gamlar umsóknir um sérúrræði hanga enn inni í INNU sem gefur ranga mynd af hvaða nemendur þurfa á sérúrræðum að halda. Prófstjóri tekur saman sérúrræðin og vinnur við að koma þeim í framkvæmd, í samvinnu við kennara.

Náms- og starfsráðgjafar senda jafnframt vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Nemendur skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og hringja í veikindasímann þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda sinna eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Veikindi eru skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu og senda póst á alla kennara um leið og opið vottorð berst. Við ákváðum að gera tilraun með að flokka ástæður fyrir opnu vottorði. Þessi flokkun gefur aðeins vísbendingar því að flokkarnir geta skarast talsvert. Til dæmis geta langvinn veikindi líka verið andleg. Í töflunni hér að neðan eru ástæðurnar sem eru gefnar upp á opnu vottorðunum:

	H18			V19	
	KVK	KK		KVK	KK
Ástæður					
Andleg veikindi	13	5		16	5

Líkamleg/andleg veikindi	2	0		2	0
Líkamleg veikindi	7	7		9	4
Mígreni	2	2		2	1
Aðrar ástæður	24	12		28	15
Fjöldi	48	26		57	25

	Haust18	Vor19
Samtals opin vottorð	74	82

Algengara er að stúlkur leggi fram opin vottorð vegna veikinda. Hlutfallið var 48/26 á haustönn og 57/25 á vorönn. Athygli vekur að það virðist frekar vera tiltekið á vottorðum stúlkna um ástæður opins vottorðs, heldur en drengja. Opnu vottorðum fjölgaði á milli ára, um 10 á haustönn og um 15 á vorönn.

Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu

Náms- og starfsráðgjafar áttu í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

- ✓ Barnahús
- ✓ Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL)
- ✓ Birta starfsendurhæfing
- ✓ Félagsmálayfirvöld
- ✓ Barnavernd
- ✓ Fósturheimili á vegum félagsmálayfirvalda
- ✓ Heilsugæslan
- ✓ Sálfræðingar
- ✓ Sjónarhóll
- ✓ Vinnumálastofnun
- ✓ Prestur
- ✓ Lögreglan

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur í starfinu. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við teljum því að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa.

Önnur verkefni

Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafar eru einstök og tilfallandi og falla ekki undir ákveðinn kafla. Til dæmis eftirfarandi atriði. Náms- og starfsráðgjafar:

- Uppfærðu og viðhéldu framboði upplýsingabæklinga um allt háskólanám sem í boði er á Íslandi, auk upplýsinga um starfsnám og sýnishornum af erlendum skólum.
- uppfærðu facebook síðu fyrir náms- og starfráðgjöf FSu þar sem sett voru vikulega eða oftár ýmis heilræði og ábendingar og einnig er hægt að senda skilaboð þar með beiðni um viðtal eða fyrirspurnir.
- aðstoðuðu og komu að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla gegnum menntagátt, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist.
- voru eins og áður milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka og talgervla sem þeir eiga rétt á að fá frá Hljóðbókasafninu.
- voru í stundatöflubreytingum.
- breyta vali nemenda vegna niðurstöðu prófa bæði haust- og vorönn.
- Agnes er í áfallateymi skólans fyrir hönd náms- og starfsráðgjafar.
- Unnu vinnsluskra og áhættumat í kjölfar nýju persónuverndarlaganna og í samvinnu við persónuverndarfulltrúa skólans.
- Framundan er vinna við innleiðingu GoPro skjallastjórnunarkerfið í samvinnu við Elínu sem umsjónaraðili þess hér innan skólans.
- Agnes tók þátt í undirbúningi og framkvæmd nýs slökunarherbergi fyrir starfsfólk skólans.
- Bjarney var í Kátu Daga nefndinni.
- Agnes var í nýju hlutverki innan skólans sem aðstoðarmaður nemenda við undirbúning söngvakeppni.

Umræður og lokaorð

Í síðustu ársskýrslum hefur okkur verið tíðrætt um aðstöðu náms- og starfsráðgafa í skólanum. Við höfum núna tvær skrifstofur á þriðju hæð og eina skrifstofu út í Hamri. Skrifstofunni út í Hamri deilum við með sálfræðingunum. Með því leysist vandinn ekki að fullu þar sem við höfum að sjálfsgöðu ekki aðgang að skrifstofunni þegar sálfræðingarnir eru að nýta hana. Við erum þá að hluta til enn í þeim sporum að hafa ekki aðstöðu þegar við erum í undirbúning eða þegar við höfum ekki aðgang að skrifstofu þegar námsráðgjafastofurnar eru í notkun.

Aðstaða út í Hamri hefur komið vel út og aukið enn frekar aðgengi nemenda og kennara að námsráðgjöfinni og nálægðin við starfsnámið er meiri með því að hafa aðstöðuna þar. Með því vonumst við til þess að nemendur í starfsnámi eigi auðveldara með að leita til okkar.

Við fögnum því að við séum komin í samstarf við HSu um sálfræðiþjónustu. Verklag á þeirri þjónustu er enn í mótun. Við teljum mikilvægt að nemendur skólans hafi betri aðgang að sálfræðiþjónustu og hægt sé að grípa fyrr inn í vanda nemenda. Við teljum að margir nemendur þyrftu um 2-4 viðtöl til að greiða úr vanda sínum, komist þeir fljótt að. Nemendur með flóknari vanda þyrftu að eiga kost á að geta fengið viðeigandi meðferð á HSu. Ljóst er að þörfin er mjög mikil og við þurfum að finna leiðir til að mæta vanda sem flestra.

Eftir skólaárið situr aðeins í okkur félagsleg virkni og þátttaka nemenda. Við sjáum þróun í þá átt að nemendur taki ekki þátt í félagslífi og séu einmanna. Í draumasýninni sjáum við fyrir okkur starfandi tómtunda- og félagsmálafræðing sem hefði yfirumsjón yfir nemendafélaginu og öllum þeim þáttum sem snúa að félagslífi skólans. Þannig mætti auka vægi ýmiskonar klúbbstarfs á skólatíma. Í því samhengi er vel hægt að hugsa sér samstarf við Pakkhúsið-ungmennahús. Möguleiki á samstarfi við Pakkhúsið hefur verið í umræðunni en það þarf að hnykkja betur á því og koma á samtali.

Eftir skólaheimsóknir til Danmerkur sjáum við fyrir okkur að bæta aðstöðu fyrir nemendur innan skólans. Þá erum við bæði að tala um aðstöðu til hópavinnu, samskipta og afþreyingar.

Við teljum mikilvægt að koma á frekari stuðningsúrræðum fyrir nemendur skólans. Við höfum skoðað hvað aðrir framhaldsskólar bjóða uppá í þeim efnum. Flestir framhaldsskólar eru með eitthvað úrræði til þess að styðja við nemendur í námi. Það sem við myndum vilja sá er einhverskonar námsver sem er opið til dæmis hálfan daginn 2-3x í viku þar sem nemendur geta mætt og fengið námsaðstoð frá kennurum og einnig úrræði í formi jafningjafræðslu. Í tilraunastarfi mætti skoða að hafa námsaðstoð fyrir kjarnagreinar þar sem stærðfræði- og íslenskukennari séu til aðstoðar.

Til þess að styðja við nemendur með námserfiðleika teljum við mikilvægt að sérfræðingur á sviði sérkennslu hafi þennan málaflokk undir sinni umsjón. Í skimun á námsumhverfi og líðan framhaldsskólanemenda sem er lögð fyrir alla nýnema á hverju hausti þar sem kannaðir eru áhættuþættir fyrir brotthvarf nemenda frá námi skora okkar nemendur ávallt lægst á þættinum námserfiðleikar, það er að samanborið við aðra nýnema á landsvísu telja nemendur okkar að námserfiðleikar sé þeirra veikleiki. Nemendur eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þeim ber, af þar til hæfum sérfræðingi. Sumir skólar hafa t.d. sérstakan dyslexíu ráðgjafa sem nemendur með lestrarerfiðleika geta leitað til. Einnig teljum við að í ljósi þessa stóra nemendahóps sem hér um ræðir, sé nauðsynlegt að kennarar hafi aðgang að þar til hæfum sérfræðingi til skrafs og ráðagerða um þjónustu við ólíka nemendahópa.

Nemendur með annað móðurmál eru okkur ofarlega í huga og okkur finnst að það vanti markvissari stefnu í þeim málum. Okkur finnst ekki góðar heimtur á upplýsingum frá grunnskólum, þrátt fyrir að við óskum eftir þeim. Tungumálaörðugleikar nemenda með annað móðurmál en íslensku geta valdið því að þeir eiga í erfiðleikum með að standast

námskröfur og ljúka skilgreindum námsbrautum. Þessi nemendahópur þarf fjölbreyttari námstilboð og meiri stuðning í námi, til dæmis varðandi ritgerðarvinnu og verkefnaskil. Nauðsynlegt er að þessi hópur fái markvissari umsjón í skólanum og skilgreina þarf hlutverk starfsfólks betur. Lykilatriði er að leggja meiri áherslu á aukna íslenskukennslu með áherslu á samskipti, kennsluumhverfið þarf að bjóða upp á það. Einnig vantar frekari stuðning við félagslega aðlögun, til dæmis með mentora hlutverki eða liðveislu jafningja.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi stuðningsþjónusta sem inniheldur náms-og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa (sérkennari fyrir nemendur og kennara), sálfræðing, fjölmenningsfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og tómsstunda- og félagsmálafræðing sem myndi m.a sinna starfi félags-og forvarnarfulltrúa. Með þannig þjónustu væri komið til móts við náms, líkams-, félags-og tilfinningarlegar þarfir nemenda. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.

3.8 Grunnmenntabré

Umsjón: Bjarney Sif Ægisdóttir

Inngangur

Grunnmenntabré (GRB) hefur verið starfrækt, með því fyrirkomulagi sem hún byggir á í dag, í þrjú skólaár. Fyrstu tvö skólaárin var verkefnið þróað og fjármagnað með styrkveitingu frá Menntamálaráðuneytinu sem leið til þess að sporna við brotthvarfi. Þegar átaksverkefninu á vegum ráðuneytisins lauk ákvað skólinn að halda verkefninu áfram.

Markmið grunnmenntabréar eru meðal annars að aðstoða nemendur við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning þeirra. Nemendur eru fræddir um mismunandi leiðir í menntakerfinu og aðstoðaðir við að marka sér stefnu í námi og starfi. Til þess að uppfylla þessi markmið voru þróaðir áfangarnir NÁSS1GA05 (haustönn) og NÁSS1GB05 (vorönn). Áfangarnir eru skylduáfangar á grunnmenntabré. Í þessum áföngum er áhersla lögð á kennslu í námstækni, sjálfstyrkingu og starfsfræðslu. Kennsla í þessum efnisþáttum fer fram 2x í viku og 2x í viku eru nemendur í heimanámsaðstoð, þar sem þeir fá sérstakan stuðning í námi. Í heimanámsaðstoðinni eru tveir kennarar þar sem að minnsta kosti annar þeirra er umsjónaraðili grunnmenntabréar. Með þessu móti kynnist umsjónaraðili brautarinnar námsstíl nem-enda og hefur góða yfirsýn á námsframvindu nemenda á brautinni. Ef tilefni er til þá hitta nemendur námsráðgjafa regluleg í viðtalstímum einnig.

Brautarstjórn og sérstaða brautar

Verksvið umsjónaraðila grunnmenntabréar er að halda utan um brautina, eiga regluleg samskipti við nemendur, kennara og forráðamenn nemenda, þróa námsbrautina og meta

árangur námsins. Einnig fylgist umsjónaraðili reglulega með mætingu nemenda á brautinni og kemur upplýsingum þar að lútandi til forráðamanna og nemenda. Brautarstjóri hittir nemendur í fylgd með forráða-mönnum í upphafi náms þar sem markmið og fyrirkomulag náms á grunnmenntabré er kynnt, farið er yfir skólasóknarreglur, stöðu nemenda og mikilvægar persónulegar upplýsingar. Utanumhald með nemendum felur einnig í sér símtöl og viðtöl við forráðamenn og nemendur, en reynslan sýnir að þörfin er mismikil milli nemenda.

Óvenju stór hópur nýnema hóf nám á brautinni haustið 2018 og því voru umsjónaraðilar brautarinnar tveir að þessu sinni, náms- og starfsráðgjafarnir Bjarney Sif Ægisdóttir og Birna Aðalheiður Árdal Birgisdóttir. Nemendurnir skiptust niður í tvo NÁSS hópa og voru þær með umsjón yfir nemendum í sitthvorum hópnum.

Námsframvinda nemenda haustönn 2018

Haustið 2018 hófu 30 nýnemar (fæddir 2002) nám á grunnmenntabré. Þrír eldri nemendur hófu nám á brautinni til viðbótar, þar af 2 eldri en 18 ára. 20 strákar hófu nám á brautinni og 13 stelpur.

Tveir nemendur hættu námi snemma á önninni og segja má að þeir hafi ekki gefið náminu tækifæri. Annar þessara nemenda fór að vinna og hinn hætti vegna persónu- og félagslegra erfiðleika. Tveir nemendur til viðbótar hættu námi við lok haustannar. Þessir nemendur fengu margvíslega aðstoð út haustönnina, s.s. létt var á námi, þeir fengu viðtalstíma hjá sálfræðingi og mikil samskipti voru við forráðamenn en ákveðið var að þeir myndu taka sér pásu frá námi á vorönn.

Þegar námsárangur nemenda á grunnmenntabré er tekinn saman er miðað við nýnema sem byrjuðu haust 2018 og voru skráðir í nám út önnina. Námsárangur eldri nemenda er ekki tekinn með í þessari skýrslu, þar sem þeir eru í náminu á öðrum forsendum og fylgja ekki framkvæmdinni til fulls, t.d. er ekki um að ræða foreldrasamskipti. Nýnemarnir 28 voru skráðir í 799 einingar og stóðust af þeim 611 eða 76,5%. 13 nemendur náðu öllum þeim einingum sem þeir voru skráðir í og 19 náðu öllu eða öllu nema einum áfanga.

Einn nemandi brautskráðist og hóf nám í grunnnámi háriðnar á vorönn. Fleiri nemendur luku fornámsáfvöngum en stefndu á grunnnám haustönn 2019 og voru því enn skráðir á grunnmenntabré á vorönn 2019.

Námsframvinda nemenda vorönn 2019

31 nemendur voru skráðir í NÁSS1GB05 á vorönn, þar af fimm eldri en 18 ára. Þessir nemendur eru í sérstöku utanumhaldi á grunnmenntabré, en þar fyrir utan eru nokkrir eldri nemendur skráðir á brautina. Þegar námsárangur annarinnar er tekinn saman eru nemendur eldri en 18 ára ekki teknir með í tölfræðina af sömu ástæðu og tilgreind var í samantekt um námsárangur á haustönn.

Þeir 26 nýnemar sem að stunduðu nám á grunnmenntabré á vorönn voru samtals skráðir í 777 einingar í upphafi annar. Við lok annar höfðu nemendur staðist 536 einingar eða 69%.

12 nemendur ná öllum einingunum eða öllum nema einum áfanga. Fjórir nemendur náðu engri eða einni einingu, en þeir nemendur mættu illa undir lok annar og skiluðu litlu sem engu af námsmati.

Þegar horft er fram á næsta skólaár eru 19 nemendur af 26 að stefna á aðrar brautir. Einn nemandi eru að flytja. Einn sækir nám til Reykjavíkur sem ekki er kennt í FSu. Þrír nemendur sækja um í grunndeild málmíðnaðar. Tveir nemendur sækja um á grunndeild bygginga- og mannvirkjagreina. Einn sækir um í grunndeild rafiðna. Einn sækir um á félagsgreinalínu. Einn sækir um á íþróttalínu. Einn á alþjóðalínu. Sjö nemendur sækja um á opna línu. Sjö nemendur halda áfram í fornámi.

Umræður og framtíðarsýn

Skólaárið 2018-19 stunduðu töluvert fleiri nám á grunnmenntabré heldur en skólaárið áður, þegar u.þ.b. 12 nemendur voru við nám á brautinni samanbrið við 30 nemendur nú. Nemendahópurinn í ár var mjög fjölbreyttur. Þar sem að um tvo námshópa var að ræða að þessu sinni skiptust hóparnir upp um áramót vegna töfluggerðar og sumir nemendur fengu nýjan umsjónarkennara og um leið nýja samnemendur í áföngunum (NÁSS og fornáminu). Utanumhald nemenda og hópaeiningin varð þess vegna aðeins frábrugðin frá fyrra ári. Námsárangur nemenda var heldur lakari en skólaárið áður þegar töluvert færri nemendur voru á brautinni, en í samræmi við námsárangurinn 2015-16 þegar svipað stór hópur var á grunnmenntabréunni og þetta skólaár.

Sú breyting varð eftir áramótin að heimanámstímarnir nýttust fremur illa, þ.e. nemendur nýttu tímana ekki vel til vinnu. Fram að þessu hafa nemendur í könnunum sagst frekar vilja fleiri heimanámstíma. Erfitt er að greina ástæður þessarar viðhorfsbreytinga, en nemendur máttu það nú þannig að þeir sjálfir þyrftu lítið á heimanámstímunum að halda. Það er mikilvægt að lesa vel í þá hópa sem við vinnum með hverju sinni til að koma sem best til móts við þarfir þeirra.

Sú hugmynd kom upp í öðrum hópnum að taka báða heimanámstímana út og vera með hefðbundna fyrirlestra, umræður og verkefnavinnu í staðinn. Hópurinn var þó sammála um að halda inni einum heimanámstíma, á föstudegi, til þess að ljúka við verkefni sín og fara áhyggjulaus inn í helgina. Það fyrirkomulag gekk vel. Áherslan var á verkefni áfangans og meiri dýpt á efninu hverju sinni. Tíminn hófst á upprifjun og áframhaldandi dýpt á efninu og í kjölfarið unnu nemendur í verkefnum sínum þar sem þeir kláruðu ákveðinn hluta þess og máttu svo fara. Sveigjanleikinn fyrir auka heimanámstíma var til staðar. Þegar nemendurnir kölluðu eftir tveimur heimanámstímum var auðvelt að verða að ósk þeirra og tíminn nýttist betur. Það vakti eftirtekt að nemendum gekk almennt betur að skila verkefnum áfangans og voru síður að vinna þau á síðustu dögum fyrir skil. Þeim gekk mjög vel að vinna þau jafnt og

þétt í tímunum þó að ekki hafi verið aukið við tímafjölda þeirra. Þau fengu enn 4 tíma í viku til þess að læra efnið og vinna verkefni en neikvætt viðhorf til heimanámstímanna varð til þess að þau komu sér síður að verki. Ef þau sóttust sjálf eftir auka tíma til heimanáms var andinn talsvert betri í kennslustund og virkni nemenda góð.

Í NÁSS áfanganum sem kenndur er að hausti er töluvert unnið út frá hugmyndfræði jákvæðrar sálfræði, nemendur velta fyrir sér eigin styrkleikum og veikleikum, vinna verkefni tengt núvitund og þakklæti svo fátt eitt sé nefnt. Það væri áhugavert að þróa þann þátt áfram og vinna meira með nemendur í anda hópráðgjafar. Þannig gæfist um leið tækifæri til að auka samskipti nemenda og efla félagsfærni. Til dæmis væri áhugavert að skipta hvorum hópi upp í minni hópa prófa skipulagða hópráðgjafatíma með 6-8 nemendum í senn. Þá væri hægt að skipta hvorum hóp upp í tvo minni hópa. Í starfsfræðslunni væri áhugavert að kynna fyrir nemendum hugmyndir nýsköpunar og frumkvöðlafræða og sem dæmi mætti sýna þáttinn „Verksmiðjan“ sem sýndur er á RÚV. Á þessum vetri var ekki farið í vettvangsheimsóknir í fyrirtæki eða á námsbrautir líkt og síðastliðin tvö ár, en það væri skemmtilegt að ná að koma því fyrir aftur á næsta ári.

Langflestir nemendur ljúka námi á grunnmenntabré eftir einn vetur. Þá innritast nemendur inn á aðrar brautir eftir áhugasviði. Á þessu fyrsta ári hafa nemendur fengið mikið aðhald og stuðning meðan þeir eru að venjast nýjum aðstæðum og ná upp námshæfni um leið og þeir taka framhaldsskólaáfangu eins og félagsfræði, umhverfisfræði og íþróttufræði. Því má segja að flestir nemendur á grunnmenntabré fái frekar mjúka byrjun á framhaldsskólagöngunni. Það væri gott ef hægt væri að fylgja nemendunum betur eftir þegar þeir hafa lokið náminu á grunnmenntabré, en hingað til hefur lítill tími gefist til þess. Ákveðinn hópur nemenda leitar sjálfur til námsráðgjafa að loknu námi á brautinni en það væri gott ef hægt væri að fylgjast markvissara með öllum hópnum því stundum reynist stökkið á milli fornámsáfangu í kjarnafögum og fyrstu framhaldsskólaáfanganna töluvert.

Það er mikilvægt að áfram sé markvisst unnið að því að halda sérstaklega utan um þann nemendahóp sem að innritast á grunnmenntabré. Ástæður þess hvers vegna nemendur ná ekki hæfniskröfum grunnskólans í kjarnafögum og geta þar af leiðandi ekki innritast inn á aðrar námsbrautir skólans eru jafn margar og nemendurnir eru margir. Hver nemandi hefur sögu. Flestir nemendur eru með einhverjar greiningar um námserfiðleika, en það er þó ekki í öllum tilfellum. Það er mikilvægt að hafa það í huga að það er einhver ástæða fyrir því að nemandinn náði ekki markmiðum grunnskólans og því er mikilvægt að hann fái auka aðstoð fyrst um sinn í framhaldsskólanum til þess að aðstoða nemandann við að ná markmiðum sínum. Það er mismunandi hvaða leið nemendur velja að loknu námi á grunnmenntabré, en markmiðið á þessu fyrsta ári er að efla námshæfni nemandans, aðstoða hann við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning þeirra og stuðla um leið að ígrundaðra náms- og starfsvali í framtíðinni.

Það að starfsfólk grunnskólanna á svæðinu er farið að þekkja grunnenntabréna og hugmyndafræðina á bak við hana hjálpar til við að ná markmiðunum með brautinni, því nú er orðið algengara að nemendur velji grunnenntabréu sem námsleið að loknum grunnskóla. Þegar námsleiðin fór af stað fyrir þremur árum þá höfðu langflestir nemendur sótt um á öðrum brautum, ekki uppfyllt inntökuskilyrðin og því lent á grunnenntabréu og voru ósáttir við það. Þá tók tíma fyrir nemendur að sætta sig við að vera á námsbrautinni, en nú koma flestir nemendur inn á brautina eftir að hafa valið hana sem námsleið að loknum grunnskóla, þeir eru því sjálfir upplýstari um námstilboðið og hafa tekið ákvörðun um að hefja nám á brautinni.

Það er okkar trú að ágætlega hafi tekist til með að halda utan um þennan viðkvæma nemendahóp með þessu fyrirkomulagi á grunnenntabréu eins og það er í dag, en mikilvægt er að halda áfram að þróa úrræðið með opnum huga, nemendunum til góða.

3.9 Kerfisstjóri og tölvuþjónusta

Kerfisstjóri: Ragnar Geir Brynjólfsson

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn mín er sú að gera tölvukerfið öruggt og skilvirkt og koma til móts við kröfur sem til þess eru gerðar í persónuverndarlögunum frá 2018. Í því sambandi er horft til ISO27001 staðalsins og er stefnt á að næsta vetur verði gerð öryggisstefna sem leggi línurnar varðandi upplýsingaöryggi, aðgangsstjórnun, rekstarhandbók UT-deildar, flokkun upplýsinga, nafnleysi og gerviauðkenni sem og um dulritun. Fundað var reglulega um tölvumálin eins og gert hefur verið allar götur frá 1999. Fjórir fundir voru á vorönn 2018 og ellefu á vorönn 2019.

Persónuvernd

Ég gegni tveim hlutverkum auk þess að vera kerfisstjóri er ég jafnframt persónuverndarfulltrúi skólans. Þetta skólaár var lokið við gerð vinnsluskráar sem er skrá yfir verkferla þar sem persónuupplýsingar koma við sögu. Verkferlar um viðkvæmar persónuupplýsingar voru jafnframt áhættumetnir. Gerð persónuverndarstefnu er langt komin og eru drög stefnunnar í yfirllestri hjá sérfræðingi ráðuneytisins um persónuverndarmál þegar þetta er skrifað.

Leyfamál

Unnið var að því að ganga inn í nýjan samning ríkiskaupa við Microsoft og er nýju leyfanna beðið núna í júníbyrjun.

Kennslukerfi

Moodle kennslukerfið var aðgengilegt þennan vetur og hefur Inna smám saman tekið við sem kennslukerfi. Moodle kerfinu verður lokað í ágúst á þessu ári og verður það ekki aðgengilegt næstu haustönn.

Staða tækjakosts

Stöðugt er unnið að því verkefni að halda búnaði uppfærðum svo hann standist væntingar. Staðan í þeim málum er að mínu mati góð eins og eftirfarandi töflur bera með sér. Hin fyrsta er yfir fjölda og aldur þráðlausa senda, hin næsta yfir nettengieiningar og sú þriðja yfir borðtölvur:

Þráðlausir sendar

Kaupár	Fjöldi
2014	5
2015	5
2016	25
2017	7
2018	18
2019	12
Samtals	72

Nettengieiningar (svissar)

Kaupár	Fjöldi
2014	2
2015	0
2016	2
2017	8
2018	2
2019	1
Samtals	15

Borðtölvur

Kaupár	Fjöldi
2009	2
2010	0
2011	3
2012	4

2013	3
2014	0
2015	8
2016	22
2017	26
2018	0
2019	10
Samtals	78

Elsti netþjónninn er frá 2014 en sá nýjasti frá 2017.

Endurmenntun, ráðstefnur, námskeið og kynningar

Ég fór á UT-messuna sem er árleg innlend ráðstefna, sótti einnig tvö EHÍ endurmenntunarnámskeið: Námskeið um upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum og námskeið um nýja persónuverndarlöggjöf og fór auk þess á ráðstefnu Þjóðskjalasafns um skjalavistun og grisjun upplýsinga.

3.10 Prófstjórn

Prófstjóri: Kristín Runólfsdóttir

Haustannarpróf 2018

Aðstoðarskólameistari skipuleggur uppröðun prófa og ekki bárust athugasemdir við próftöflunni sem birt var í lok október (sjá töflu). Prófatími stóð nú yfir frá mánudeginum 10. desember til mánudagsins 15. desember en þá voru sjúkrapóf. Náms- og starfsráðgjafar sendu nemendum upplýsingar um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða fá upplesið próf, taka próf í tölvu, o.fl. Umsóknarfrestur var nú frá mánudegi 16. nóvember til föstudags 30. nóvember. Einnig fengu allir nemendur póst um fyrirkomulag prófa, prófreglur, aðgengi að eldri prófum og fleira.

en í nokkrum tilfellum sjá kennarar sjálfir um sín próf, þ.e. þar sem mjög fáir taka próf, og er þá ekki um prófskráningarseðla að ræða. Fjölmennustu prófin voru í ensku, stærðfræði og íslensku. Í þessum greinum sleppa mismargir við próf t.d. þeir sem standast símat á önninni eða eins og í ensku þar sem nemendur þurfa einkunn 8 eða hærra til að sleppa við próf.

Umsóknir um sérúrræði fara gegnum Innu og voru samþykkt sérúrræði fyrir 32 nemendur í um 21 námsáfangi, alls 50 próf (nokkrir voru í fleiri en einu prófi). Að auki voru nokkrar beiðnir um sérúrræði afgreiddar og samþykktar seint eða á prófatímanum sjálfum. Beiðið var um upplestur í 18 tilfellum, alls 8 prófum. Hér eru ekki meðtaldar umsóknir um upplestur í stærðfræðiprófum þar sem kennarar hafa ekki lesið upp prófin heldur veitt hverjum og einum nemanda aðstoð eins og þörf krefur. Aðstoðarkerfisstjóri hefur umsjón með upptökum og að koma þeim í stofu 207 á prófatímum en einnig aðstoðar bókavörður kennara við upptök. Mest var um séraðstæður í prófum í stærðfræði, ensku og íslensku en þar eru jafnframt flestir að taka próf. Að þessu sinni var stofa 207 notuð fyrir séraðstæður bæði fyrir fámenni og upplesin próf. Einu sinni þurfti einnig að nota stofu 208. Einn nemandi þreytti próf í einum áfangi í heimabyggð.

Síðustu próf voru á föstudegi og sjúkrapróf á mánudegi. Kennarar bera ábyrgð á prófagerð og útprentun sjúkraprófa en gert er ráð fyrir að próf sé tilbúin deginum áður en eitthvað var um að kennarar birtust með sín próf að morgni prófdags. 26 nemendur tóku sjúkrapróf í 21 námsáfangi. Tveir nemendur tóku tvö próf. Fimm nemendur þreyttu sjúkrapróf vegna prófklemmu.

Vorannarpróf 2019

Lokapróf á vorönn voru heldur færri en á haustönn. Aðstoðarskólameistari birti próftöflu vorannar í byrjun apríl, lítillega breytta frá kynntum drögum. Yfirsetutafla var birt á föstudegi fyrir prófin sem byrjuðu mánudaginn 13. maí. Í mörgum áföngum er mögulegt að sleppa við lokapróf vegna góðs námsgengis og eru nöfn að berast fram á síðustu stundu og er það ástæða þess að yfirsetutafla er birt seinna en áður.

þau óska. Að vanda voru hljóðskrár settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 207 og þar voru einnig nemendur sem óskuðu eftir fámenni. Aðstoðarkerfisstjóri sér um að hafa tilbúna stofu með tölvum en forstöðumaður bókasafns aðstoðar kennara við upplestur á prófum.

Flestir kennarar sinntu yfirsetu í prófum. Þeir sátu yfir í eigin prófum en aðrir voru einu sinni með hlutverk í yfirsetu.

Fyrirlögn sjúkraprófa gekk vel og fóru þau fram í salnum í þetta skiptið. Kennarar þeirra nemenda sem skrá sig veik og koma með vottorð bera ábyrgð á prófum í sínum áföngum. Um 21 nemandi tilkynnti veikindi og var skráður í sjúkrapróf, af þeim mættu 20. Aðeins einn nemandi þreytti sjúkrapróf vegna prófklemmu og einn nemandi þreytti próf í heimabyggð.

3.11 Fjarnám grunnskólanema

Umsjón: Kristín Runólfsdóttir

Fjölbrautaskóli Suðurlands býður nemendum 10. bekkja grunnskóla á suðurlandi fjarnám í kjarnagreinum og dönsku. Fjarnámið er í boði fyrir þá nemendur grunnskólans sem lokið hafa markmiðum 10. bekkjar í viðkomandi kjarnagrein eða dönsku með hæfnieinkunn B+ eða A.

Áfangar að hausti voru stærðfræði, STÆ2AR05, og enska, ENSK2OL05. Einnig var í boði íslenska, ÍSLE2OS05, en aðeins voru skráðir tveir nemendur sem var ekki nægilegt til að kenna hann.

Áfangar að vori voru stærðfræði, STÆR2AF05, enska, ENSK2YL05, og danska, DANS2FJ05. Íslenska, ÍSLE2OS05, var aftur í boði en ekki voru nægilega margir skráðir til að kenna hann.

Mikilvægt er að grunnskólanemendurnir fái góðan stuðning í skólanum sínum og þarf hver grunnskóli að tilnefna tengilið sem hefur umsjón með náminu og er í sambandi við kennara fjarnámsins hér í skólanum. Grunnskóli sér um að sækja um áfanga fyrir hönd nemanda. Kennarar FSu hafa umsjón með fjarnáminu og sjá um allt námsmat sem tengist áfanganum. Í áföngum með lokapróf er prófað í grunnskóla viðkomandi nemanda og sér kennari FSu um að senda lokapróf. Greitt er innritunargjald fyrir þessa nemendur sem annaðhvort sveitarfélag eða forráðamenn greiða.

Á haustönn voru í fjarnámi alls 32 nemendur frá 10 grunnskólum á Suðurlandi. Tveir nemendur hófu nám í tveim áföngum en annar hætti á önninni í öðrum. Í ensku byrjuðu 23 nemendur, 16 luku áfanganum með fullnægjandi einkunn en tveir nemendur féllu. Í stærðfræði hófu 9 nám og 7 luku áfanganum.

Á vorönn byrjuðu í fjarnámi 28 nemendur frá 8 grunnskólum á Suðurlandi. Tveir nemendur voru í tveim áföngum. Í ensku byrjuðu 12 nemendur í áfanganum og öll luku honum með fullnægjandi árangri. Í stærðfræði hófu 6 nám og luku öll áfanganum. Í dönsku hófu 12 nemendur nám í annarbyrjun en 6 luku áfanganum, einn nemandi féll og fimm hættu námi á önninni.

Kennarar í dönsku höfðu ákveðið að ekki yrði í boði danska nema á vorönn. Nú hefur verið ákveðið að bjóða grunnáfanga í dönsku á haustönn og valáfanga í vorönn með svipuðu sniði og gert er í ensku

með yndislestri. Þannig eiga nemendur eftir að taka einn áfanga í dönsku öðru þrepi hér við skólann ef þau velja að koma hingað til náms, eins og er í ensku.

Fjarnámið gekk vel fyrir sig en mikilvægt er að minna á að nemendur sem hefja nám á framhaldsskólastigi þurfa aðhald í grunnskólanum sínum og námsgetu, sjálfstæði og úthald til að sinna náminu á farsælan hátt. Það virðist sem sumir skólar sinni nemendum betur en aðrir að þessu leyti.

Fyrirhugaður var fundur með grunnskólunum og kennurum fjarnámsins hér þriðjudaginn 26. mars en ekki reyndist áhugi fyrir því hjá stjórnendum grunnskólanna og tengiliðum þannig að ekkert varð af því. Ákveðið að boða aftur til fundar á næsta skólaári.

Næsta haust verða í boði í fjarnámi eftirfarandi áfangar: DANS2FJ05, ENSK2OL05, ÍSLE2OS05 og STÆR2AR05. Póstur hefur verið sendur grunnskólunum um fjarnám næsta hausts og er umsóknarfrestur til 14. ágúst.

3.12 Sjálfsmat

Sjálfsmatsnefnd: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Kristín Runólfsdóttir, Þórarinn Ingólfsson.

Inngangur

Fjölbrautaskóli Suðurlands hóf starfsemi sína árið 1981. Skólinn var byggður á grunni iðnskólans á Selfossi. Upphaflega stóðu að stofnun skólans Selfoskaupstaður og ríkisvaldið en á síðari stigum eða 1983 gerðust Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur eignaraðilar að skólanum. Skólinn er núna lykilstofnun í héraðinu og er stærsti vinnustaðurinn. Skólinn hefur haft mikil áhrif á búsetuþróun, menntun og félagslega vitund Sunnlendinga. Áhersla hefur verið lögð á að bjóða sem flestum af skólasvæðinu nám við hæfi. Ávallt hefur verið tekið við öllum nemendum og engum hefur verið synjað sem hefur haft forsendur til þess að stunda nám við skólann. Þróun námsbrauta er stöðug og á skólaárinu sem er að líða hefur verið lögð sérstök áhersla á að vinna að nýrri námskrá sem tengist lögum um framhaldsskóla. Kjörorð skólans eru fjölbreytni – sköpun – upplýsing og hafa þessi orð verið leiðandi í starfseminni.

Nemendum hefur heldur fjölgað aftur eftir að þeim hafði fækkað þegar nám til stúdentsprófs var stytta um eitt ár. Haustönn 2018 voru 789 nemendur við nám í upphafi annar og síðan var 731 nemandi við nám vorið 2019. Dreifing á brautir var fjölbreytileg og er gaman að minnast á það að aðsókn í verknámið hefur aukist verulega. Kennarar skólans hafa sinnt kennslu fanga á Litla Hrauni og í Sogni. Auk þess hafa nokkrir kennarar sinnt fjarkennslu nemenda úr 10 bekkjum grunnskóla á Suðurlandi. Eingöngu hefur verið um að ræða kennslu í einstökum áföngum í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku.



Markmið skólastarfsins eru fjölbreytileg og eru í þau í stöðugri endurskoðun. Markmiðin voru einmitt endurskoðuð á haustönninni og er hægt að sjá hver þau eru í dag með því að fara á heimasíðu skólans og opna <https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/markmid>

Þegar unnið er að sjálfsmatinu er lögð áhersla á að skoða hvort við náum markmiðum okkar. Markmiðin eru flokkuð eftir námi og kennslu, mennsku og starfsumhverfi. Þeim er síðan skipt í nokkra þætti og er misjafnt hvernig hver þáttur er

metinn. Ýmist er um að ræða að kennarar og

nemendur meti eða sjálfsmatshópurinn fari yfir ákveðna þætti sem hægt er að byggja á tölulegum niðurstöðum úr skrásetningu starfsmanna skólans.

Eftir að matinu lauk á síðasta skólaári var brugðist við ýmsu sem kom fram og mátti betur fara. Til dæmis var minnst á að gera þyrfti bragabót á mötuneyti. Þar var gerð ákveðin tilraun sem jók notkunina. Annað sem kom fram var að lýsingu vantaði við vinnuborð kennara og var brugðist við því með því að fjölga lömpum á borðum kennara þ.e. þeirra sem óskuðu eftir því. Ýmislegt fleira var gert í framhaldi af matinu á síðasta skólaári og á eftir að koma í ljós hvort það skilar hefur skilað sér þegar mat fer næst fram á sömu þáttum.

Hópurinn sem hefur umsjón með sjálfsmatinu hittist einu sinni í viku. Fyrsti fundur haustannar fór í það að gera sér grein fyrir hvað það væri sem stefnt væri á að meta á önnunum. Ákveðið var að byrja á að endurskoða markmiðin og fá kennara skólans til að koma að því mati. Á vorönn var sett stefna á að meta nám og kennslu þ.e. hvort við værum að ná markmiðunum sem við höfum sett okkur varðandi námið og kennsluna. Síðar á skólaárinu yrðu kennarar síðan metnir með GNOK (gæðum náms og kennslu) könnuninni. Ákveðið var að allir kennarar skólans yrðu metnir sem og allir áfangar. Nemendur fá þarna tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri varðandi áfanga og einstaka kennara.

Ytri aðstæður skólans hafa verið hagstæðar og hefur skólinn skilað rekstrarafgangi á skólaárinu. Þessi staða hefur gert það að verkum að möguleiki hefur verið á að bæta aðstöðu starfsfólks og kaupa búnað sem sárlega hefur vantað. Rétt að geta þess að skólinn hefur ákveðinn velvilja á svæðinu og því hefur samningsgerð í tengslum við ýmis mál eins og t.d. byggingu sumarhúsa hjá trédeild gengið vel.

Markmið og tilgangur matsins

Innra mat skólans hefur verið í höndum nefndar sem skipuð er þremur einstaklingum. Í nefndinni þetta árið voru Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Kristín Runólfsdóttir og Þórarinn Ingólfsson. Hugsunin á bakvið sjálfsmatið er að reyna að finna veikleika okkar og leita leiða til að bæta starfsemi skólans. Vinna sjálfsmatshópsins á skólaárinu tengdist undirbúningi funda og úrvinnslu úr þeim með því að gera aðgerðaáætlanir. Einnig var unnið með markmiðin sem kennarar höfðu sett fram eftir fund með þeim í september. Þegar unnið var að markmiðunum var stuðst við það sem kennararnir

höfðu sett fram eftir vinnu í hópum. Mikilvægt er einmitt að starfsfólk fái sjálft að setja markmiðin og átti sig þá betur á hverju er verið að vinna að í skólanum. Með því að yfirfara markmiðin á þriggja ára fresti er reynt að koma í veg fyrir að markmiðin eigi ekki lengur við og þar af leiðandi eru þau lifandi og uppfærð. Kennurum líkar vel að fá að koma að vinnunni sem og að ræða þessi mál í sínum hópi.

Aðferðir og framkvæmd matsins

Aðferðir sem notaðar voru við framkvæmd sjálfsmatsins voru fjölbreyttar. Aðallega hefur verið stuðst við skoska sjálfsmatskerfið „ How good is our school“ (HGIOS) þegar hópar hafa verið að meta einstaka þætti markmiða skólans. Lagðir hafa verið fyrir spurningalistar eins og til dæmis í könnun á gæðum náms og kennslu (GNOK). Auk þessa hefur verið farið yfir gátlista sem tengdir eru við markmið skólans. Skoska sjálfsmatskerfið hefur reynst vel og hafa kennarar skólans líst yfir ánægju sinni með að fá að ræða málin frekar en að merkja eingöngu við fyrirfram gefnar spurningar. Varðandi skoska kerfið þá hefur það verið í notkun í Skotlandi frá 1996 og hafa Skotarnir verið með það í stöðugri þróun frá þeim tíma. Kerfið byggir á einkunnagjöf (1 – 6) sem notuð er sem viðmið hvort verið sé að ná góðum árangri eður ei. Sjálfsmatshópurinn fær einkunnir frá hópunum og skoðar allar einkunnir sem eru 3 og undir og vegur og metur hvað hægt sé að gera til þess að bregðast við til úrbóta. Með þessu verður til aðgerðaáætlun sem sjálfsmatshópurinn hrindir í framkvæmd og kemur boðum til réttara aðila.

Á haustönninni var fyrirkomulag matsins þannig að kennurum var skipt í hópa og síðan fengu þeir ákveðinn flokk til að skoða. Tveir hópar fjölluðu til dæmis aðeins um stjórnun og komu með hugmyndir að markmiðum stjórnunar. Aðferðin var þannig að fyrst fengu þessir kennarar nokkrar mínútur til að láta sé detta í hug ýmis markmið tengd stjórnun og síðan áttu þeir að tala sig niður á



sameiginlega niðurstöðu. Það sem kom út úr þessum samræðum var borið saman við þáverandi markmið og tillaga gerð að framtíðarmarkmiðum. Þegar kom fram á vorönn voru markmiðin klár og þá var hægt að fara að meta fyrsta hluta þeirra með sjálfsmatskerfi okkar.

Hér að neðan má sjá í hverju starf sjálfsmatsnefndar fólst á skólaárinu

Sjálfsmatshópurinn fundaði vikulega og urðu fundirnir alls 23 á skólaárinu. Starf hópsins fólst í því að undirbúa matsfundina, vinna úr niðurstöðum, kynna niðurstöður og vinna síðan að aðgerðaáætlun. Í upphafi var ákveðið að fundur yrði haldinn með starfsfólki til þess að vinna að markmiðunum. Markmiðin eru endurskoðuð á þriggja ára fresti og var ákveðið að hafa þennan fund 14. september. Eftir fundinn fór mikill tími í það hjá nefndinni að yfirfara niðurstöður fundarins og setja saman ný markmið. Undir lok haustannar var því starfi lokið.

Byrjað var við upphaf vorannar 2019 að ákveða hvað gera ætti á önninni og hverjar væru áherslurnar. Ákveðið var að skoða nám og kennslu og leggja fyrir GNOK (gæði náms og kennslu) könnun í Innu.

Nám og kennsla voru metin með kerfinu okkar (HGIOS) og síðan var GNOK könnunin lögð fyrir í gegnum Innu. Tímasetningar á þessum könnunum voru þannig að mat á námi og kennslu fór fram 15. febrúar og síðan var GNOK lagt fyrir undir lok apríl.

Eftir að matsfundi lauk á vorönn var gerð aðgerðaáætlun og lögð áhersla á að taka þá þætti fyrir sem komu illa út og þörfnuðust viðbragða. Gerð var tilraun undir lok annar til þess að fá fólk til að setja límmiða á veggspjald þar sem fram kom hvernig kjörorð skólans fjölbreytni – sköpun og upplýsing tengdust kennslu viðkomandi. Taka verður fram að þessi tilraun misheppnaðist vegna þess að kennarar voru ekkert að skoða þetta spjald og höfðu greinilega lítinn áhuga á að velja þessu fyrir sér. Sjálfsmatshópurinn er ávallt að meta og endurskoða framkvæmd matsins og má ýmislegt alltaf betur fara eins og kynningar á því sem hefur verið gert. Einnig þarf að leggja meiri áherslu á að kanna stöðu skólans gagnvart nærsamfélaginu, foreldrum og fyrirtækjum.

Niðurstöður matsins

Fátt er hægt að segja um niðurstöður mats af haustönninni annað en að starfsmenn voru ánægðir með að fá að setja markmiðin fram sjálfir í stað þess að stjórnendur væru einir að því. Þegar rýnt var í markmiðssetninguna og tillögur frá starfsmönnum var ekki um miklar breytingar að ræða en tekið var tillit til þeirra þegar gengið var frá nýjum. Þegar skoðaðar voru niðurstöður mats á námi og kennslu kom ýmislegt fram sem ákveðið var að reyna að bregðast við. Sumt af því sem kom fram var hægt að bregðast við á einfaldan hátt en annað var erfiðara. Það sem hægt er að nefna hér sem dæmi um það sem betur mætti fara er að búnað í kennslustofum í 1ðu mætti bæta, kennsluáætlanir mættu vera skýrari og stofna mætti til umræðufundar um stöðu og stefnu skólans. Fleira kom fram eins og til



dæmis að athuga möguleika á samstarfi á milli námsgreina í heimildarritun á 3ja þrepi. Þessum atriðum hefur verið komið til kennara og viðkomandi aðila sem geta brugðist við á viðeigandi hátt.

Undir lok vorannar var GNOK könnunin lögð fyrir í öllum áföngum og hjá öllum kennurum. Könnunin var sett fram í Innu og voru allir nemendur minntir á að taka þátt. Þátttaka var því miður ekki alveg nægilega góð en svarhlutfall var rétt um 40%. Könnunin sem lögð er fyrir byggir á könnun sem fyrst var lögð fyrir 2003 og því eru niðurstöður mjög samanburðarhæfar sem er auðvitað mjög jákvætt og gott. Niðurstöður eru mjög svipaðar og undangengin ár. Nemendur eru almennt ánægðir með kennarana og kennsluna. Kennurum var birt niðurstaðan eftir að niðurstöður námsmats lágu fyrir og þeir beðnir um að skoða niðurstöður sínar. Aðeins skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa aðgang að niðurstöðum allra.

Almennt má segja um niðurstöður matsins að það gefi vísbendingar um gott starf innan stofnunarinnar og bæði nemendum og starfsfólki líði nokkuð vel á vinnustaðnum. Alltaf koma fram einhverjar athugasemdir þegar verið er að meta svona stóra stofnun. Eðlilegt er að svo sé og því þarf einfaldlega að reyna að bregðast við eins fljótt og auðið er þannig að það sem er að valdi ekki áframhaldandi óþægindum og ama. Með tilliti til þess hefur sjálfsmatshópurinn reynt að setja fram

aðgerðaáætlun til þess að bregðast við athugasemdum. Aðgerðaáætlun verður aldrei tæmandi en hún gerir það að verkum að verkefnum er komið á ákveðna einstaklinga og síðan er hægt að fylgjast með að unnið hafi verið í málunum. Næsta sjálfsmat þegar verið er að meta sömu hluti ætti þá að sýna breytta og betri niðurstöðu að því gefnu að unnið hafi verið að úrbótum.

Samantekt og ábendingar

Innra mat skólans hefur verið í nokkuð föstum skorðum, áhersla er lögð á að meta markmiðin með reglulegu millibili og að fá sem flesta til þess að taka þátt. Á liðnu skólaári voru það aðallega kennarar og nemendur sem tóku þátt í matinu. Aðrir starfsmenn voru þó sums staðar þátttakendur og fengu að leggja fram sínar skoðanir.

Ástæða er til að velta fyrir sér hver ástæðan er fyrir lélegri þátttöku í könnun á gæðum náms og kennslu (GNOK). Það að aðeins sé um 40% svörun kallar fram spurningar og vangaveltur. Hugsanlegt er að nemendur telji að það að svara svona könnun geti haft áhrif á mat kennara á þeim. Reynt var að koma í veg fyrir það með því að láta nemendur vita að kennarar fengju niðurstöðuna eftir að einkunngjöf væri lokið. Einnig voru þeir að sjálfsögðu látnir vita af því að ekki væri á nokkurn hátt hægt að rekja svörin þannig að vitað væri hver hefði svarað.

Lögð er áhersla á að meta skólastarfið á hverri önn og því fer mikil vinna og orka í það að velta fyrir sér hvernig eigi að meta og hvað skili mestum árangri. Spurning er hvort of mikil áhersla sé lögð á sjálfsmatið með því að vera að sinna matsstörfum á hverri einustu önn. Augljóst er að stundum eru kennarar orðnir þreyttir á því að vera að meta skólastarfið enn eina ferðina og því ætti kannski að velta fyrir sér áherslubreytingum. Það gæti verið gott að leggja mikla áherslu á sjálfsmat eina önnina og síðan að minnka áhersluna á þeirri næstu. Sjálfsmatsvinnan væri því eins og öldurnar. Það væru toppar en síðan kæmu öldudalir þar sem fólk fengi aðeins að anda á milli og áhersla væri á aðra hluti á meðan.

Gott er að hafa í huga þegar sjálfsmatið fer af stað aftur að reyna þá að ná á einhvern hátt til fleiri aðila og þá er sérstaklega verið að hugsa um fyrirtæki, stofnanir og forráðamenn nemenda. Fyrir stofnun eins og FSu er gott að vita hvernig mat hún fær í samfélaginu.

Umbótaáætlun

Mat er framkvæmt til þess að leita að veikleikum. Þegar veikleikarnir eru fundnir þarf að bregðast við þeim. Sé um flókið mál að ræða þarf að gera áætlun til lengri tíma. Niðurstöður sjálfsmats okkar gefa hins vegar tilefni til þess að bregðast við með því tala við ákveðna einstaklinga innan stofnunarinnar og fá þá til þess að taka eitthvað að sér sem þarfnast lagfæringar. Oft eru þetta lítil atriði sem auðvelt er að breyta og því þarf ekki mikla aðgerðaáætlun til þess ná fram umbótum. Sjálfsmatshópurinn gerði aðgerðaáætlun eftir að starfsmenn höfðu skoðað markmið náms og kennslu. Sú aðgerðaáætlun byggir einmitt á því að bregðast við einstökum atriðum frekar en að um stór og mikil mál sé að ræða. Ábyrgð þess að brugðist sé við einstökum atriðum er á herðum sjálfsmatshópsins það er að hrinda hlutunum í framkvæmd og minna á það sem gera þarf í tengslum við umbæturnar.

Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan

- Nám og kennsla (GNOK) – unnið.
- ✚ H 2012
 - Mennska – unnið. Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.
- ✚ V2013
 - Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
 - Heimasíða skólans var metin.
 - Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.
- ✚ H 2013
 - Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
 - Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.
- ✚ V 2014
 - Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust **viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum**. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
 - Könnun var lög fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja fyrir aftast í fylgiskjölum.
 - Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
 - Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.
- ✚ H 2014
 - Mennskan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
 - Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.
- ✚ V2015
 - Jafningjamat fór fram.
 - GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum
 - Ytra mat var framkvæmt.
 - Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.
- ✚ H 2015
 - Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð.
 - Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn.
- ✚ V 2016
 - Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð.
 - Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksölnunni.
- ✚ H 2016

- Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „how good is our school“ kerfinu. Í september.
- Skólapúlsin verður lagður fyrir í fjórða sinn.

✚ V 2017

- Nám og kennsla (GNOK).
- Menntan verður einnig tekin fyrir á þessari önn.

✚ H 2017

- Starfsumhverfi verður metið (H)
- Skólapúlsinn?
- Verkferlar metnir/skráðir/birtir á heimasíðu

✚ V 2018

- Taka fyrir allt sem ekki er merkt í markmiðum með (H)
- Hvernig getum við metið grunnþættina (erum við að sinna þeim?) → setja það inn til kennara á sjálfsmatsfund.

✚ H 2018

- Endurskoða markmið skólans

✚ V 2019

- Nám og kennsla metið?
- GNOK lagt fyrir aftur.

Áætlun um sjálfsmat

- H 2019
- mennta (nemendur, stjórnun og samstarf við aðra).
- V 2020
- starfsumhverfi (upplýsingar, rekstur, aðbúnaður o.fl.) og GNOK.
- H 2020
- skoða sjálfsmatskerfið með starfsfólki.
- V 2021
- Meta markmiðin og GNOK

Fylgiskjöl sjálfsmatsskýrslu

Sjálfsmat 14. september 2018

Þátttakendur: kennarar skólans

Vinnuferli:

Á fundinum í dag á að ræða markmið skólans.

Hver eiga markmið skólans að vera?

- Skipt verður í 14 hópa.
- Hóparnir ræða mismunandi flokka markmiða (nám, kennsla, stjórnun, o.s.frv.)
- Hver hópur fær fyrst 3-5 mínútur þar sem hver og einn lætur sér detta í hug eins mörg markmið og hann getur og skráir á miða sem fara í sameiginlega hrúgu (líkt og á skólafundi). Athugið að hugmyndin er að skrá niður hver markmiðin ættu að vera, ekki endilega hvernig þau eru í dag.
- Hópurinn fer sameiginlega yfir þau markmið með gagnrýnum huga og talar sig niður á sameiginlega niðurstöðu hópsins sem ritari skráir niður.
- Að lokum eru nýju markmiðin borin saman við þau markmið sem fyrir eru (útprintað af heimasíðu). Sum gömlu markmiðana eru úrelt en mögulegt er að hópurinn vilji nota einhver gömlu markmiðana og bæta þeim í sín eigin, þá má vísa til þeirra með rómversku tölunum.
- Skila lokaniðurstöðu í möppu sem hefur slóðina:

H:\starfsfolk\Sjalfsmat\Fundur 14. september 2018

Merkja skal skjalið (Hópur 1, Hópur 2, Hópur 3, o.s.frv.)

Hópar 1 og 8: *Nám*

Hópar 2 og 9: *Kennsla*

Hópar 3 og 10: *Nemendur*

Hópar 4 og 11: *Stjórnun*

Hópar 5 og 12: *Samstarf við aðra*

Hópar 6 og 13: *Fjármál, rekstur og aðbúnaður*

Hópar 7 og 14: *Upplýsingar*

Endurskoðuð markmið haust 2018

a. Nám

i. Námsframboð verði endurskoðað á hverri önn, með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla. (H)

- Boðið sé upp á fjölbreyttar námsbrautir og áhugaverða áfanga. (H)

ii. Nemendur sem leggja sig fram í námi og/eða sýna árangur sé umbunað. (H)

iii. Áherslur í námi:

- Nemendur fái nám við hæfi þar sem grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. (H)

- Að nám sé í tengslum við þróun í atvinnulífinu. (H)

b. Kennsla

i. Kennsluhættir séu fjölbreyttir, í stöðugri þróun og taki mið af ólíkum þörfum nemenda. (K)

ii. Stuðlað sé að endurmenntun kennara. (H)

- iii. Aðbúnaður til kennslu sé sem bestur. (H)
- iv. Lögð er áhersla á gæðakennslu.
 - Að 90% nemenda telji að kennslan í skólanum sé mjög góð eða góð. (K)
 - Stutt sé við faglegt starf og nýbreytni innan námsgreina. (H)
 - Samstarf sé milli námsgreina. (H)
 - Faglegt starf sé innan námsgreina og deilda. (H)
- v. Kennsluáætlanir séu skýrar, aðgengilegar og uppfærðar. (G)
- vi. Niðurstöður námsmats eru rýndar í lok hverrar annar. (G)
- vii. Þörfum um fjölbreytt metnaðarfullt nám á Suðurlandi sé mætt með kennslu í dagskóla. (H)
- viii. Skólinn býður upp á fjarnám í kjarnagreinum og dönsku fyrir grunnskólanemendur sem náð hafa hæfniviðmiðum 10. bekkjar. (G)
- ix. Skólinn sé opinn fyrir nýjungum í kennslu. (H)
- x. Boðið sé upp á besta fánlega kennsluefnið á hverjum tíma. (H)

a. Nemendur

- i. Nemendum líði vel í skólanum. (K)
 - að minnsta kosti 95% nemenda líði vel eða mjög vel í skólanum.
 - að 90% nemenda séu ánægðir með veruna í FSu.
 - að 90% nemenda séu ánægðir með aðstöðuna í skólanum.
 - að 90% nemenda séu ánægðir með félagslífið.
- ii. Skólinn stuðli að því að efla gagnrýna hugsun og styrki siðferðiskennd nemenda. (H)
- iii. Brottfall frá upphafi til loka hverrar annar verði undir 9,0%. (G)
- iv. Náms- og starfsráðgjöf:
 - Standi vörð um velferð nemenda, styðji þá í námi og aðstoði við val á framhaldsnámi. (H)
 - Styðji við nemendur með greiningar og nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum. (H)
- v. Nemendur séu upplýstir um þær námsleiðir sem bjóðast. (H)
- vi. Skólinn veiti nemendum með sérþarfir þjónustu. (H)
- vii. Skólinn stuðli að bættu heilbrigði og þroska nemenda. (H)
- viii. Stuðlað sé að styrkari sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda. (H)
- ix. Unnið sé að forvörnum í tengslum við tóbak, áfengi og fíkniefni. (H)
- x. Spornað sé gegn sjálfseyðandi hegðun. (H)
- xi. Stuðla að jákvæðu andrúmslofti í skólanum þar sem gagnkvæm virðing ríkir. (K)
- xii. Stuðlað sé að öflugu félagslífi nemenda á skólatíma. (H)
- xiii. Einelti er ekki liðið. (K)

b. Stjórnun

- i. Lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í skólanum. (H)
- ii. Starfsfólk sé ráðið með tilliti til réttinda og hæfni (sbr. starfsmannastefna, jafnréttisáætlun). (H)
- iii. Unnið verði eftir gæðamatskerfi skólans. (H)
 - að greina styrkleika/veikleika skólasamfélagsins. (H)
- iv. Líðan starfsmanna og ánægja í starfi sé góð. (K)
 - Góður starfsandi (90% mjög góður eða góður).
 - Ánægja í starfi (90% mjög ánægðir eða ánægðir).
 - Góð vinnuaðstaða (90% mjög góð eða góð).
 - Ánægja með stjórnun skólans, stjórnendur séu réttlátir, skapi traust og taki tillit til gagnrýni (90% mjög ánægðir eða ánægðir).
- v. Starfsmannaviðtöl verði fastur liður í starfi stjórnenda. Stefnt skal að starfsmannaviðtali við hvern einstakling a.m.k. annað hvert ár. (G)
- vi. Unnið sé að verkefninu „Skólinn í okkar höndum“. (T)
- vii. Unnið verði markvisst að þróunarmálum. (H)

- viii. Rannsóknnum á skólastarfinu verði haldið áfram. (H)
- ix. Gagnkvæm virðing ríki milli stjórnenda, kennara, annars starfsfólks og nemenda. (K)
- x. Stjórnendur sýni starfsfólki skólans faglegt traust. (H)
- xi. Starfsmannafélag vinni að jákvæðum félagsanda meðal starfsfólks. (H)
- xii. Kennarafélag vinni að hagsmunum kennara. (H)
- xiii. Skipurit skólans sé skýrt. (G)
- xiv. Stjórnendur skólans leiðbeini nýjum starfsmönnum. (H) Kennslustjórar/fagstjórar sjá um aðlögun nýrra kennara fyrsta árið. (H)

c. Samstarf við aðra

- i. Skapaður sé farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu. (H)
- ii. Áfram verði unnið í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands (FnS) og Háskólafélag Suðurlands (HFSu). (H)
- iii. Skólinn hafi skýra forvarnarstefnu og starfi með sveitarfélögum á svæðinu. (H)
- iv. Samstarf sé við foreldrafélag skólans. (G)
- v. Þrískólasamstarfi (FVA, FS og FSu) verði haldið áfram. (H)
- vi. Skólinn eigi faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins. (H)
- vii. Skapa farveg fyrir tengsl við atvinnulífið/samfélagið. (H)
- viii. Skólinn styðji við Hollvarðasamtök skólans. (H)
- ix. Erlend samskipti:
 - Veiti nemendum skólans á sem flestum sviðum/brautum tækifæri til að kynnast og upplifa menningu annarra þjóða. (H)
 - Auki víðsýni og samkennd nemenda. (H)
 - Stuðli að aukinni hæfni nemenda í þeim námsgreinum sem þeir leggja stund á. (H)
 - Styrki kennara skólans faglega og eflí sjálfstraust þeirra, sjálfstæði og víðsýni. (H)
 - Kynni skólann og umhverfi hans. (H)
- x. Stuðlað sé að góðri ímynd skólans. (H)
- xi. Skólinn er í samstarfi við ýmis félög og samtök (H)

3. Starfsumhverfi

a. Fjármál, rekstur og aðbúnaður

- i. Rekstur uppfylli náms- og uppeldismarkmið skólans og sé innan marka fjárlaga. (G)
- ii. Mötuneyti gefi nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði. (H)
- iii. Mötuneyti nemenda verði rekið án halla. (G)
- iv. Nýting og uppbygging húsnæðis sé í stöðugri endurskoðun með tilliti til þarfa nemenda og starfsfólks.(H)
- v. Vinnuaðstaða kennara verði ávallt heilsusamleg og í takt við kröfur hvers tíma.(H)
- vi. Stefnt skal að því að umgengni í skólanum sé ávallt í góðu lagi.(H)
- vii. Fyrirbyggja skal slysaættu af vélum, tækjum og skaðlegum efnum sem notuð eru í skólanum. (H)
- viii. Tölvukerfi skólans sé öflugt, öruggt og áreiðanlegt:
 - nemendur og starfsfólk geti nýtt sér upplýsinga- og tölvutækni. (H)
 - auðveldi samskipti nemenda og starfsfólks. (H)
 - haldi utan um og varðveiti á öruggan hátt upplýsingar er varða skólann. (H)
- ix. Skólinn stuðlar að því að nemendur geti stundað nám við skólann með sem minnstri röskun á búsetu. (H)

b. Upplýsingar

- i. Vefur skólans sé aðgengilegur og endurspegli skólanámskrá FSu og hann sé kynntur nemendum og starfsfólki árlega. (H)

- ii. Tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið séu aðgengilegar meðal annars á upplýsingaskjám og heimasíðu skólans. (H)
- iii. Skrifstofa annist ýmsa þjónustu, haldi utan um og miðli upplýsingum er varða skólasamfélagið. (H)
- iv. Bókasafn veiti nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar. (H)
- v. Dagatal veiti greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífinu s.s vettvangsferðum og félagslífi nemenda. (H)
- vi. Fréttum sé haldið úti á vefmiðlum skólans. (H)
- vii. Nemendur og starfsfólk skólans viti hvernig eigi að bregðast við skyndilegum áföllum. (H)
- viii. Upplýsingar um hverjir starfa við skólann séu aðgengilegar. (G)
- ix. Skýrslur dragi saman upplýsingar um einstaka þætti skólastarfsins og auki upplýsingaflæði. (H)
- x. Saga skólans sé sýnileg. (G)

Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 15. febrúar 2019

Þátttakendur: Starfsmenn skólans

Vinnuferli:

1. Á fundinum í dag á að skoða markmið FSu - lykilþátt 1, Nám og kennslu.
2. Skipt verður í 14 hópa.
3. Hópar meta mismunandi markmið, sjá lista neðar.
4. Svör skulu rökstudd með fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum).
5. Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast).

Þegar komið er að því að gefa fullyrðingunum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 3 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

Hvert á að skila niðurstöðum?

Hver hópur skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:

H:\Sjalfsmat\Fundur 15. febrúar 2019

Merkja skal skjalið (Hópur 1, Hópur 2, Hópur 3, o.s.frv.)

Verkefnin eru:

a. Hópar 1 og 6

1. Námsframboð er endurskoðað á hverri önn, með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla.

2. FSu býður upp á fjölbreyttar námsbrautir og áhugaverða áfanga.
3. Nemendum sem leggja sig fram í námi og/eða sýna árangur er umbunað.

a. Hópar 2 og 7

4. Nemendur fá nám við hæfi þar sem grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi.
5. Nám í FSu er í tengslum við þróun í atvinnulífinu.
6. Kennsluhættir eru fjölbreyttir, í stöðugri þróun og taka mið af ólíkum þörfum nemenda.

a. Hópar 3 og 8

7. Stuðlað er að endurmenntun kennara.
8. Aðbúnaður til kennslu er góður.
9. Stutt er við faglegt starf og nýbreytni innan námsgreina.

a. Hópar 4 og 9

10. Samstarf er milli námsgreina.
11. Faglegt starf er innan námsgreina og deilda.
12. Kennsluáætlanir eru skýrar, aðgengilegar og uppfærðar.

a. Hópar 5 og 10

13. Þörfum um fjölbreytt metnaðarfullt nám á Suðurlandi er mætt með kennslu í dagskóla.
14. Skólinn er opin fyrir nýjungum í kennslu.
15. Boðið er upp á besta fáanlega kennsluefnið á hverjum tíma.

Niðurstöður hópa af vinnufundum 15. febrúar 2019		Einkunn	Einkunn
		Hópur 1	Hópur 6
1	Námsframboð er endurskoðað á hverri önn, með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla.	2	5
2	FSu býður upp á fjölbreyttar námsbrautir og áhugaverða áfanga.	2	6
3	Nemendum sem leggja sig fram í námi og/eða sýna árangur er umbunað.	2	5
		Hópur 2	Hópur 7
4	Nemendur fá nám við hæfi þar sem grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi.	6	4
5	Nám í FSu er í tengslum við þróun í atvinnulífinu.	4	4
6	Kennsluhættir eru fjölbreyttir, í stöðugri þróun og taka mið af ólíkum þörfum nemenda.	6	4
		Hópur 3	Hópur 8
7	Stuðlað er að endurmenntun kennara	5	4
8	Aðbúnaður til kennslu er góður	3	4
9	Stutt er við faglegt starf og nýbreytni innan námsgreina	4	4
		Hópur 4	Hópur 9
10	Samstarf er milli námsgreina.	5	4
11	Faglegt starf er innan námsgreina og deilda.	5	3
12	Kennsluáætlanir eru skýrar, aðgengilegar og uppfærðar.	5	3
		Hópur 5	Hópur 10
13	Þörfum um fjölbreytt metnaðarfullt nám á Suðurlandi er mætt með kennslu í dagskóla.	5	4
14	Skólinn er opin fyrir nýjungum í kennslu.	4	5
15	Boðið er upp á besta fánlega kennsluefnið á hverjum tíma.	3	5

Aðgerðaáætlun

1) Bregðast við athugasemdum vegna aðstöðu í kennslustofum í lðu, glymjandi, kuldalegt. Athuga að setja tappa undir stólana.

Athugasemd: Aðstoðarskólameistari fær húsverði til að setja filt-tappa undir stóla sem er tímabundin lausn. Stólum verður skipt út fljótlega.

2) Umræða á kennarafundi/skólafundi. - Hvert stefnum við? Hvernig skóli er FSu? Hvernig viljum við að skólinn þróist?

Athugasemd: Vinna með kjörorð skólans. Texti á plakat: **Hvernig vinnum við eftir kjörorðunum okkar: Fjölbreytni – Sköpun – Upplýsing?** Stórt plakat sett í þrjú húsin okkar og post-it miðar með. Sjáum hvað kemur út úr því og hvort ástæða sé til að taka þetta fyrir á kennarafundi.

3) Setja upplýsingar um styrkjamöguleika inní handbók fyrir nýja kennara.

Athugasemd: . Á vefnum eru þessar upplýsingar á slóðinni: <https://www.fsu.is/is/um-skolann/starfsfolk/handbok-kennara> Ákveðið að bæta við upplýsingum um Sprotasjóð. Slóð: <http://www.sprotasjodur.is/>

4) Athuga möguleika á samstarfi milli námsgreina í heimildaritun á 3ja þrepi.

Athugasemd: Hér er verið að spyrja um möguleika á samstarfi milli námsgreina í heimildaritun á 3ja þrepi. Þetta mun verða mjög flókið í framkvæmd sérstaklega vegna launamála. Ein hugmynd gæti

verið að tengja ritunina við annan áfanga, á 3ja þrepi, sem nemandinn er í. Nemandinn væri þá í heimildaritun og t.d. félagsfræði.

5) Hugmynd: Nýta deildarfundi fyrir kynningar á hvað kennarar eru að gera í áföngum, á hverjum fundi gæti einn kennari eða samkennarar kynnt hvað þeir eru að gera.

Athugasemd: Stefnt að því að koma þessu í framkvæmd á næsta skólaári.

6) Kennsluáætlanir þurfa að vera skýrar þannig að vinnuálag milli hópa sé sambærilegt.

Athugasemd: Kennarar minntir á þennan þátt af sviðsstjórum.

Vegna GNOK könnunar

Tölvupóstur sem skólameistari sendir á nemendur

Vikuna 1. – 12. apríl stendur yfir könnun í skólanum á gæðum náms og kennslu (skammstafað GNOK). Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans og er lögð fyrir í öllum námshópum. Markmiðið er að kanna viðhorf nemenda til gæða náms og kennslu í öllum áföngum þannig að nemandi sem er í t.d. fimm áföngum svarar könnun fyrir hvern áfanga. Nemendur eru beðnir að svara könnuninni af hreinskilni og samviseki. Könnun er nafnlaus.

Tölvupóstur sem skólameistari sendir á kennara

Vikuna 1. – 12. apríl stendur yfir könnun í skólanum á gæðum náms og kennslu (skammstafað GNOK). Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans og er lögð fyrir í öllum námshópum. Markmiðið er að kanna viðhorf nemenda til gæða náms og kennslu í öllum áföngum þannig að nemandi sem er í t.d. fimm áföngum svarar könnun fyrir hvern áfanga. Nemendur eru beðnir að svara könnuninni af hreinskilni og samviseki. Könnun er nafnlaus.

Niðurstöður könnunar eru aðgengilegar kennurum í viðkomandi áföngum. Aðeins skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa aðgang að niðurstöðum.

Í upphafi könnunar:

Nemendur eru beðnir að svara könnuninni af hreinskilni og samviseki. Könnun er nafnlaus.

Niðurstöður GNOK könnun 2019

